

# Birtingarmyndir kynferðislegrar áreitni innan íslenskra starfstétta

Innihaldsgreining á hluta af #metoo frásögnum kvenna

---

Ásrún Ósk Einarsdóttir, Rúna Sævarsdóttir og Tanja M. Ísfjörð Magnúsdóttir

## HUG- OG FÉLAGSVÍSINDASVIÐ

Lokaverkefni til

BA gráðu í sálfræði

Sálfræðideild

Mai 2019

**Birtingarmyndir kynferðislegrar áreitni innan  
íslenskra starfstétta: Innihaldsgreining á hluta af  
#metoo frásögnum kvenna**

Ásrún Ósk Einarsdóttir, Rúna Sævarsdóttir og Tanja M. Ísfjörð  
Magnúsdóttir

12 eininga lokaverkefni  
sem er hluti af  
*Bachelor of Arts-prófi í sálfræði*

Leiðbeinandi  
Arndís Bergsdóttir

Sálfræðideild  
Hug- og félagsvísindasvið  
Háskólinn á Akureyri  
Akureyri, maí, 2019

Titill: Birtingarmyndir kynferðislegrar áreitni innan íslenskra starfstétta: Innihaldsgreining á hluta af #metoo frásögnum kvenna

Stuttur titill: Innihaldsgreining á hluta af #metoo frásögnum kvenna  
12 eininga lokaverkefni sem er hluti af Bachelor of Arts-prófi í Sálfræði

Höfundarréttur © 2019 Ásrún Ósk Einarsdóttir, Rúna Sævarsdóttir og Tanja M. Ísfjörð Magnúsdóttir

Öll réttindi áskilin

Sálfræðideild  
Hug- og félagsvísindasvið  
Háskólinn á Akureyri  
Sólborg, Norðurslóð 2  
600 Akureyri

Sími: 460 8000

Skráningarupplýsingar:

Ásrún Ósk Einarsdóttir, Rúna Sævarsdóttir og Tanja M. Ísfjörð Magnúsdóttir, 2019, B.A. verkefni, Sálfræðideild, Hug- og félagsvísindasvið, Háskólinn á Akureyri, 89 bls.

Prentun: Ásprent  
Akureyri, maí, 2019

## Útdráttur

Meginþema þessarar rannsóknar var að skoða birtingarmyndir kynferðislegrar áreitni á milli ákveðinna starfstétta á íslenskum vinnumarkaði. Stuðst var við frásagnir íslenskra kvenna sem birtar voru í *Me too hreyfingunni*. Me too hreyfingin er barátta kvenna um allan heim gegn kynferðislegri áreitni og ofbeldi. Með hreyfingunni vildu konur varpa ljósi á það hversu umfangsmikið vandamál kynferðisleg áreitni og ofbeldi er. Áhersla var lögð á hreyfinguna hér á landi. Rannsóknarspurningarnar sem leitast var svara við voru *Hvernig birtist kynferðisleg áreitni innan ákveðinna íslenskra starfstétta sem stigu fram í kjölfar Me too hreyfingarinnar?* og *Hver er það sem beitir þeirri kynferðislegu áreitni?* Framkvæmd var innihaldsgreining á hluta af #metoo frásögnunum, þ.e. frá konum í sviðslistum og kvikmyndagerð, í stjórnámálum, í heilbrigðisþjónustu og konum í flugi, til að reyna að svara rannsóknarspurningunum. Með innihaldsgreiningunni var leitað svara um hvernig áreitni væri að ræða. Einnig voru þær birtingarmyndir kynferðislegrar áreitni, sem komu í ljós, bornar saman á milli áður nefndra starfstétta. Við þann samanburð var stuðst við femínísk hugtök, en ásamt því var einnig notast við valda kenningar. Áhugavert var að leita svara við seinni spurninguni til að sjá birtingarmynd valdamisræmis innan starfstéttanna. Líkt og við innihaldsgreininguna var litið til femínískra hugtaka og hugmyndafræði í leit af þeim svörum. Skoðuð voru þau markmið sem fylgdu frásögnum kvennanna sem stigu fram og hvort þeirra kröfum hafi verið mætt. Einnig vöknudu vangaveltur um það af hverju konur fengu hljómgrunn fyrst núna, þar sem frásagnir í kjölfar Me too hreyfingarinnar höfðu að geyma sögur um áreitni sem átti sér stað fyrir mörgum árum. Sömuleiðis eru frásagnir frá konum sem fá litla sem enga áheyrn. Niðurstöður leiddu í ljós að kynferðisleg áreitni þreifst innan allra stétta. Birtingarmyndirnar eru mismunandi, t.d. í formi þöggunar, umræðuleysis og valdamisræmis. Með notkun femínískra hugtaka fékkst yfirsýn yfir það hvernig valdamisræmi kynjanna þrífst í feðraveldinu m.a. í formi kynhlutverka. Undirskipun vegna þeirra kynhlutverka spilar síðan þátt í viðhalda þöggun og svipta konur rödd sinni.

Lykil hugtök: Me too, innihaldsgreining, kynferðisleg áreitni, valdamisræmi, þöggun

## **Abstract**

The aim of this research was to see how sexual harassment takes form between certain professions in the Icelandic labour market. The stories from Icelandic women published in the Me too movement in Iceland were used for the research. The Me too movement is an international movement for women against sexual harassment and violence. With the movement, women wanted to shed a light on how extensive sexual harassment and violence is. The focus in this study was on the movement in Iceland. The research questions were *How does sexual harassment take form within certain Icelandic profession that stepped forward with their stories following the Me too movement?* and *Who is the perpetrator in each profession?* To find the answer for those questions, a content analysis on the stories from women in performing arts and filmmaking, in politics, in healthcare and women in flight, was made. By doing so, we were trying to find out what kind of sexual harassment takes form within the professions mentioned above. Then, the previously mentioned professions were compared, regarding to the type of sexual harassment found out to be within the professions. When doing the comparison, a feminist ideology and concept were used, as well as power theories. It was interesting to look for answers for the second research question, to see how power discrepancies appears within the professions. As same as with the previous research question, a feminist ideology and concepts were used to help find the answer. The study also looked at which goals and demands the women had when they stepped forward and told their stories, and if these demands had been responded to. One perspective that came up during the research, was why women got so much adherent now, but not sooner. The stories contained reports of sexual harassments that had happened for many years ago. Also reports from women who had opened up and told people about their experience, but no one listened to them. The findings suggested that sexual harassment thrives inside all the professions mentioned. How it appears, differ between professions, in the form of silencing, lack of discussion and power discrepancies. With the use of feminist ideology, an overview over the power discrepancies between the sexes, and how it thrives within the patriarchy, for example in the form of gender roles, was gotten. The subordination because of these gender roles play a big role in maintaining the silencing and depriving women of their voices.

Key terms: Me too, content analysis, sexual harassment, gendered power discrepancy, silencing

## **Formáli**

Ritgerð þessi er 12 eininga (ESCT) lokaverkefni til BA prófs í sálfræði við Hug- og félagsvísindasvið Háskólans á Akureyri. Við viljum þakka leiðbeinanda okkar, Arndísi Bergsdóttur, lektor við Háskólann á Akureyri, fyrir faglega leiðsögn, stuðning og hvatningu. Arndís sýndi efnisvali okkar mikinn áhuga og var það okkur mikil hvatning í gegnum skrifin. Kjartan Ólafsson, lektor við Háskólann á Akureyri, fær þakkir fyrir aðstoð við efnisval og leiðbeiningar í rétta átt hvað varðar skrifin. Viljum við einnig þakka góðum hópi femínista fyrir góð og skjót svör við öllum þeim vangaveltum sem við höfðum. Sérstakar þakkir fær dr. Silja Bára Ómarsdóttir fyrir yfirlestur og góðar leiðbeiningar. Að lokum viljum við þakka fjölskyldu og vinum fyrir þolinmæði og stuðning í okkar garð við vinnslu þessarar rannsóknar, og ekki síst í gegnum allt námið.

Efnisyfirlit	
Útdráttur .....	iii
Abstract .....	iv
Formáli .....	v
Efnisyfirlit .....	vi
Myndrit .....	viii
<b>1 Inngangur .....</b>	<b>1</b>
<b>2 Sögulegt yfirlit .....</b>	<b>3</b>
<b>2.1 Saga Jafnréttisbaráttu á Íslandi.....</b>	<b>3</b>
<b>2.2 Skortur á heimildum .....</b>	<b>4</b>
<b>2.3 Áratugurinn 1990-1999.....</b>	<b>5</b>
<b>3 Fræðileg umfjöllun.....</b>	<b>7</b>
<b>3.1 Kynferðisleg áreitni.....</b>	<b>7</b>
<b>3.2 #Metoo .....</b>	<b>10</b>
<b>3.2.1 Um hvað er verið að biðja? .....</b>	<b>12</b>
<b>3.3 Femínismi .....</b>	<b>14</b>
<b>3.3.1 Róttækur femínismi .....</b>	<b>15</b>
<b>3.3.2 Sjónarmiðsfemínismi.....</b>	<b>16</b>
<b>3.4 Valdakenningar .....</b>	<b>17</b>
<b>3.4.1 Vald .....</b>	<b>17</b>
<b>3.4.2 Feðraveldi .....</b>	<b>18</b>
<b>3.4.3 Kynjakerfi.....</b>	<b>20</b>
<b>3.4.4 Hin kynferðislega aðgengilega kona .....</b>	<b>22</b>
<b>3.4.5 Kynhlutverk.....</b>	<b>23</b>
<b>3.4.6 Kynbundið launamisrétti .....</b>	<b>28</b>
<b>4 Rannsóknaraðferð.....</b>	<b>30</b>
<b>4.1 Innihaldsgreining .....</b>	<b>30</b>
<b>4.2 Val á hópum .....</b>	<b>30</b>
<b>4.3 Viðmið .....</b>	<b>34</b>
<b>4.4 Framkvæmd.....</b>	<b>36</b>
<b>5 Niðurstöður.....</b>	<b>38</b>

<b>5.2. Niðurstöður innihaldsgreiningar.....</b>	<b>38</b>
<b>6 Umræður.....</b>	<b>59</b>
<b>7 Heimildaskrá .....</b>	<b>63</b>



## **Myndrit**

Mynd 1. Samanburður á birtingarmynd kynferðislegrar áreitni.....	38
Mynd 2. Hver er gerandinn innan frásagna í #Tjaldiðfellur.....	50
Mynd 3. Hver er gerandinn innan frásagna í #Lending.....	52
Mynd 4. Hver er gerandinn innan frásagna kvenna í heilbrigðisþjónustu .....	54
Mynd 5. Hver er gerandinn innan frásagna í #Ískuggavaldsins .....	56

## **Tafla**

Tafla 1. Flokkar yfir birtingamyndir kynferðislegrar áreitni fyrir #metoo frásagnir .....	37
---	----

## 1 Inngangur

„Me too“ hreyfingin er barátta kvenna um allan heim gegn kynferðislegri áreitni og ofbeldi. Með byltingunni vildu konur varpa ljósi á hversu umfangsmikið vandamál kynferðisleg áreitni og ofbeldi væri í raun og veru. Fjöldinn allur af konum víðsvegar um heiminn hefur stigið fram í kjölfarið og sagt frá kynferðislegri áreitni sem þær hafa orðið fyrir. Íslenskar konur voru þar engin undantekning. Konur hafa bæði stigið fram sem einstaklingar og deilt reynslu sinni á samfélagsmiðlum eins og *Twitter* og *Facebook* undir myllumerkinu #metoo. Sömuleiðis hafa heilu hóparnir stigið fram í sameiningu með yfirlýsingar og kröfur um breytingar. Það sem vakti áhuga okkar á Me too hreyfingunni var það hversu mikinn hljómgrunn hún fékk hér á landi, þar sem alþjóðlegar baráttur ná ekki alltaf fótfestu á Íslandi. Hljómgrunnur sem þessi gefur til kynna að kynferðisleg áreitni sé algeng hér á landi og höfðum við áhuga á að kafa dýpra í birtingarmyndir hennar.

Í þessari rannsókn var lögð áhersla á Me too hreyfinguna hérlendis. Til að halda umfangi ritgerðarinnar innan skynsamlegra marka var ákveðið að skoða frásagnir fjögurra ólíkra starfsstétta sem stigu fram í kjölfar hreyfingarinnar. Fyrir valinu voru konur í stjórnárum, flugfreyjur, konur í heilbrigðisþjónustu og að lokum konur í sviðslistum og kvikmyndagerð.

Rannsóknarspurningar voru tvær, annars vegar *Hvernig birtist kynferðisleg áreitni innan ákveðinna íslenskra starfsstétta sem stigu fram í kjölfar Me too hreyfingarinnar?* og hins vegar *Hver er það sem beitir þeirri kynferðislegu áreitni?* Til að leita svara við þessum spurningum framkvæmdum við innihaldsgreiningu á frásögnunum, þar sem skoðað var um hvernig áreitni væri að ræða. Upphaflega lögðum við upp með þrjá flokka fyrir birtingarmyndir kynferðislegar áreitni en sáum fljótt að þeir flokkar myndu ekki gera þeim nægilega góð skil. Því var ákveðið að bæta við fleiri flokkum og urðu þeir að lokum sjö. Okkur þótti einnig áhugavert að skoða hver beitti áreitninni til að sjá birtingarmyndir valdamisræmis.

Notast var við femíníska hugmyndafræði og hugtök á borð við feðraveldi, kynjakerfi og kynhlutverk til stuðnings við yfirferð á frásögnunum. Lítið var stuttlega yfir jafnréttisbaráttu á Íslandi í sögulegu samhengi til að skoða bæði stöðu kvenna og umræðu gagnvart kynferðislegri áreitni. Skoðaðar voru kröfur kvennanna sem fylgdu frásögnunum og hvort ráðist hafi verið í einhverjar úrbætur í kjölfarið. Margar frásagnirnar hafa að geyma áreitni sem átti sér stað fyrir þó nokkrum árum. Vakti það upp spurningar er varða af hverju konur stigu fram á þessum tiltekna tíma en ekki fyrir. Niðurstöður gáfu til kynna að kynferðislega áreitni megi rekja að stórum hluta til valdamisræmis. Með því er átt við að konur séu hlutgerðar og að mikil þöggun hafi ríkt um málefnið í gegn um tíðina. Áreitnin hefur jafnvel verið gjaldfelld sem hefur haft þær afleiðingar í för með sér að konur velja að halda þögn sinni og gera lítið úr áreitninni. Þess

má geta að hugtakið *kynferðisleg áreitni* hefur aðeins nýlega verið skilgreint í íslenskum lögum í sögulegu samhengi og athæfið gert sakhæft. Niðurstöður sýndu einnig fram á að kynferðisleg áreitni hefur ólíkar birtingarmyndir á milli starfstétta þar sem flugfreyjur skera sig einna helst úr. Innan þeirrar starfstéttar kom fram að valdamisræmi væri nánast allsráðandi er varðar hver það er sem áreitir. Það tengist inn á þá staðreynd að starfstéttin hefur verið kyngerð í auglýsinga- og hagnaðarskyni í gegnum tíðina.

## 2 Sögulegt yfirlit

### 2.1 Saga Jafnréttisbaráttu á Íslandi

Eitt af fyrstu skrefunum sem íslenska ríkið tók í átt að jafnrétti kynjanna var þegar dætur fengu jafnan erfðarétt á við syni árið 1850. Fyrir þann tíma voru dætur að jafnaði arflausar þegar foreldrar þeirra féllu frá (Gunnar Karlsson, 2004). Önnur tímamót voru þegar kosningaréttur kvenna til Alþingis varð að veruleika á Íslandi árið 1915 (Elín Pálsdóttir Flygenring, 1985). Sigríður K. Þorgrímsdóttir (2002) bendir á að miklar breytingar hafi orðið við upphaf iðnbyltingarinnar í gamla bændasamfélaginu sem hafði viðgengist hér öldum saman. Þá voru karlar fyrirvinnan og konur áttu að halda sig heima við. Köllun kvenna í lífinu var húsmæðrahlutverkið. Ein undantekning var gerð á þessari verkaskiptingu þar sem ógiftar konur fengu aðgang að vinnumarkaði í litlum mæli og þurfti starfið að sæma kvenmanni, þ.e. umönnunar- eða þjónustustarf (Sigríður, 2002). Hér koma kynhlutverk vel í ljós sem þrífast innan feðraveldisins eða kynjakerfisins, eins og Sylvia Walby skilgreindi það. Hún skipti því í kynjakerfi einkasviðsins og síðan opinbera sviðsins. Í kynjakerfi einkasviðsins eru konur útilokaðar frá samfélagsþátttöku og virðist vera að það kerfi hafi verið ríkjandi í upphafi og um miðja síðustu öld (Þorgerður Einarsdóttir 2006; Walby, 1990). Ítarlegar verður fjallað um feðraveldið og kynjakerfið síðar í þessari ritgerð.

Um miðja 20. öld hafði atvinnuþátttaka kvenna aukist smám saman og var orðin töluverð, eða um 52% af giftum konum. Samt sem áður var fyrirvinnu hlutverkið alfarið í höndum karlanna. Hugmyndin um karla sem fyrirvinnu undirskipaði konur og hélt aftur af þeim. Konur voru ekki taldar færar til þess að sjá fyrir sér og börnum sínum og litu þær einnig sjálfar svo á (Rannveig Jónsdóttir, 2011). Vinna kvenna var talin sem aukastarf með barnauppleði og húsmæðrahlutverkinu sem var þeirra aðalatvinna. Ingólfur V. Gíslason (1994) telur að þetta viðhorf gæti hafa komið til vegna þess hvaða konur voru áberandi á vinnumarkaði, þ.e. ungar, barnlausar, ólofaðar og í raun ósjálfstæðar konur (Andrea Hjálmsdóttir og Arndís Bergsdóttir, 2011; Margrét Guðmundsdóttir, 2000).

Á áttunda áratug síðustu aldar urðu samfélagsleg kaflaskil í réttindabaráttu kvenna í hinum vestræna heimi. Segja má að hið íhaldsama feðraveldi, eða kynjakerfi einkasviðsins, hafi á þessum tíma verið að fá á sig stórt högg. Hugmyndirnar um karla sem fyrirvinnu og konur sem húsmæður voru að víkja í samfélaginu og voru ný hlutverk kvenna í bígerð. Einnig má nefna að eðlishyggjuhugmyndir sem höfðu verið alsráðandi hafi þarna fengið mikla gagnrýni. Konur stigu upp á móti þeim hugmyndum og gerðu tilkall til að stíga fram á hið opinbera svið (Þorgerður, 2006). Með eðlishyggju er átt við að því sé haldið fram að konur og karla séu ólík í eðli sínu. Innan þeirra hugmynda er eðli kvenna móður- og húsmæðrahlutverkið eins og nefnt

var hér fyrir ofan (Gerður Róbertsdóttir, 2017). Fjallað verður betur um eðlishyggju síðar í ritgerðinni.

## 2.2 Skortur á heimildum

Jafnréttisbarátta á Íslandi á sér langa sögu sem virðist vera ein sú árangursríkasta í heiminum ef marka má nýjustu skýrslu Alþjóðæfnaðsráðsins. Þar kemur fram að hvergi annarsstaðar ríki meira jafnrétti en á Íslandi (World Economic Forum, 2017). Íslendingar hafa markvisst skrásett þá jafnréttisbaráttu sem fram fór á 20. öld hér á landi. Hins vegar virðist vera gat í sögulegri skrásetningu er snýr að kynferðislegri- og kynbundinni áreitni. Við fengum staðfestingu á þessum skorti á heimildum þegar við höfðum samband við kvennasögusafnið, en einnig þegar leitast var eftir heimildum á bókasöfnum. Þá kom í ljós að sennilega gæti það reynst okkur erfitt að finna haldbærar heimildir fyrir kynferðislegri áreitni á árum áður. Þessir erfiðleikar er snúa að heimildaleit gætu gefið til kynna að tilvist kynferðislegrar áreitni hafi ekki verið viðurkennd á þessum tíma.

Það kemur þó fram í heimild frá 1940 að ekki hafi verið vel liðið að Breskir hermenn áreittu „Íslenskar stúlkur“. Þar er ábyrgðin tekin frá stúlkunum og færð yfir á hermennina. Hermennirnir áttu það til að kalla til þeirra á götunni og beina að þeim ljótum athugasemdum ef þær veittu þeim ekki athygli (Þjóðviljinn, 1940), sem svípar til kynferðislegrar áreitni eins og hún birtist í dag. Þess var krafist að íslenskar stúlkur gætu gengið óáreittar eftir götum Reykjavíkur (Þjóðviljinn, 1940). Hér er átt við hið svokallaða „ástand“ sem flestum Íslendingum ætti að vera kunnugt. Í seinni heimstyrjöldin var Ísland hernumið af Bretum, nánar tiltekið vorið 1940. Ári síðar kom hér á land Bandaríski herinn. Á meðan á hernáminu stóð voru mest um þrjátíu þúsund hermenn á Íslandi, flestir staðsettir í Reykjavík (Herdís Helgadóttir, 2001). Þó ábyrgðin hafi að hluta til verið tekin af stúlkunum, eins og minnst er á hér fyrir ofan, var einnig mikil ábyrgð sett á þær. Því var haldið fram að konur sem gerðu hosur sínar grænar fyrir hermanni væru á góðri leið í átt að glötun og því nærri nauðsynlegt að bjarga þeim. Forræðishyggja lögreglu og ríkistjórnar var áberandi, þar sem þau fundu sig knúin til að stíga inn í og fylgjast með „ástands“ hegðun stúlkanna og jafnvel grípa til björgunaraðgerða (Herdís, 2001).

Þann skort á heimildum sem við tókum eftir er einnig hægt að rekja til þess að sjónarhorn hins hvíta vestræna karlmanns hefur fengið að vera í forgrunni þegar öll saga hefur verið skrifuð (Jones, 2003). Því hefur kvennamening liðið þar skort. Eins og Jones (2003) nefnir, þá eru konur oft vanmetnar eða litið framhjá þeim þrátt fyrir að þær hafi eitthvað til málanna að leggja sem vert sé að veita eftirtekt. Skortur á heimildum hvað varðar kynferðislega

áreitni er því ekkert sem ætti að koma á óvart. Reynsluheimur kvenna er frábrugðinn reynsluheimi karla, en í því samfélagi sem við búum í er reynsluheimur karla viðmiðið og samfélagið því speglað út frá því (Þorgerður Einarsdóttir, 2004). Kenningin *sjónarmiðsfemínismi* hefur rekið augun í þennan vinkil. Með sjónarmiðsfemínisma er því haldið fram að sjónarmið kvenna séu nauðsynleg vísindunum. Þau þurfi að hafa til hliðsjónar til að geta endurspeglad heiminn á sem bestan hátt, þar sem reynsluheimur kvenna sé annar en karla. Á þennan hátt er einnig hægt að reyna að skilja betur tengsl kvenna við náttúru og menningu (Mathison og Strine, 1997). Nánar verður fjallað um sjónarmiðsfemínisma síðar í ritgerðinni.

### 2.3 Áratugurinn 1990-1999

Athyglisvert er að líta yfir fréttir á Íslandi frá árunum 1990 til 1999, þar sem lög um kynferðislega áreitni tóku ekki gildi fyrr en árið 2000. Kynferðisleg áreitni var ný viðbót í lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla (nr. 96/2000). Að jafnaði virtust flestir hér á landi viðurkenna tilvist kynferðislegrar áreitni. Hins vegar ríkti mikil þöggun hvað málið varðar. Því fékk kynferðisleg áreitni að viðgangast og þrífast á vinnustöðum og í samfélaginu öllu undir þegjandi samkomulagi. Ef minnst var á áreitni var það oft útkljáð með orðum á borð við að einstaklingurinn hafi ekki ráðið við sig. Algengt var að konurnar sjálfar tækju ábyrgð og reyndu eftir bestu getu að stöðva áreitnina, t.d. með því að breyta klæðnaði sínum (Guðrún Helga Sigurðardóttir, 1999). Framkvæmdarstjóri Jafnréttisráðs taldi að skilgreining á kynferðislegri áreitni væri vandasöm. Hún rökstuddi það með að mörk einstaklinga væru misjöfn og taldi hún skilgreiningu á klámi ætti við sama vanda að stríða (Urður Gunnarsdóttir, 1991). Fimm árum síðar virðist umræðan vera komin lengra þar sem Stefanía Traustadóttir sagði að þó ekki væru til lög hérlendis væri mikilvægt að gera sér grein fyrir því að viðmið þolandans réði för en ekki viðmið gerandans er kemur að kynferðislegri áreitni (Könnun um kynferðislega áreitni á vinnustöðum: viðmið þolandans ræður, 1996).

Til að reyna að átta sig á því hversu mikil þöggun ríkti í samfélaginu á þessum tíma segir starfsmaður jafnréttisráðs að aldrei hafi verið rætt sérstaklega um kynferðislega áreitni á vinnustöðum og slíkt mál hafi aldrei komið upp á borð til þeirra (Urður Gunnarsdóttir, 1991). Hérlendis virðast umræður er sneru að kynferðislegri áreitni hafa náð ákveðnum hápunkti á árunum 1996 og 1999. Árið 1996 kom á borð forsætisráðherra og félagsmálaráðherra tillaga að þingsályktun þess efnis að stofna skyldi nefnd sem átti að útbúa verkferla um hvernig taka ætti á kynferðislegri áreitni á opinberum vinnustöðum. Talið var að tillaga þessi hafi komið í kjölfar svokallaðs *biskups máls* (Þóra Kristín Ásgeirsdóttir, 1996). Þar var biskup ásakaður um að hafa kynferðislega áreitt konur. Biskups málið átti eftir að reynast eitt umtalaðasta mál næstu ára og

voru vinnubrögð Þjóðkirkjunnar harðlega gagnrýnd og hún sökuð um þöggun. Konurnar sem stigu fram á þeim tíma og sökuðu biskup um kynferðislega misnotkun urðu að flýja land eða hrökklast aftur í þögnina. Þeim var ýmist ekki trúað og urðu þær fyrir miklu aðkasti úr ólíkum áttum (Reynir Traustason, 2016). Málið skaut aftur upp kolli um 14 árum síðar árið 2010, þar sem dóttir biskups kom fram og sakaði föður sinn um misnotkun. Þjóðkirkjan gerðist í kjölfarið aftur sek um þöggun þar sem fjölmiðlar komust á sporið um þessar ásakanir. Í kjölfarið fengu konurnar sem höfðu stigið fram tæpum fimmtán árum áður viðurkenningu á orðum sínum (Ingibjörg Dögg Kjartansdóttir, 2019).

Ef við skoðum árið 1999, ári áður en lagaleg skilgreining á kynferðislegri áreitni kom hér á landi, þá ber hæst koma Ninna Hagman, sérfræðingsins í málum er varða kynferðislega áreitni. Í kjölfar komu hennar skapaðist mikil umræða hér á landi. Sér í lagi innan Háskóla Íslands og var koma hennar hluti af fræðsluáttaki innan skólans (Kynferðisleg áreitni snertir ekki bara konur, 1999). Í viðtali við dagblaðið *Dagur* telur Hagman ástæðu fyrir lítilli umræðu um kynferðislega áreitni vera sú að konur ásaki sjálfar sig. Einnig að frásögn þeirra verði ekki tekin trúverðug og að þær óttist viðbrögð yfirmanna. Hagman bætir því við að það sé mikilvægt að til sé farvegur fyrir slík mál innan vinnustaða og aldrei megi taka málið úr höndum þolenda. Valkostir verða að vera til staðar fyrir þolendur sem þær geti valið úr (Guðrún, 1999). Hagman nefnir einnig að tilgangur með aukinni umræðu um kynferðislega áreitni sé ekki til þess að leita að sökudólgi, heldur til að fá karlmenn með í baráttu gegn kynferðislegri áreitni (Kynferðisleg áreitni snertir ekki bara konur, 1999).

Ef tekið er mið af fjölmiðla umræðu af málefnum er snúa að kynferðislegri áreitni á síðasta áratugi síðustu aldar er ekki furða að konur hafi ekki stigið fram og krafist breytinga líkt þær gera nú. Mál á borð við biskupsmálið gefa það skýrt til kynna að samfélagið var ekki í stakk búíð til þess að opna augun fyrir þeim mikla vanda sem kynferðisleg áreitni er. Einnig má segja að Hagman rökstyðji það með því að nefna að konur hafi ásakað sjálfa sig og óttuðust líka að ef þær myndu segja frá yrði frásögnum þeirra ekki teknar trúverðugar (Guðrún, 1999).

### 3 Fræðileg umfjöllun

#### 3.1 Kynferðisleg áreitni

Kynferðisleg áreitni kom fyrst fram í orðabók árið 1975 og voru það fræðikonur úr Cornell háskólanum sem fóru fram á það (Velferðarráðuneytið, 2018). Það kom til vegna þess að fræðikonur starfandi innan skólans fóru að ræða sín á milli og virtist vera sem tíðni kynferðislegrar áreitni væri töluverð. Þær höfðu fengið sig fullsaddar á þessari hegðun samstarfsmanna sinna, en komust fljótt að því að ekki væri til lagaleg skilgreining á kynferðislegri áreitni (Mearhoff, 2018). Háttsemin er þó ekki ný af nálinni og vitað er að bandarískar konur af afrískum uppruna upplifðu mikla kynferðislega þvingun í þrælalaldi (Siegel, 2003). Áhugavert er að sjá að rúmlega 40 árum síðar voru það aftur konur á vinnumarkaði sem höfðu fengið nóg af hegðun samstarfsmanna sinna sem hófu Me too hreyfinguna. Lin Farley (1978), sem var ein af fræðikonunum í Cornell háskólanum, lýsir kynferðislegri áreitni á vinnustað sem óumbeðinni og óvelkominni hegðun þar sem karlmaður sér konu ekki sem samstarfsfélagu heldur lítur einungis á hana sem kyntákn (e. *sex role*) eða kynveru. Hegðun þessi getur tekið á sig ólíkar myndir og getur hamlað konum frá frama á vinnumarkaði (Farley, 1978).

Í 2. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla (nr. 10/2008) er kynferðisleg áreitni skilgreind sem: „Hvers kyns kynferðisleg hegðun sem er í óþökk þess sem fyrir henni verður og hefur þann tilgang eða þau áhrif að misbjóða virðingu viðkomandi, einkum þegar hegðunin leiðir til ógnandi, fjandsamlegra, niðurlægjandi, auðmýkjandi eða móðgandi aðstæðna. Hegðunin getur verið orðbundin, táknræn og/eða líkamleg“. Jafnframt er kynbundin áreitni skilgreind í sömu lögum (nr. 10/2008) á eftirfarandi hátt: „Hegðun sem tengist kyni þess sem fyrir henni verður, er í óþökk viðkomandi og hefur þann tilgang eða þau áhrif að misbjóða virðingu viðkomandi og skapa aðstæður sem eru ógnandi, fjandsamlegar, niðurlægjandi, auðmýkjandi eða móðgandi fyrir viðkomandi“. Vert er að taka fram að kynferðisleg áreitni var fyrst gerð refsiverð árið 2007 og getur varðað allt að tveggja ára fangelsi ef viðkomandi gerist sekur um slíka háttsemi samkvæmt 199. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þrátt fyrir lagalegar og fræðilegar skilgreiningar á kynferðislegri áreitni getur bæði túlkun fólks og skilningur verið mismunandi. Þættir eins og kyn, aldur, ólík menning o.fl. spilað inn í túlkun og skilning. Þá hefur birtingarmynd áreitni sömuleiðis verið breytileg í gegnum tíðina (Smidt, 2012).

Þegar konur tóku að streyma inn á vinnumarkaðinn um aldamótin 1900 áttu karlar erfitt með að deila þeim völdum, sem þeir höfðu alltaf haft, með konunum. Vinnumarkaðurinn hafði ávallt tilheyrt karlmönnum og voru þeirra viðbrögð að beita kynferðislegri áreitni til að halda



sinni stöðu. Sú háttsemi hefur síðan þá verið hluti af vinnureynslu kvenna (Zippel, 2006). Sú kynferðislega áreitni felst m.a. í því að skapað sé andrúmsloft á vinnustaðnum þar sem karlar eru yfir konum og því viðhaldið (Smidt, 2012).

Á íslenskum vinnumarkaði birtist kynferðisleg áreitni einnig í formi kynferðislegra þvingana sem eru framkvæmdar til að halda konum á hliðarlínunni. Með kynferðislegum þvingunum er t.d. átt við þegar haft er í hótunum við einstaklinga á borð við „*ef þú sefur ekki hjá mér, þá færðu ekki þessa stöðuhækkun*“ (Smidt, 2012). Með þessari framkomu eru konur hlutgerðar og lítið gert úr þeim. Einungis er komið fram við þær líkt og kynferðislegt viðfang (Smidt, 2012). Tekið skal fram að þessi hegðun er ekki meðvituð samráð karla, heldur hluti af kerfislægri mismunun feðraveldis. Það getur verið harmlegt þegar karlar gera sér ekki grein fyrir því hvernig feðraveldið virkar og þeirra part í því að viðhalda því veldi (Pease, 2017). Í feðraveldinu er algengt að karlar sinni mikilvægum störfum eins og að búa til lögin og standa vörð um þau. Þeir eru starfandi innan stofnanna, eru dómarmar eða starfa sem lögreglumenn. Þeir eru vinnuveitendur eða framkvæmdarstjórnar. Innan allra þessara starfstétta er þess krafist af þeim að taka ákvarðanir er varða konur. Vegna feðraveldisins, sem þeir gera sér ekki alltaf grein fyrir, eiga þeir til að líta framhjá ábyrgð sinni og gera lítið úr því ofbeldi sem karlar beita konur (Pease, 2017).

Að vinnumarkaðurinn hafi í fyrstu einungis verið heimur karlmannna er hægt að tengja við kynhlutverk, þar sem fyrirvinnan var í höndum karlmannna en að sjá um heimilið féll í verkahring kvenna (Lindsey, 2016). Ef skoðuð eru hugtökin ráðandi karlmennska (e. *hegemonic masculinity*) og styðjandi kvenleiki (e. *emphasized femininity*) er hægt að sjá eina birtingarmynd af þessum kynhlutverkum. Það sem felst í hugtakinu ráðandi karlmennska, er að ein tegund karlmennsku, sem er efst í stigveldi samfélagsins, sé ráðandi að hverju sinni. Neðar í stigveldinu eru konur og undirskipaðir karlar (Gyða Margrét Pétursdóttir, 2012). Með styðjandi kvenleika vill Connell (1987) meina að átt sé við þegar allskyns athöfnum er viðhaldið, af konum, sem styrkir síðan yfirráð karla yfir konum. Schippers (2007) bendir á að þessi tvö hugtök eigi í gagnvirku sambandi. Það væri því hægt að færa rök fyrir því að eitt form kynferðislegrar áreitni sé að viðhalda því eittraða andrúmslofti sem hefur verið skapað á vinnustöðum til þess eins að undiroka konur. Að okkar mati á það mikið skylt við hugtakið ráðandi karlmennsku.

Margt bendir til þess að kynferðisleg áreitni stafi af valdabaráttu. Þegar stigið er út fyrir hefðbundin kynhlutverk getur það valdið óöryggi hjá karlmönnum og átökum innan kerfisins sem verður til þess að kynferðislegri áreitni sé beitt, til dæmis þegar konur starfa innan „karla geirans“ (Steinunn Rögnvaldsdóttir, 2015).

Konur verða mun frekar fyrir kynferðislegri áreitni en karlar. Þrátt fyrir það þá eiga þær það til að segja ekki frá þeirri kynferðislegu áreitni sem þær verða fyrir. Með þögninni geta þær bæði viðhaldið kynferðislegri áreitni og ómeðvitað stutt hana (Smidt, 2012). Hægt er að setja þetta í samhengi við styðjandi kvenleika. Með þessu eru þær að viðhalda kynferðislegri áreitni sem styrkir þ.a.l. yfirráð karla yfir konum.

Þegar konur verða fyrir kynferðislegri áreitni standa þær gjarnan frammi fyrir tveimur valmöguleikum, sem getur valdið því að þær haldi í þögnina. Þær geta annað hvort samþykkt áreitnina, sem gerir þær kynferðislega undirokaðar, eða barist gegn henni. Raunin er sú að oft er auðveldara að samþykkja en að berjast. Dæmi um slíkt er *biskupsmálið* sem nefnt var hér fyrir í ritgerðinni þar sem konur gerðu heiðarlega tilraun til þess að segja frá og leita réttar síns og tók sú baráttu um 15 ár og urðu konurnar fyrir gríðarlegu aðkasti (Smidt, 2012; Ingibjörg Dögg Kjartansdóttir, 2019).

Vert er að nefna hugtakið hlýðni (e. *compliance*), í tengslum við þetta, en það er nátengt hugtakinu *styðjandi kvenleiki*. Átt er við að konur hlýði og að þeirri hlýðni sé viðhaldið, m.a. í gegnum fjölmiðla. Þessi hlýðni mótast síðan persónuleg tengsl kynjanna (Connell, 1987; Gyða, 2012). Konur eiga það til að taka ekki afstöðu til kynferðislegrar áreitni, jafnvel taka þátt í henni og/eða gera lítið úr upplifun sinni eða annarra. Þetta gera þær undir þeim formerkjum að „halda friðinn“ (Smidt, 2012).

Einnig er hægt að líta á kynferðislega áreitni út frá hugmyndum Bartky um kúgun kvenna. Sandra Bartky (1998) greinir kúgun kvenna í samtímanum út frá hugmyndum Foucault um agavald. Bartky (1998) lýsir agavaldi yfir konum á tvo vegu, það er vald sem þær eru beittar og valdið sem þær beita á sig sjálfar. Vegna þessa agavalds viðhalda konur eigin undirskipun, en hún telur agann eina undirskipun á konum (Bartky, 1998). Þær viðhalda undirskipun sinni með því beita sjálfar sig aga. Ástæðan fyrir því að þær beita sig aga er vegna feðraveldisins, sem hefur kennt þeim að vera undirgefnar og hlýðnar (Gyða, 2012). Gyða (2012) bendir á að hægt sé að færa greiningu Bartky yfir á það sem skapi kvenleika. Með því á hún við að sá agi, sem táknar undirskipun kvenna sem Bartky talar um, sé það sem kvenpersónan sé mótuð af (Gyða, 2012). Einnig bendir Gyða (2012) á að samfélagið tákni þennan aga sem undirgefni ef karlar beiti honum.

Rannsóknir hafa sýnt fram á að konur í valdastöðum séu tíð skotmörk kynferðislegrar áreitni, en jafnframt er algengara að þær tilkynni slíkt hátterni. Samkvæmt niðurstöðum rannsóknar sem fram fór í Bandaríkjunum á árunum 1988 til 2004, voru konur í stjórnunarstöðum líklegri til þess að tilkynna áreitni og skilgreina hana af kynferðislegum toga heldur en konur í lægri stöðum (McLaughlin, Uggen og Blackstone, 2012). Þessar

rannsóknarniðurstöður eiga vel við um Me too hreyfinguna hér á landi þar sem konur sem stóðu vel í samfélaginu stigu fyrstar fram, nánar verður fjallað um það síðar í ritgerðinni. Í rannsókn sem framkvæmd var á vegum Rannsóknarstofnunar í jafnréttisfræðum við Háskóla Íslands (RIKK) og Starfsgreinasambands Íslands kom í ljós að konur í þjónustustörfum verða að jafnaði oftast fyrir kynferðislegri áreitni en karlar. Í rannsókninni kom fram að 67,8% voru yngri en 24 ára þegar alvarlegasta atvikið átti sér stað. Ekki var tekið fram í niðurstöðum rannsóknarinnar um hvers konar áreitni var að ræða. Þessar niðurstöður renna stoðum undir þá kenningu að kynferðisleg áreitni sé afleiðing valdaójafnvægis, þar sem ungir einstaklingar eru yfirleitt valdaminni heldur en þeir sem eldri eru. Þegar um ungar konur er að ræða væri hægt að tala um tvöfalda undirskipun (Steinunn, 2015), og er með því verið að vísa til þess að bæði konur og ungir einstaklingar séu undirskipaðir í samfélaginu. Með valdi virðist því hægt að ná fram vilja sínum nánast óháð því hverju viljinn tengist eins og þegar karlar beita kynferðislegri áreitni til að viðhalda völdum sínum. Konur höfðu lengi vel enga lagalega skilgreiningu til að styðja sig við þegar þær voru beittar kynferðislegri áreitni. Það gefur til kynna að auðveldara hafi verið að beita þær valdi, því þær höfðu ekkert til að berjast á móti með. Það rennir einnig stoðum undir þann skort á heimildum er varða kynferðislega áreitni fyrr á tíðum, sem rannsakendur urðu varir við.

### 3.2 #Metoo

*Me too* er myllumerki (e. *hashtag*) sem orðið er að alþjóðlegu afli í baráttunni gegn kynferðislegri áreitni og kynbundnu ofbeldi, þar sem konur um allan heim hafa tekið höndum saman og sagt frá reynslu sinni (Velferðarráðuneytið, 2018). Rekja má sögu Me too aftur til ársins 2006 þegar kona að nafni Tarana Burke notaði það fyrst í tengslum við kynferðisofbeldi. Burke er baráttukona fyrir ungar konur að afrískum uppruna. Hún stofnaði samtökin *Just Be Inc*, með því markmiði að veita ungum stelpum aðstoð og stuðning vegna fátæktar. Einnig stofnaði Burke hliðarsamtök sem bera heitið *Me too movement*. Innan þeirra samtaka fá stelpur sem hafa orðið fyrir kynferðisglæpum aðstoð. Hugmyndina að nafninu fékk Burke eftir að ung stelpa hafði sagt henni frá kynferðislegu ofbeldi sem hún varð fyrir á heimili sínu og Burke áttaði sig á því að hún hafði sambærilega reynslu að baki. Eftir það sagði hún: „Ég horfði á eftir henni, setja upp grímuna og fara aftur út í raunveruleikann þar sem hún var alein og ég fékk mig ekki einu sinni til að hvísla...ég líka” (Velferðarráðuneytið, 2018; Just be inc, 2013). Þessi orð hennar vísa til þess að hún hafi ekki verið eins hugrökk og unga stelpan þar sem hún sagði ekki frá sinni eigin reynslu (Velferðarráðuneytið, 2018; Just be inc, 2013). Me too hugmynd

Burke varð þó ekki að alþjóðlegri hreyfingu þar sem hún fékk ekki hljómgrunn fyrr en bandaríska leikkonan, Alyssa Milano, veitti henni athygli og gaf henni nýtt líf árið 2017. Það gerði hún fljótlega eftir umfjöllun *New York Times* á kynferðisofbeldi kvikmyndaframleiðandans Harvey Weinstein gegn fjölda kvenna, sem höfðu unnið með honum að kvikmyndum, sem spannaði áratugi. Í sumum tilfellum var þaggað niður í ásökunum með peningagreiðslum (Cobb og Horeck, 2018). Svo virðist vera sem að samstarfsmenn hans hafi haft töluverða vitneskju af hegðun Weinstein í gegnum árin. Fyrrverandi samstarfsmaður hans og meðeigandi af fyrirtæki þeirra Marimax segir að þó allt hafi litið vel út að utan leyndust vandamál bakvið luktur dyr. Þá átti hann helst við framkomu Weinstein gagnvart konum. Aftur á móti voru fáir sem aðhöfðust eitthvað vegna þessarrar háttsemi Weinstein (Kantor og Twohey, 2017).

Það nýja líf sem Milano veitti Me too hófst þegar hún birti færslu á samfélagsmiðlinum *Twitter*. Þar hvatti hún þær konur sem höfðu orðið fyrir kynferðislegri áreitni eða ofbeldi að svara færslunni sinni með orðunum „me too“ eða „ég líka“ (Velferðarráðuneytið, 2018). Markmiðið með þessum gjörning var að gera öllum ljóst hversu umfangsmikið vandamál kynferðisleg áreitni er um allan heim (Shugerman, 2017). Myllumerkið hefur verið notað um 19 milljón sinnum þegar þetta er ritað og má fastlega gera ráð fyrir því að sú tala muni hækka (Pew research center, 2018).

Víðsvegar um heiminn tóku aðrar konur að stíga fram undir myllumerkinu og sögðu frá reynslu sinni af kynferðislegri áreitni og ofbeldi. Konur á Íslandi voru þar engin undantekning, en hér á landi líkt og í Bandaríkjunum ruddu brautina konur sem búa við ákveðin forréttindi. Í fyrstu stigu fram konur í stjórnámálum og í kjölfarið fór boltinn að rúlla (Velferðarráðuneytið, 2018). Þegar þetta er ritað hafa 815 sögur kvenna í samtals 17 hópum verið birtar hér á landi. Alls hafa 6 þúsund konur skrifað undir yfirlýsingar í hópunum. Fastlega má gera ráð fyrir því að fjöldi frásagna muni aukast. Bæði vega mikillar umfjöllunar í samfélaginu og vitundarvakningar í kjölfar hreyfingarinnar.

Líkt og annað sem fær mikla umfjöllun þá er Me too hreyfingin ekki óumdeild. Jones (2018) heldur því fram að eins og Me too hreyfingin sé í dag, komi hún einungis til með að nýttast þeim sem lifa við góðar félags- og efnahagslegar aðstæður. Hún telur að rödd þeirra kvenna sem standa hvað verst í samfélaginu hafi ekki fengið að heyrast vegna þeirrar kúgunar sem þær búa við (Jones, 2018). Þessu eru Mendes, Ringrose og Keller (2018) að einhverju leiti sammála og segja að passa þurfi að raddir, reynsla og sjónarhorn allra fái að heyrast. Flestir Íslendingar eru þó hrifnir af Me too hreyfingunni. Samkvæmt rannsóknarniðurstöðum MMR frá árinu 2018 eru um 70% Íslendinga jákvæðir í garð Me too hreyfingarinnar og telja hana vera

til bóta fyrir þjóðfélagið (Market media research, 2018). Einnig virðist sem svo að á Íslandi nái Me too hreyfingin til flestra kvenna, m.a. þeirra sem standa höllum fæti í samfélaginu. Ef lítið er á hópana 17 sem hafa birt sínar frásagnir á Íslandi, má greina nokkurn fjölbreytileika, þar sem m.a. má finna frásagnir kvenna af erlendum uppruna. Þær nefna þó í yfirlýsingu sinni sem fylgdi frásögnunum að þær hafi átt erfitt með að finna sinn stað innan hreyfingarinnar og er það þeim mikið áhyggjuefni (Yfirlýsing kvenna af erlendum uppruna, e.d.). Einnig er vert að taka fram að ekki er vitað með vissu hvernig eða hvort það hefur gagnast konum af erlendum uppruna að rödd þeirra hafi fengið að heyrast.

Í grein Mendes o.fl. (2018) er fjallað um þá auknu nálgun frá samfélagsmiðlum sem femínistar hafa notast við í baráttu sinni. Með þeirri nálgun sé auðveldara að ná til fleiri einstaklinga á styttri tíma. Zarkov og Davis (2018) koma með annað sjónarhorn á þetta breytta umhverfi í réttindabaráttunni. Þær segja að með þessum frásögnum og þeim sterku viðbrögum sem konur hafa fengið, séum við sem þjóðfélag að taka valdið í okkar eigin hendur og að í réttarríki sé það varasamt. Algengt er að einstaklingar séu nafngreindir opinberlega og þær telja að hægt sé að deila um hvort það eigi rétt á sér eður ei. Mörgum karlmönnum virðist finnast háttsemin eðlilegt samskiptaform. Zarkov og Davis (2018) benda á að þess vegna sé ekki hægt að líta framhjá þeirri staðreynd að í sumum tilfellum þar sem um er að ræða kynferðislega áreitni gæti verið um misskilning að ræða af hálfu gerandans.

Að hreyfing sem þessi hafi fengið eins góðan hljómgrunn í hinu íslenska samfélagi og raun ber vitni er mögulega hægt að rekja til þess að ungar íslenskar stúlkur hafa ítrekað undanfarin ár hafið byltingar þegar þeim finnst illa vegið að sér. Þeim hefur fundist samfélagið illa í stakk búið að takast á við ýmis konar ofbeldismál. Til að bylta rótgrónum hugmyndum af stalli þarf róttækar aðferðir. Það voru því ungar íslenskar stúlkur sem ruddu veginn með róttækum byltingum á borð við #freethenipple. Sú hreyfing ögraði feðraveldinu með því að konur beruðu brjóst sín á samfélagsmiðlum til að skila skömminni og mótmæla stafrænu ofbeldi. Aðrar hreyfingar eins og #höfumhátt, #þöggun og #konurtala komu seinna, þar sem stelpur og konur á öllum aldri opnuðu sig inni á lokuðum hópi á Facebook sem kallast *Beauty tips*. Þetta var árið 2015 og svipar þessari hreyfingu mikið til Me too hreyfingarinnar. Í kjölfarið fjölluðu fjölmiðlar um málið sem varð svo umfangsmikið að Reykjavíkurborg komu á fót ofbeldisvarnarnefnd (Velferðarráðuneytið, 2018).

### **3.2.1 Um hvað er verið að biðja?**

Eins og áður kom fram gaf hver starfstétt fyrir sig út undirskrifaðar yfirlýsingar með áskorunum og ákveðnum markmiðum. Töluverður samhljómur er á milli þeirra þar sem fram

kemur að ofbeldi og áreitni viðgangist í hverri stétt, rétt eins og í samfélaginu öllu (Í skugga valdsins, e.d.; Tjaldið fellur, e.d.; Lending, e.d.; Yfirlýsing kvenna í heilbrigðiskerfinu, e.d.). Meirihluti starfstéttanna bendir á að ekki sé verið að halda því fram að allir karlmenn gerist sekir um ofbeldi eða áreitni á sínum vinnustað heldur sé staðreyndin sú að lang flestar konur upplifi slíka háttsemi á sinni starfsævi og að það sé ekki líðandi. Kallað er eftir því að karlmenn taki ábyrgð á þessum vanda (Tjaldið fellur, e.d.). Köllun eftir viðbragðsáætlun fyrir þann málaflokk er snýr að kynferðislegri áreitni er áberandi og kemur fram að sú áætlun þurfi að vera vel skipulögð (Lending, e.d.). Konur í vísindum benda á að þó mörg fyrirtæki og stofnanir hafi slíkt innan veggja sinna þýðir það ekki endilega að hún virki og að henni sé fylgt eftir og það þurfi að bæta (Vísindasamfélagið, e.d.).

Í kjölfar birtinga á frásögnunum og yfirlýsingunum fór fram mikil umræða í samfélaginu öllu. Til að mynda átti sér stað samkoma í febrúar 2018, með yfirskriftinni „Samtal við #metoo konur, hvað getum við gert?“ (ASÍ, BHM, BSRB, KÍ og KRFÍ, 2018a). Á umræddri samkomu var rætt um ábyrgð vinnustaða, stéttarféлага, stjórnvalda og síðast en ekki síst ábyrgð samfélagsins í heild sinni. Í yfirlýsingum kvennanna er nefnt að mikilvægt sé að virk forvarnar- og viðbragðsáætlun sé til á hverjum vinnustað. Þar er tekið fram hvað er ólíðandi innan hvers vinnustaðar. Einnig er þess krafist að starfsfólk séu virkir þátttakendur í mótun áætlunarinnar og sé vel upplýst um hvaða afleiðingar áreitni og/eða ofbeldi hafi fyrir gerendur og þolendur þess. Einnig vilja þær gera áætlunina að hluta af fræðslu nýliða í starfi.

Vinnustaðir verða að láta sig málið varða og uppræta meðvirkni með gerendum. Allar starfstéttirnar setja mikla ábyrgð á atvinnurekendur og að þeir eigi að fylgja þessu eftir. Einnig er þess krafist að bæði þolendur og gerendur verði upplýst um gang mála (ASÍ o.fl., 2018a). Ef litið er til reglugerðar nr.1009/2015 frá Vinnueftirlitinu sem byggð er á vinnuverndarlögum má sjá að hún uppfyllir að hluta til þær kröfur sem farið er fram á. Má þar nefna markmið að sporna gegn einelti, kynferðislegri- og kynbundnu áreitni ásamt ofbeldi á vinnustöðum landsins. Þar er ábyrgð atvinnurekanda að gera starfsmönnum sínum ljóst að slík hegðun sé ekki líðandi og kynna áhættuþætti og stuðla að forvörnum (Reglugerð um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi á vinnustöðum, nr.1009/2015). Þegar umræðan sneri að stéttarfélögum var krafa um að sett yrði saman langtímaáætlun í málefnum er varða Me too hreyfinguna (ASÍ o.fl., 2018a). Konur í verkalyðshreyfingunni sendu sameiginlega yfirlýsingu frá sér í tengslum við Me too hreyfinguna og er samhljómur þar á milli (Til forystu samtaka launafólks, e.d.). Mikil áhersla er lögð á eflingu trúnaðarmanna í jafnréttismálum og að kynjafræði verði skyldunám. Einnig var gerð krafa um viðbót í kjarasamninga, þ.e. að bæði kynferðisleg- og kynbundin áreitni á vinnustað falli undir sama hatt og vinnuslys. Fyrst og

fremst er hlutverk stéttarfélaganna að halda baráttunni á lofti og stoppa ekki fyrr en tilsettum markmiðum er náð (ASÍ o.fl., 2018a).

Er kom að hlutverki stjórnvalda hvað varðar kynferðislega áreitni, var nefnd endurskoðun á jafnréttislögum. Bar þar hæst að setja viðurlög á þá vinnustaði sem gerast sekir um að bregðast rangt við kynferðislegri áreitni og/eða ofbeldi (ASÍ o.fl., 2018a). Samkvæmt 87. grein laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum nr. 46/1980, getur Vinnueftirlitið gripið til ákveðinna örþrifaráða. Þau felast t.d. í dagsektum ef vinnustaðir og atvinnurekendur gerast sekir um endurtekin brot á áður nefndri reglugerð um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri- og kynbundinni áreitni ásamt ofbeldi á vinnustöðum nr.1009/2015.

Einnig má benda á að stjórnvöld gripu til aðgerða í kjölfar Me too hreyfingarinnar. Dæmi um það er þegar tillaga til þingsályktunar um breytingu á þingsályktun nr. 23/145, um siðareglur fyrir alþingismenn var sett fram strax í byrjun árs 2018 (þingskjal nr. 629/2017-2018). Breyting tillögunnar var samþykkt í júní sama ár og fól í sér að allir þingmenn taki ábyrgð á því að skapa farsælt starfsumhverfi jafnt innan veggja Alþingis sem og utan þess. Einnig var kynferðisleg- og kynbundin áreitni, einelti eða hverslags niðrandi framkoma gerð ólíðandi (Þingskjal nr. 1100/2017-2018). Velferðarráðuneytið fór einnig í aðgerðir í kjölfar Me too hreyfingarinnar. Stofnaður var starfshópur með markmið um forvarnarstarf í málum er varða einelti, kynferðislega- og kynbundna áreitni ásamt ofbeldi á vinnustöðum (Stjórnarráð Íslands, e.d.).

### 3.3 Femínismi

Femínismi (e. *feminism*) er hugtak í hugmyndafræði sem einkennir jafnréttisbaráttu kynjanna (Guðný Gústafsdóttir, 2012). Femínismi er regnhlífarhugtak yfir ýmsar stefnur sem einbeita sér að því að túlka og skoða ójafnrétti kynjanna þrátt fyrir mismunandi áhersluatriði (Giddens og Sutton, 2013). Femínismi hefur lengi verið umdeildur í samfélaginu og má m.a. rekja það til þess að fólk telji femínista beita öfgafullum aðferðum. Einnig hafa femínistar þurft að sitja undir athugasemdum á borð við að þeim sé illa við karlmenn, en sú staðalímynd virðist loða fast við femínista (Rhode, 1995). Femínistum hefur verið lýst sem reiðum konum sem setji réttindi kvenna ofar karla (Twenge og Zucker, 1999).

Noer (2016) bendir á að staða kvenna og hlutverk þeirra hafi lengi verið til umræðu í samfélaginu. Þar sem sú skoðun ríkti að konur væru hið seinna kyn og að lítið athugasemdværi við þá staðreynd að karlar hefðu ákveðin réttindi sem þær skorti. Lítið var á hegðun karla sem hina stöðluðu hegðun og var hegðun kvenna einskorðuð við hana. Þetta ástand var gagnrýnt af konum sem kölluðu sig femínista, þar sem þær gagnrýndu mjög þá staðreynd að staða kvenna

í samfélaginu væri ákvörðuð af körlum. Femínistar börðust fyrir jafnri stöðu kynjanna á ákveðnum sviðum, sérstaklega tengdum menningu, efnahag, menntun, giftingu og fleiru (Noer, 2016).

Innan femínisma má m.a. nefna róttækan femínisma (e. *radical feminism*) og sjónarmiðsfemínisma (e. *standpoint feminism*), en þeir hugmyndaskólar voru valdir til að veita viðfangsefni okkar skil þó þeir séu ekki tæmandi. Ástæðan fyrir valinu á þessum tilteknu hugmyndaskólum er sú að undanfarið hefur mikilvægi þess að beita róttækum aðgerðum við rótgrónum vanda verið áberandi. Me too hreyfinguna má rekja til róttækra aðgerða kvenna um heim allan. Sjónarmiðsfemínismi er áhugaverð kenning í tengslum við feðraveldið, eða kynjakerfið eins og sumir kalla það, sem er mikið til umræðu í þessari rannsókn.

### **3.3.1 Róttækur femínismi**

Innan hins róttæka femínisma er lögð áhersla á að feðraveldið sé þess valdandi að konum sé haldið niðri (Giddens og Sutton, 2013). Samkvæmt róttækum femínistum eru konur undirskipaðar vegna kyns síns í samfélagi þar sem hið karllæga er ráðandi yfir því kvenlæga (Þorgerður Einarsdóttir, 2004). Litið er svo á að kynjamisrétti sé kerfisbundið og bundið við feðraveldið, þar sem ósanngjörn skipting í samfélaginu fái að þrífast í formi þess að konur séu undirokaðar um allan heim af karlmönnum (Welch, 2001). Róttækir femínistar vilja breyta þeirri kröfu til kvenna um að þær eigi að sjá um heimili og börn, sem kemur úr eðlishyggjuni. Þær vilja draga úr valdi feðraveldisins sem sé þess valdandi að konur séu fastar í umönnunarhlutverkinu og séu háðar körlum varðandi efnislegar þarfir (Giddens og Sutton, 2013). Innan þessarar stefnu er þess krafist að jafnréttissjónarmið séu höfð til viðmiðunar hvað varðar alla ákvarðanatöku (Guðný, 2012). Femínistar hafa lengi haft orð á sér að vera róttækir. Sú tenging hefur oft verið sett saman við að femínistar séu árasagjarnir, harkalegir, ósanngjarnir, háværir og fullir af skoðanahroka. Einnig að þeir séu á móti karlmönnum og vitfirrtir vinstrisinnaðir einstaklingar (Riley, 2001). Róttækur femínismi hefur oft verið tengdur við femínisma sem hefur gengið of langt og út í öfgar (Mackay, 2015). Þeir sem titla sig róttæka femínista, hafa stundum fengið á sig viðurnefnið „öfgafemínistar“ og þá sakaðir um að vilja eitthvað meira en jafnrétti (Moi, 2006). Það má eflaust rekja til þeirra róttæku aðgerða sem þeir beita, sem margir vilja meina öfgafullar. Vert er þó að líta til þess að það sem talið er róttækt á einhverjum tímum er ekki endilega róttækt mörgum árum seinna. Hægt er að rökstyðja það með því að einu sinni þótti fráleitt að konur vildu fá kosningarétt eða fá að mennta sig, sem í dag þykir sjálfsagður hlutur (Lindsey, 1994).



Með því að rýna í róttækan femínisma er hægt að sjá tengingu við Me too hreyfinguna, þar sem sú hreyfing er frekar róttæk í sjálfri sér. Þar sem konur opna sig opinberlega um þá kynferðislegu áreitni sem þær hafa orðið fyrir.

### 3.3.2 *Sjónarmiðsfemínismi*

Með sjónarmiðsfemínisma er átt við kvenpólítíska fræðikenningu (Anderson, 2011), og tengist hún kenningum um feðraveldið (Ásta Jóhannsdóttir, Bryndís E. Jóhannsdóttir, Gyða Margrét Pétursdóttir og Kristín Anna Hjálmarsdóttir, 2011). Sjónarmiðskenningar ganga aðallega út á það að fá þekkingarfræðilega viðurkenningu á félagslegum og pólitískum viðfangsefnum út frá sjónarmiðum kerfisbundið kúgaðra félagshópa samanborið við þá hópa sem hafa yfirráðin yfir þeim fyrrnefndu (Anderson, 2011). Samkvæmt Harding (1996) gengur þessi kenning m.a. út á það að ef samfélag er lagskipt (e. *social stratification*), þá séu til staðar ráðandi hópar sem móti samfélagið á þann hátt að möguleikar hinna til að skilja sjálfa sig og heiminn í heild sinni, eru takmarkaðir. Samfélag getur verið lagskipt m.a. eftir kyni, sem gerir ráðandi hópin karlkyns og þá einstaklinga sem hafa takmarkaða möguleika til að skilja sjálfa sig og heiminn, kvenkyns (Harding, 1996; Ásta o.fl., 2011).

Sjónarmiðsfemínismi tengist inn á margt eins og t.d. undirskipun kvenna. Samkvæmt Anderson (2011) þá eru konur undirskipaðar og hafa því sjónarmiðsfemínistar áhuga á að kafa dýpra í þá staðreynd. Þessi kenning hefur sætt nokkru mótlæti en Bar On (1993) talar gegn því að nýta kvenlegar skilvitlegar aðferðir sem undirstöðu í að skoða þekkingarfræðileg forréttindi varðandi undirskipun kvenna.

Smith (1996) bendir á að til að fá sem besta þekkingu sé nauðsynlegt að nýta sjónarhorn kvenna á heiminum, en það er einmitt það sem kenning sjónarmiðsfemínisma gengur m.a. út á. Einnig er tekið með í reikninginn að kynbundið ofbeldi og kynferðisleg áreitni gagnvart konum sé ekki persónuleg reynsla kvennanna heldur birtingarmynd félagslegs misréttis (Smith, 1996; Ásta o.fl. 2011). Með sjónarmiðsfemínisma er einnig bent á tengingu feðraveldisins við þetta félagslega misrétti. Þ.e. að innan þess karllæga kerfis sem þrífst í kynjakerfinu/feðraveldinu, sé eigin hagsmuna gætt frekar en sameiginlegra hagsmuna (Smith, 1996). Innan sjónarmiðsfemínisma er því haldið til haga að kynjakerfið/feðraveldið sé skipulagt á þann hátt að völdum karla er viðhaldið á kostnað kvenna (Ásta o.fl., 2011). Með því að nýta sjónarmiðsfemínisma við yfirferð á frásögnum kvennanna sem eru til skoðunar í þessari rannsókn er m.a. hægt að dýpka skilning á viðbrögðum þeirra við kynferðislegu áreitninni sem þær urðu fyrir. Eins og þegar þær bera það fyrir sig að ætla að halda friðinn með því að segja ekki frá þeirri kynferðislegu áreitni sem þær voru beittar. Í einni frásögn segir: „Ég þarf kannski

*lika að hætta að líffá fyrir öllu til að halda friðinn*“ (Yfirlýsing kvenna í heilbrigðisþjónustu, e.d.). Ásta o.fl. (2011) benda á að sjónarmiðsfemínismi taki með í reikninginn að það karllæga kerfi sem við búum við móti konur á þann hátt að þær taki upp samþykktar hugmyndir þess. Innan þessa kerfis er allt gert til að viðhalda völdum karla (Ásta o.fl.), sem gefur okkur þá hugmynd að konur séu engin undantekning þegar kemur að því að framkvæma hegðun sem er samþykkt af þessu kerfi. Þar með talið að halda þögn sinni til að ögra ekki og þá að vera til friðs. Einnig er sjónarmiðsfemínismi mikilvægur hugmyndaskóli til að sjá hvernig feðraveldið þrífst í samfélaginu sem við búum við, þar sem kynferðisleg áreitni hefur fengið að viðgangast.

### 3.4 Valdakenningar

#### 3.4.1 Vald

Max Weber skilgreindi hugtakið vald sem hæfileikann til að koma fram vilja sínum óháð því hvað aðrir kunna að vilja (Þorbjörn Broddason, 2011). Í sálfræði er vald skilgreint sem geta einstaklings til þess að breyta ástandi eða hugarfari annars einstaklings með því að útvega eða halda aftur af auðlindum (e. *resources*) eins og mat, peningum, vitneskju og ástúð. Eða þá að refsa viðkomandi t.d. með líkamlegu ofbeldi, brottvísun úr starfi eða félagslegri útskúfun (Keltner, 2007).

Dacher Keltner (2016) setti fram kenningu um valdapversögnina (e. *the power paradox*) sem gengur út á það að við séum alltaf á varðbergi gagnvart spilltum öflum valdsins og getu þess til þess að afskræma hvernig við sjáum okkur sjálf og komum fram við aðra. Hann segir vald þó ekki einskorðast við yfirráð eða undirgefni, heldur þurfi að takast á við það dag hvern í samfélaginu t.d. í samböndum og á vinnustað. Vald er því ekki ástand sem ætti eða hægt er yfir höfuð forðast. Þegar sóst er eftir jafnrétti er í rauninni verið að sækjast eftir valdajafnvægi en ekki fjarveru valds. Líkt og Keltner taldi Michel Foucault (1998) vald ekki aðeins byggjast á kúgun og undirgefni þar sem einn tekur sér vald yfir öðrum heldur hélt hann því fram að vald birtist alls staðar í samfélaginu. Einstaklingurinn stýrist af félagsmótun samfélagsins og hagar sér því eftir óskrifuðum reglum þess (Foucault, 1995). Hugmyndir hans um lífvald (e. *bio power*) snerust um þróun sem hefur átt sér stað frá því að yfirvaldið hafi ákvörðunarrétt yfir líkama einstaklingsins um hvort hann lifir eða deyr yfir í að yfirvaldið stjórni hvernig einstaklingurinn lifir lífinu. Þannig er líkaminn orðinn að „tæki“ til stjórnunar (Foucault, 1990). Líkami kvenna er frá toppi til táar undir valdi samfélagsins í þeim skilningi að það er ekki einn partur látinn ósnortinn fyrir gagnrýni. Frá unga aldri eyða konur miklum peningum og tíma til

þess að bæta útlit sitt svo þær falli betur inn í samfélagsrammann sem þeim er settur (Bordo, 1993).

Fjöldi kenninga hafa verið settar fram til þess að reyna að útskýra þessa undirskipun kvenna. Ein af þeim er þöggunarkenningin (e. *muted group theory*) sem gengur út á það hvernig minnihlutahópar eru þaggaðir niður með tungumálinu. Helsta hugmyndafræðin á bak við kenninguna er sú að tungumálið þjóni þeim sem sköpuðu það, frekar en þeim hópum sem þurfa að læra að beita því eftir ráðum og högum (Ardener, 1975). Þegar horft er til samskipta kvenna og karla í gegn um þöggunarkenninguna hafa konur minna svigrúm en karlar þegar kemur að því hvað þær geta sagt, hvenær og með hvaða afleiðingum. Það sem flokkast undir samþykka tungumálanotkun hefur í gegn um tíðina verið uppbyggt af körlum til að tjá eigin reynslu og upplifanir sem setur konur í þá stöðu að vera mállausar. Þannig er reynsla kvenna túlkuð fyrir þeirra hönd af þeim sem valdameiri eru og þær jafnframt hvattar til þess að líta á þá valdameiri sem fulltrúa sína í hinni ríkjandi orðræðu (Kramarae, 2005). Þótt þöggunarkenningin geri ástæðu undirskipun kvenna ágæt skil er hún langt því frá að vera tæmandi. Margir kenningasmiðir hafa glímt við þessa spurningu og sett fram kenningar til að reyna skýra þetta valdamisræmi sem hefur verið við lýði í gegnum mannkynssöguna. Þar má helst nefna feðraveldið/kynjakerfið en þeim ásamt fleiri valdakenningum verða gerð skil í köflunum hér á eftir.

### 3.4.2 Feðraveldi

Eitt útbreiddasta valdakerfi í heiminum í dag er feðraveldið (e. *patriarchy*). Hugtakið feðraveldi vísar til karlaveldis þar sem konur eru undirokaðar körlum. Það hefur lengi verið notað innan kvannahreyfinga til að greina undirstöðuatriðin tengdum undirskipun kvenna (Beechey, 1979). Feðraveldið er kerfi þar sem karlar fara með völdin og eru yfir á heimilinu. Þetta valdakerfi gefur körlum því vald yfir konum, börnum og eignum innan heimilisins (Noer, 2016). Konur hafa jaðarhlutverk í heiminum, þar sem þær og gildi þeirra eru skilgreind út frá feðraveldinu (Chiwengo, 2003). Sultana (2012) bendir á að nafnið feðraveldi þýði veldi föðursins og hafi í fyrstu verið notað til að lýsa ákveðnu fjölskyldumynstri þar sem karlinn var ráðandi og undir honum voru konur, ungir menn, börn, þrælar og þjónar. Karlar hafa ekki einungis völd innan heimilisins, heldur einnig á opinbera sviðinu (Sultana, 2012).

Feðraveldið hefur reyndar verið skilgreint á marga vegu í gegnum tíðina og hvorki eru allir sammála um hvernig á að skilgreina þetta valdakerfi né hvort feðraveldi sé hið rétta heiti á hugtakinu. Hugtakið hefur meira að segja verið skilgreint á fleiri en eina vegu af einum og

sama manningum, Weber. Í fyrstu sagði hann feðraveldi vera þá stöðu innan hóps þar sem tiltekinn einstaklingur sem er tilnefndur vegna skýrra reglna um arf, fer með völd (Adams, 2005). Seinna talar hann um feðraveldið sem valdabyggingu sem sé réttlætt og viðhaldið á grundvelli hefða. Weber hefur áhyggjur af því af hverju sá sem fer með stjórnina sé karlmaður ásamt því sem hann lítur svo á að feðraveldi sé verkfæri í stærra samhengi sem tengist yferráðum föðurleifðarinnar (e. *patrimony*) (Adams, 2005). Í frásögnum kvenna í *Me too* er hægt að sjá merki um þessa réttlætingu og að feðraveldinu sé viðhaldið á grundvelli hefða: „á ca þúsund fundum: Ég búin að leggja eitthvað til, sem er síðar endurtekið af karli á sama fundi og fagnað sem frábærri tillögu” (Í skugga valdsins, e.d.).

Síðan Weber skilgreindi hugtakið fyrst hefur merking þess breyst. Rubin (1975) vill kalla þetta kynferðis-/kynjakerfi (e. *sex/gender system*) þar sem hann telur nöfn á borð við feðraveldi geta leitt til misskilnings. Hann notar hugtakið kynferðis-/kynjakerfi til að vísa til sviðsins utan efnahagskerfisins þar sem kynjaskipting, sem er byggð á mun á kynferði, er myndað og endurskapað. Hartmann (1976) er ekki sammála honum og talar um feðraveldi. Hún skilgreinir það sem röð félagstengsla sem hafi efnislega undirstöðu þar sem eru valdatengsl milli karla og samstaða þeirra á milli sem geri þeim kleift að ráða yfir konum. Það geri feðraveldið að kerfi þar sem konur eru undirokaðar körlum. Femínistar nota orðið feðraveldi til að lýsa valdasambandi á milli karla og kvenna. Þeir nota það því ekki einungis sem orð, heldur meira sem hugtak til að nýta til að skilja raunveruleika kvenna betur (Sultana, 2012).

Walby (1990) notar orðið kynjakerfi og segir það vera kerfi sem innihaldi félagsbyggingu (e. *social structure*) og venjur þar sem karlar ráði yfir, kúgi og arðræni konur. Með því að tala um félagsbyggingu innan kynjakerfis þá bendir það til höfnunar á bæði líffræðilegri löghyggju og þeirri hugmynd að hver einasti maður sé í ráðandi stöðu á meðan hver einasta kona sé lægra sett (Walby, 1990).

Feðraveldið er ein helsta hindrun fyrir frama og þróun kvenna. Þrátt fyrir að yferráðið geti verið með mismunandi hætti innan þessa valdakerfis, þá er meginreglan sú sama – að karlar séu með yferráðin (Sultana, 2012). Það virðist sem svo að barátta við feðraveldið sé erfið. Þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir til útrýmingar á þessu valdakerfi er það enn til staðar í okkar samfélagi (Martinoska, 2012). Þar sem feðraveldið fær að þrífast innan samfélaga fá karlar algjöran forgang á kostnað kvenna (Sultana, 2012). Ef konur gerast svo djarfar að ögra feðraveldinu og svara karlmönnum þegar þeim er ofboðið fá þær oft svör á borð við: „*ekki datt mér í hug að þú værir SVONA kvenmaður !*” (Lending, e.d.). Þetta svar fékk kona sem lýsti yfir óánægju sinni á stippklúbbum.

Í því valdakerfi sem feðraveldið er, þrífst sú hugmynd að konur og karlar eigi að haga sér á öðruvísi hátt. Þeim hefur verið kennt frá unga aldri um karlmennsku og kvenleika, sem eru andstæður, sem þau eiga að tileinka sér. Þ.e. að konur og karlar hafi mismunandi eiginleika. Karlar eiga að tileinka sér eiginleika karlmenskunnar, eins og styrkleika, þor, óttaleysi, yfirráð, keppnissskap og fleira. Konur eiga síðan að tileinka sér eiginleika kvenleikans, á borð við umönnun, kærleika, ást, feimni, hugleysi, hlýðni og fleira (Sultana, 2012). Þetta eru kynhlutverk sem þrífast í samfélaginu og verður þeim veitt betri skil hér fyrir neðan.

Í þessari rannsókn verður notast við orðið feðraveldi sem þýðingu á enska hugtakinu *patriarchy*, en þegar um er að ræða hugmyndi Walby, verður af virðingu við hana notast við orðið kynjakerfi. Það verður því notast jöfnum höndum við orðin feðraveldi og kynjakerfi sem þýðingu á því einu og sama valdakerfi sem *patriarchy* er. Hugmyndum Walby á enska orðinu *patriarchy*, sem verður þýtt sem kynjakerfi, verða gerð skil hér í næsta kafla.

### 3.4.3 *Kynjakerfi*

Sylvia Walby er breskur félagsfræðingur sem setti fram kenningu um kynjakerfi, eins og lítilega hefur verið sagt frá hér að ofan. Hún setur það fram sem félagslegt kerfi þar sem karlar hagnist af kerfisbundinni undirskipun kvenna og vill að það sé lögð áhersla á félagslega hlutann (Þorgerður, 2006). Samkvæmt skilgreiningu Walby (1990) er það „félagslegt og kerfislegt mynstur vegna þess að því fer fjarri að hver einasti karlmaður hafi yfirráð í krafti kyns síns og hver einasta kona sé undirskipuð vegna kyns síns” (Walby, 1990). Eins og áður hefur verið komið inn á vill Walby (1990) skipta því upp í tvö kerfi – það sem þrífst í hinu opinbera og það sem þrífst á einkasviðinu. Þegar talað er um hið opinbera kynjakerfi, á það við um þau áhrif sem kynjakerfið hefur á t.d. vinnu og ríki. Með því síðarnefnda, kynjakerfi á einkasviðinu, er átt við að framleiðsla heimilisins sé það sem hefur hvað mestu áhrifin á undirokun kvenna (Sultana, 2012). Á einkasviðinu eru konur útilokaðar frá samfélagsþátttöku (Walby, 1990), en snert var á kynjakerfi einkasviðsins í sögulega yfirlitinu hér að ofan. Tímarnir hafa breyst og kynjakerfi sem þrífst á einkasviðinu á því lítið við í hinum nútíma vestræna heimi sem við lifum í. Ráðandi kynjakerfið er kerfi opinbera sviðsins og þrífst það á aðskilnaði og undirskipun. Því er viðhaldið með þeim hugmyndum að karlinn og allt sem telst vera karllægt sé æðra og meira metið heldur en konur og það sem telst vera kvenlægt (Walby, 1990).

Kynjakerfið er talið vera rótgróið kerfi sem taki á sig ýmsar birtingamyndir í samfélaginu. Walby (1990) skiptir þeim birtingarmyndum upp í sex svið þ.e. atvinnulíf og fjölskylda, heimilislíf, menningarlegir þættir, kynferði og kynverund, ofbeldi og ríkið ásamt opinberu valdi. Walby (1990) leggur áherslu á að huga þurfi að öllum sex sviðum, þar sem

orsakasamhengi sé á milli þeirra. Einnig bendir hún á að mikilvægt sé fyrir vestræn samfélög að fagna fjölbreytileikanum þegar kemur að hegðun kynjanna (Þorgerður, 2006; Walby, 1990). Hún segir að innan þessa kerfis sé starfskraftur kvenna, fjölgun kvenna og kynvitund kvenna undir stjórn þess (Walby, 1990). Lítið er á konurnar sem háðar körlunum sem gerir lítið úr allri þeirri erfiðisvinnu sem konur vinna (Sultana, 2012).

Þetta sést ítrekað innan þeirra starfstétta sem skoðaðar voru í þessari rannsókn, þar sem undirskipun kvenna kom oft fram. Innan heilbrigðisstéttarinnar nefnir ein að hún geti ekki talið hversu oft hún hafi verið klípin eða fengið kynferðislegar athugasemdir. Hún segir jafnframt: „*Kvenfyrirlitning birtist ekki bara í beinlínis niðrandi og ógeðfeldum athugasemdum við konur, líkamlegri áreitni og jafnvel ofbeldi. Hún birtist einnig í almennu virðingarleysi, almennri orðræðu sem endurspeglar kerfisbundna undirokun kvenna, undirokun sem birtist á mjög áþreifanlegan hátt í launamun kynjanna*“ (Yfirlýsing kvenna í heilbrigðiskerfinu, e.d.).

Ein kona innan stjórn mála barðist gegn súlustöðum í Reykjavík og fékk í kjölfarið hótanir og skrifuð voru um hana ummæli þar sem m.a. var hvatt til að henni yrði nauðgað. Landsþekktur maður skrifar m.a.: „*á hana ... dugar ekkert annað en lágmark tveir harðir og munu Buka og Yao taka þetta verkefni að sér*“ (Í skugga valdsins, e.d.). Áfram hélt hann og bætti við „*þessar dömur eru flestallar ógeðslegar auk þess að vera geðsjúklingar*“ (Í skugga valdsins, e.d.). Einnig taldi hann nauðsynlegt að það þyrfti að „*gefa þessum leiðinda rauðsokkum einn granítharðan*“ (Í skugga valdsins, e.d.). Svona orðræða er bein tenging við kynjakerfi, þar sem karlar eru æðri og leyfa sér allskonar á kostnað kvenna, sem eru lægra settar. Tengist þetta inn á ráðandi karlmennsku, þar sem karlar eru ofar konum og viðhalda því yfirráði með allskyns athöfnum. Innan flugstéttarinnar komu einnig fram sögur þar sem karlar í valdastöðu leyfðu sér að koma fram við flugfreyjurnar á ósæmilegan hátt. Sögurnar gerast margar hverjar innan flugstjórnarklefans, þar sem þær lýsa því hvernig flugstjórar og aðstoðarflugmenn vaða inn á þeirra svæði. Ein talar um sýnilega stéttaskiptingu hjá áhafnar meðlimum „*ég tel stéttarskiptinguna sýnilega þar sem ég þori ekki að svara fyrir mig vegna hræðslu við yfirvaldið*“ (Lending, e.d.). Önnur segir frá þegar karlmaður í augljósri valdastöðu gagnvart henni niðurlægir hana með „*ofbeldisfullum athugasemdum með kynferðislegum blæ*“ (Lending, e.d.).

Innan kvikmyndabransans nefnir ein að henni hafi óteljandi oft verið mismunað vegna kynferðis í gegnum tíðina. „*Ég hef setið á fundum þar sem hugmyndir mínar hafa verið þaggaðar og svo endurteknar af karlmanni skömmu síðar og þá á þær hlustað*“ (Tjaldið fellur, e.d.). Ef lítið er á þetta út frá ráðandi karlmennsku, gæti þetta verið birtingarmynd af því valdi sem karlar beita til að viðhalda stöðu sinni sem þeir herra settu og til að halda konunum

undirskipuðum. „Ég hef endalaust reynt að hafa áhrif á að konur hafi ásýnd til jafns við karla í þeim verkefnum sem ég hef tengst og baráttan oft verið erfið og engu skilað, eins og að berja höfðinu við stein“ (Tjaldid fellur, e.d.). Í eitt skipti sem ein ætlaði að benda á þá mismunun sem hún varð fyrir vegna kyns síns varð henni minnisstæð þau neikvæðu viðbrögð sem það uppskar „tvö skipti sem ég man eftir brugðust karlmennirnir við með ógnandi framkomu, öskruðu á mig og hentu húsgögnum í vegg“ (Tjaldid fellur, e.d.).

Walby veltir fyrir sér í bók sinni *Theorizing patriarchy* (1990) hvers vegna konur vinni önnur störf en karlar. Þar kemur hún með þá hugmynd að kynverund kvenna sé í raun undirstaða valdsins sem karlar hafa yfir þeim. Ásamt því að ein birtingarmynd valdsins sé kynferðisleg áreitni. Það getur haft þær afleiðingar í för með sér að konur, meðvitað eða ómeðvitað, forðist ákveðna vinnustaði (Katrín Björg Ríkharðsdóttir og Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, 2012).

Önnur spurning sem Walby veltir fyrir sér er hvers vegna konur þéna vanalega minna en karlar. Eitt sjónarhorn er að kvennastörf séu að jafnaði metin minna og þ.a.l. lægra launuð heldur en karlastörf. Gyða Margrét Pétursdóttir (2012) er því sammála og bendir á að þó konur séu orðnar hluti af opinbera sviðinu og fái greidd laun, þá sé ríkjandi aðskilnaðarstefna sem felist í launamisrétti kynja og að konur séu færri en karlar á vinnumarkaði.

Ridgeway og Corell (2004) eru sammála Walby um að kynjakerfið sé félagslegt- og menningarlegt kerfi sem þrífst á því að það sem er karllægt sé æðra hinu kvenlæga. Þær skipta kynjakerfi upp í tvo hluta þ.e. kynjaviðhorfum og samskiptamynstrum. Með kynjaviðhorfum er átt við að þau ólíku viðhorf, hugsun og hegðun, sem við höfum til kynjanna. Hegðun kynjanna er í samræmi við þau kynjaviðhorf sem við setjum og þannig viðhelst misrétti og mismunun. Samskiptamynstur er síðan nokkurs konar afleiðing af kynjaviðhorfum. Þar sem viðhorf okkar skapa ákveðið samskiptamynstur sem í kjölfarið staðfestir viðhorf okkar til kynjanna. Þá er átt við að í samskiptum skiptir kyn máli þar sem algengt sé að kynin grípi til þeirra samfélagslegu viðmiða sem búið sé að skapa. Þetta rennir stoðum undir að samskiptamynstur sé til staðar í kynjakerfinu (Ridgeway og Corell, 2004).

#### **3.4.4 Hin kynferðislega aðgengilega kona**

Nútímakonan er kennd við hina kynferðislega aðgengilegu konu og er talin vera glansmynd sem samanstendur af hlutverki sem frumkvöðli og vændiskonu. Hin kynferðislega aðgengilega kona vísar m.a. til þess að kynverund kvenna sé markaðssett. Nútímakonan er því bæði neytandi og neysluvara (Einhorn, 1993; Wolf, 1991/2002; Levy, 2005/2006). Kynverund kvenna hefur verið talin mynda kjarna feðraveldisins og er kynferðislegt aðgengi karla að konum grundvöllur og forsenda þess að hægt sé að viðhalda því (Pateman, 1989).

Fyrirmyndarhúsmóðirin sem hafði verið ímynd konunnar til lengri tíma yfirgaf við þetta einkasviðið og hin kynferðislega aðgengilega, ögrandi kona, blasti í kjölfarið við á almenna sviðinu. Þessu fylgdi mikil klámvæðing á kvenleika (Guðný Gústafsdóttir, 2009), en til að skilja hvað klámvæðing er þarf fyrst að skilja hvað klám er. Klám er efni sem er kynferðislega opinskátt í orðum eða myndum þar sem skýr yfir- og undirskipun kemur fram. Það verður því að vera valdamisræmi til að hægt sé að tala um klám. Í klámi eru konur oftast undirskipaðar. Klámvæðing er menningarferli þegar klám er samþykkuð partur af okkar daglega lífi (Sørensen, 2003). Með klámvæðingu er m.a. búið að gera ofbeldi gegn konum að eðlilegri hegðun á margan hátt. Það er t.d. gert með orðbragði sem afsakað er sem grín, klámvæddu myndmáli þar sem konur eru kynferðislega undirgefnar karlmönnum og fleira þess háttar (Smidt, 2012). Klámvæðing er nátengd kynferðislegri áreitni þar sem hún er ein birtingarmynd af því. Með auknu aðgengi að efni þar sem konur er hlutgerðar getur það aukið hættu á að konur verði fyrir kynferðislegri áreitni (Fredrickson og Roberts, 1997).

Þegar afhjúpað kyngervi kvenna hefur runnið saman við kvenlega kynverund þá virðist kynfrelsi kvenna hafa snúist upp í andhverfu sína. Hin vestræna nútímakona er því talin ofurseld feðraveldinu á þann hátt að kynverund hennar er undirskipuð vegna tilvísana í kynferðislegt aðgengi (Andersen, 2006; Guðný, 2009). Sú forsenda að nútímakonur í samfélaginu eigi að vera kynferðislega aðgengilegar gæti ýtt undir að karlar leyfi sér að áreita þær kynferðislega. Þegar viðmið kvenlegs kyngervis er samofið nekt verða mörk og forsendur hins kynferðislega aðgengis óljós. Valdaleyssi kvenna endurspeglast síðan í kyngervinu (Scott, 1988/1999).

Það sem áður þótti tvennt ólíkt rann saman í eina glansmynd af nútímakonunni og innihélt hún bæði fóstruna og frilluna, sem áður þóttu ósamræmanleg kvenhlutverk þar sem annað hlutverkið útilokaði hitt (Einhorn, 1993). Fóstran og frillan á við um tvær tegundir kvenna með birtingarmyndinar spillingu og sakleysi. Þær birtingarmyndir hafa áhrif á bæði mótun og möguleika kvenna (Guðný, 2009).

### **3.4.5 Kynhlutverk**

Hægt er að útskýra kynhlutverk út frá mörgum kenningum sem í lokin byggja allar á því sama, að kynin hafi ákveðin hlutverk hvort um sig. Með kynhlutverkum er m.a. átt við að hlutverk kynjanna séu mismunandi innan heimilis sem hafi svo áhrif á hlutverk þeirra utan heimilis (Lindsey, 2016). Hlutverkin eru flokkuð eftir því hvað þykir kvenlægt og karllægt, eins og það að hugsa um börnin þykir tilheyra verkahring kvenna á meðan viðgerðir, fiskveiðar o.fl. því líku tilheyrir því karllæga (UNESCO, 2000). Konur og karlar líta á hvort annað sem andstæður og haga þau sér síðan samkvæmt því handriti sem þeirra kyni hefur verið úthlutað



(Lindsey, 2016). Hlutverk þessi eru afsprengi hugmynda eðlishyggjunnar, sem verður fjallað betur um fyrir neðan, og geta verið breytileg á milli samfélaga. Ásamt því geta þau breyst yfir tíma (Kolbeinn H. Stefánsson, 2008). Í fyrstu voru kynhlutverk talin eðlislæg hlutverk. Með því er átt við að konur og karlar hafi ákveðin hlutverk frá náttúrunnar hendi sem séu ólík fyrir hvort kyn um sig. Þegar norskir og sænskir félagsvísindamenn fóru að segja kynhlutverk félagsleg, þótti það mjög róttækt og á skjön við fyrri hugmyndir um að karl og kona hefðu ólík hlutverk frá náttúrunnar hendi og bættu hvort annað upp (Þorgerður, 2004).

Kynhlutverk felast í því að konan sjái um umönnun, ást, að fórna sjálfri sér, hugsa um heimilið og að vera aðgengileg. Hlutverk karlsins er síðan að sjá fyrir heimilinu, sýna aga, sjá um það sem snýr að tækni og taka mikilvægar ákvarðanir er varða heimilið (Lindsey, 2016). Það er því vinnumarkaðurinn sem er vettvangur karla á meðan fjölskyldan er vettvangur kvenna. Þetta hefur þó breyst töluvert eftir að konum fór að fjölga úti á vinnumarkaði á 20. öldinni (Kolbeinn, 2008). Innan frásagna kvenna í pólitík nefnir ein að maðurinn hennar hafi þurft að sitja undir leiðinlegum athugasemdum varðandi það að hún væri á þingi. Líkt og að það græfi undan karlmennsku hans. Athugasemdirnar voru á borð við að hann sé vel upp alinn hjá henni og „að það væri karlmannlegt að vera þingmaður og það gerði stöðu maka svo kvennlæga s.s. tengt við undirgefni, þjónustu og ómerkilegri stöðu í sambandinu“ (Í skugga valdsins, e.d.). Þarna er bein tenging við það hversu rótgróin kynhlutverk geta verið í samfélaginu. Að konan í sambandinu sé á þingi virðist brjóta gegn þeim fyrir fram ákveðnu hugmyndum um hver staða konunnar í samfélaginu sé. Ein nefnir að þegar konur höfðu verið áberandi á fundi miðstjórnar hafi reyndur eldri flokksmaður sagt hátt og snjallt „þetta er afleitt, ekkert nema konur og börn í stjórninni“ (Í skugga valdsins, e.d.) sem gefur til kynna að honum finnst konur ekki eiga heima í stjórninni.

Engels (1942/1884) kom fram með hugmynd sem fellur innan togstreitukenna. Þar talar hann um að drottvara-þræla (*e. master-slave*) sambönd eigi sér stað í samfélaginu milli borgarastéttar og öreigastéttar. Þau séu síðan yfirfærð yfir á heimilið og móti þannig kynhlutverkin. Innan félagslegar mótunarkenningar kemur fram að kynhlutverk séu mótuð eftir einni tegund af handriti sem sé hannað fyrir karlkyn annars vegar og kvenkyn hins vegar (Lindsey, 2016). Þó að þetta handrit skilji eftir svigrúm fyrir mismunandi hegðun, skilar það sér oftast en ekki í mynstri sem ýtir undir samkeppni milli kynjanna, t.d. höfnun og tilfinningalegri aðgreiningu (Lindsey, 2016). Þessu mynstri, að konur og karlar séu ólík með ólík hlutverk, er síðan viðhaldið með styrkingu þegar í daglegu tali er vísað í hitt kynið sem andstætt kyn (Lindsey, 2016). Körlum og konum er stillt upp sem andstæðum hvað varðar kynhlutverk og fáum við þá út karlmennsku (*e. masculinity*) og kvenleika (*e. femininity*) sem er

það sem skilgreinir kynin (Ásta Jóhannsdóttir og Kristín Anna Hjálmarsdóttir, 2011).

Kynhlutverk tengjast inn á staðalímynd (*e. stereotype*). Með staðalímynd er átt við ofureinföldun á þeirri hugmynd að fólk sem tilheyrir sama hópi hafi svipaða eða sömu eiginleika. Konur hafa oft þá staðalímynd að þær séu óáreiðanlegar vegna hormónaójafnvægis sem ýti undir óútreiknanleg tilfinningaköst (Lindsey, 2016). Staðalímynd kynjanna má sjá skilgreinda í orðabók. Þar er karlmennska skilgreind út frá jákvæðum eiginleikum á borð við manndóm, hreysti, dugnað og hugrekki, á meðan kvenleiki er hið andstæða. Kvenleiki nær yfir litla líkamsburði, tjáningu, tilfinningar og umhyggju (Ásta og Kristín, 2011). Kvenleiki hefur bæði neikvæð og jákvæð gildi, en þau neikvæðu eru m.a. valdaleysi, undirgefni og veikleiki (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2010). Með þessari neikvæðu staðalímynd kvenna er hægt að ala á kynjamismunun (*e. sexism*), en það er sú trú að staða kvenna sé undirskipuð stöðu karla (Lindsey, 2016). Innan flestra samfélaga þrífst hið áður nefnda feðraveldi þar sem kynhlutverk eru vel skilgreind fyrir hvort kyn um sig (Călin, 2012), en kynjamismunun er einnig viðhaldið af feðraveldinu (Lindsey, 2016).

Kynhlutverk geta haft áhrif á afdrif kynjanna þar sem þau tilskipa hvaða áhugamál hvort kyn um sig eigi að hafa. Það hefur síðan áhrif á hvaða menntun konur og karlar kjósa að sækja sér og seinna meir hvað þau vilja starfa við. Samfélagið ætlast til þess af konum að þær starfi við eitthvað tengt umönnun, þar sem þær hafi ákveðna þörf til að hugsa um aðra. Það er síðan ætlast til af körlum að hafa áhuga á störfum sem tengjast íþróttum, tækni, viðskiptum eða vísindum (Eccels, 1987). Sem dæmi má nefna frásögn einnar innan heilbrigðisstéttarinnar, en hún segir: „á einu augnabliki er ég rænd öllu og stend eftir kyngerð „lítill stelpa“ sem hvorki lækna né sjúklingar bera virðingu fyrir því ég er sæt, það er nóg til að hjúkra“ (Yfirlýsing kvenna í heilbrigðisskerfinu, e.d.) þetta segir hún í kjölfar lítillækkunar sem hún upplifir frá karlkyns samstarfsmönnum. Þetta endurspeglar það að umönnun hefur verið flokkuð sem kvennastarf, þar sem konur eru taldar gæddar ákveðinni umönnunarhæfni umfram karla frá náttúrunnar hendi. Þetta tengist einnig inn á kynjamismunun, en konur verða mun frekar fyrir henni t.d. í tengslum við minni völd, lægra álit og lægri laun (Lindsey, 2016).

#### **3.4.5.1 Eðlishyggja**

Sú trú að kynin séu í eðli sínu ólík má rekja til hugmynda eðlishyggju (*e. essentialism*). Samkvæmt þeim hugmyndum hafa þeir einstaklingar sem tilheyra sama hópi sams konar einleika sem ráðast af náttúrunnar hendi og eru upplýstir um þá eiginleika (Soylo Yalcinkaya, Estrada-Villalta og Adams, 2017). Raðað er í hópana út frá eðli, þar sem talið er að konur og karlar séu mismunandi. Konur eru taldar betur hæfar, frá náttúrunnar hendi til umönnunar,

persónulegrar aðstoðar og félagslegra samskipta. Karlar eru síðan taldir hæfari til verka sem tengjast stjórnun og einhverju vélrænu (Newman, Fogarty, Makoae og Reavely, 2011).

Gelman (2003) taldi að með eðlishyggju væri verið að útskýra þá sameiginlegu eiginleika sem einstaklingar búi yfir út frá eðli og að það eðli stjórni hegðun þeirra. Feðraveldið hefur nýtt sér eðlishyggju til að skilgreina konur þannig að þær séu minnimáttar, þar sem þær eru undirokaðar körlum (Gelman, 2003). Bem (1993) kom fram með kenningu um þrjár linsur kyngervis (e. *Three lenses of gender*), eða kynskautun (e. *gender polarization*), karlhyggju (e. *androcentrism*) og líffræðilega eðlishyggju (e. *biological essentialism*). Með kynskautun segir hann að allt samfélagið sé miðað út frá körlum og að konur séu því frávik eða öðruvísi. Með karlhyggju á hann við um að m.a. klæðaburði og félagslegum hlutverkum sé skipt eftir kyni. Líffræðilega eðlishyggjan er þriðja linsan í kenningunni og hún réttlætir fyrri tvær linsurnar, með því að vísa til þess að kynjamismunur sé af náttúrunnar hendi. Hvað varðar þessa hópaskiptingu á kynjunum þá er hún svo rótgróin í samfélaginu að fólk hegðar sér á þann hátt sem það telur eðlilegt miðað við það sem það hefur lært af samfélaginu (Gelman, 2003).

### 3.4.5.2 Líffræðileg eðlishyggja

Aristóteles setti fram kenningu, sem hefur verið kölluð líffræðileg eðlishyggja, þar sem hann skilgreindi ólík hlutverk kynjanna. Hann taldi að hlutverk væru ólík út frá líffræðilegum þáttum og samkvæmt honum höfðu karlar og konur ólíkum skyldum að gegna. Tilgangur konunnar var að ganga með og eiga börn á meðan tilgangur karlsins var að rækta skyldu sína á opinberum vettvangi. Hann talaði einnig um að karlar væru líkamlegs eðlis og meira harðir af sér, á meðan konur væru meira umhyggjusamar og tengdar við hið andlega (Charles, 2002). Lengi vel litu femínistar illum augum á líffræðilega eðlishyggju. Ástæða þess var að með því að viðurkenna eðlishyggju, væri í raun verið að sýna stuðning við feðraveldið (Nussbaum, 1992). Eftir langan tíma af andstyggð í garð eðlishyggju gerðu femínistar sér grein fyrir því að til að ná jafnrétti yrði að viðurkenna eðlislægan mun kynjanna (Nussbaum, 1992).

Eins og áður hefur verið sagt, þá kom Bem (1993) fram með þrjár linsur kyngervis, þar sem hann nefndi líffræðilega eðlishyggju sem eina þeirra. Hún taldi að linsa líffræðilegrar eðlishyggju gæfi skynsamleg rök fyrir kynskautun og gerði hana lögmæta ásamt yfirráði karla. Hún útskýrir að það sé gert með því að láta líkt og það tvennt sé til staðar vegna óhjákvæmilegra og náttúrulegra afleiðinga af líffræðilegum mun á kynjunum (Gaunt, 2006). Bem (1993) afhjúpaði einnig þá tilhneigingu einstaklinga sem styðja líffræðilega eðlishyggju til þess að láta sem félagslegt og efnahagslegt misrétti á milli kvenkyns og karlkyns sé eðlilegt. Hún sýndi

fram á þetta með því að ítreka líffræðilegt samhengi og draga úr sögu- og félagslegu samhengi (Gaunt, 2006).

### 3.4.5.3 Mótunarhyggja

Simone de Beauvoir (1949/1989) gerir greinarmun á kyni og kyngervi, þar sem hún bendir á að engin fæðist kona heldur verði kona. Hún segir að hver og ein manneskja búi við sinn eigin raunveruleika svo frekar eigi að skilgreina manneskjur út frá þeim sjálfum heldur en kyni. Hún talar um kvenkyn sem seinna kynið, þar sem að konur séu alltaf skilgreindar út frá körlum.

Beauvoir talaði einnig um hvernig undirokun sé í eðli sínu óvænt, þrátt fyrir að vera óhjákvæmileg. Hún lýsir því enn fremur hvernig undirokuð stöðluð kynhlutverk séu einungis til af þeim sökum að manneskjur veiti þeim líf aftur og aftur. Hún bendir á að konur séu skilgreindar út frá líffræði og út frá þeirri skilgreiningu séu þær undirokaðar, sem er þá vísunin í að þær séu hið seinna kyn (Butler, 1986). Hún kemur jafnframt fram með þá byltingarkenndu staðhæfingu, að líffræði stjórnar ekki lífi kvenna eða örlögum þeirra (Peña-Guzmán, 2016).

Þau sem styðja mótunarhyggjuna halda því fram, líkt og de Beauvoir, að einstaklingar búi yfir sínum eigin raunveruleika. Þau mótist síðan út frá sinni upplifun á þeim hugmyndum og þeirri menningu sem er ríkjandi á hverjum tíma fyrir sig. Í raun er mótunarhyggja að einhverju leyti reynslu- og þekkingarkenning (Sigríður Þorgeirsdóttir, 2001).

Butler (1990) kom fram með hugmyndina um kyngervis gjörning (*e. gender performativity*), sem vísar til þess að kyngervi sé ákveðinn gjörningur og sé aldrei fullmótað. Hún gerir greinarmun á kyni sem sé náttúrulega úthlutað okkur og kyngervi sem sé félagslegt og mótað af samfélaginu og þeirri tíð sem þú lifir í. Þrátt fyrir það er hún ekki alveg sammála mótunarhyggjunni og bendir á að kyn og kyngervi séu bæði undir kynjatvíhyggju (Butler, 1990). Einnig segir hún að kyn og kyngervi séu bæði undir kynjatvíhyggju (*e. binary gender*) og að kyngervi sé ekki eins óháð kyni og mótunarhyggjan geri ráð fyrir. Hún gagnrýnir þó kynjatvíhyggjuna og nefnir að það sé ekki hægt að vera viss um að karlmaður muni passa algjörlega við líkama karlmans eða að manneskja sem fæðist sem kona passi við kvenkyns líkama (Butler, 1990). Einnig segir hún að kyngervi geti ekki verið einungis einskorðað við kyn. Þrátt fyrir að vera á móti kerfi kynjatvíhyggjunnar, þá segir hún að ef kyngervi sé sett fram sem eitthvað óháð kyni þá geti verið hætt við að kyngervi verði á þann hátt að karlmaður og karlmennska muni jafn auðveldlega einkenna kvenkyns líkama líkt og karlkyns líkama. Sömuleiðis hið andstæða – að kona og kvenleiki muni geta skilgreint karlkyns líkama eins auðveldlega og kvenkyns líkama (Butler, 1990).

Dunne (1999) segir kyngervi vera óstöðug hlutverk sem virðast stöðug. Það verður þess valdandi að við erum stöðugt að sýna fram á hvaða kyn við erum í gegnum kyngervi. Það kyngervi fellur svo að kynjatvíhyggju kerfinu og erum við því í raun að framkvæma það kyngervi sem ætlast er af okkur. Butler (1990) bendir á að tvíhyggju kynjakerfi sé viðhaldið með þeirri trú að kyngervi endurspegli kyn einstaklings eða sé á einhvern hátt einskorðað við það. Butler (1990) segir að kyngervi sé sprottið upp frá félagslegri mótunarhyggju (e. *social constructionism*). Hægt er að tala um félagslega mótunarhyggju sem ákveðið andsvar við eðlishyggjunni. Þar er komið inn á að kyn (e. *sex*) og kyngervi (e. *gender*) séu ekki það sama, heldur sé kyn hið líffræðilega á meðan kyngervi sé hið samfélagslega. Hið síðarnefnda er oft mótað út frá gildum samfélagsins um hvað sé karlkyns og kvenkyns (Connell, 2005). Þetta á samleið við hugmyndir Beauvoir, þar sem hún talar um að manneskjur eigi að vera skilgreindar út frá sjálfum sér, frekar en því kyni sem þær tilheyra, eins og áður var bent á.

Butler (1990) talar mikið um að við sem manneskjur séum leikarar (e. *actors*) og vísar þannig til þess að við eigum okkar hlutverk í umhverfinu sem geta verið margs konar. Ein manneskja getur t.d. haft þau hlutverk að vera kona, kennari og foreldri (Butler, 1990). Hún telur að háttalag hverdagsins eins og tjáning, framsetning, reglur um klæðaburð og hegðun, ásamt ákveðnum bönnum og bannhelgi (e. *taboo*), vinni saman að þeim hugmyndum sem við höfum um karlmennsku og kvenleika (Butler, 1990). Á þennan hátt mótist síðan hugmyndir samfélagsins um það hvernig konur og karlar eigi að haga sér eftir ákveðnum ímyndum.

Breski heimspekingurinn John Stuart Mill (1997/1869) var á sama máli þegar kom að hegðun kynjanna. Hann taldi eðli kvenna í raun afleiðingu þess hvernig samfélagið og þjóðfélagið hefur komið fram við þær, en að ekki væri hægt að tala um kynhlutverk út frá náttúrunnar hendi. Einnig velti hann fyrir sér hvað yrði eftir hjá kynjunum ef tekin væru í burtu þau áhrif sem eru mótuð af samfélaginu og uppeldinu.

### **3.4.6 Kynbundið launamisrétti**

Eitt af því sem hefur einkennt atvinnumarkað alveg frá því að konur fóru að ryðja sér þar rúms er kynbundið launamisrétti en það er enn ein birtingarmynd valdamisræmis. Með kynbundnu launamisrétti er átt við að einstaklingar fá ekki greidd sömu laun fyrir sama starf á grundvelli kyns. Lengi vel var ábyrgðinni varpað á konur sjálfar (Anna Sigurðardóttir, 1985; Guðrún Guðmundsdóttir, 1985). Því hefur verið haldið fram að konur á vinnumarkaði skorti sjálfstraust sem hindri þær í því að sækjast eftir störfum. Einnig að forgangsröðun þeirra sé allt önnur en hjá karlmönnum þar sem þær láti heimilishald og barnauppleði ganga fyrir. Til að

kynin verði jöfn á vinnumarkaði þurfa viðhorf kynjanna til vinnumarkaðs og heimilis verði að vera hin sömu (Guðrún, 1985).

Á árinu 1975, fór fram könnun á Íslandi á launum kvenna á árstímabili, samanborið við laun karla. Sambærileg könnun var seinna framkvæmd árið 2010. Niðurstöður leiddu í ljós að launamunur kynjanna hafði minnkað á þessu tímabili, en þó vantaði ennþá 38% upp á að konur myndu ná jöfnum launum á við karlmenn á árstímabili (UN Women, 2010). Einnig er hægt að sjá inn á heimasíðu Hagstofunnar að óleiðréttur launamunur kynjanna á Íslandi árið 2017 var rúm 15% (Hagstofa Íslands, 2019). Einnig er til staðar óskýrður launamunur kynjanna, en með því er átt við þann mun sem stendur eftir þegar búið er að leiðrétta launamun út frá ýmsum breytum. Það er í raun ekki til hlutlægt svar við því hvers vegna þessi munur sé til staðar (Bandalag Háskólamanna, 2018). Árið 2017 sýndu útreikningar frá Hagstofunni að meðaltekjur háskólamenntaðra kvenna voru aðeins um 72% af launum karla sem höfðu sambærilega menntun (Hagstofa Íslands, 2019).

Launamun kynjanna er hægt að skoða út frá hugtakinu kvenleiki. Þær hugmyndir sem tengjast kvenleika hafa oftar en ekki minna virði í samfélaginu. Það á m.a. við um þau störf sem talin eru vera kvenleg eins og þau sem fela í sér umönnun. Þar eru launinn lægri en í öðrum hefðbundnum störfum sem karlmenn sinna (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2010). Breski félagsfræðingurinn Catherine Hakim (2006) er ekki alveg sammála þessu. Hún telur launamun kynjanna hvorki kominn til vegna feðraveldisins né vegna þess að það sem talið er kvenlegt sé metið lægra en karllægt. Hakim telur ábyrgðina liggja hjá konum sjálfum fyrir að ráða sig oftar í hlutastörf eða störf sem krefjast minni ábyrgðar og það leiði af sér lægri laun (Hakim, 2006). Þetta er sambærilegt því sem kom fram í *Sögulega yfirlitinu* hér að ofan, þar sem á síðustu öld var fyrirvinnuhugtakið alfarið tengt við karla (Rannveig, 2011). Þannig getur verið erfitt að kollvarpa því hugarfari að vinna kvenna sé jafn verðmæt og vinna karla (Hakim, 2006). Um þetta má nefna eina frásögn sem birtist á kjarnanum frá leikkonu sem hafði meiri starfsreynslu heldur en starfbróðir hennar:

Ég hafði unnið í leikhúsinu í 5 ár þegar bekkjarbróðir minn fékk þar samning. Framkvæmdastjórinn bauð honum strax að fara á launataxta ofar en ég, af því hann væri FYRIRVINNA, sjálf var ég einstæð móðir á þessum tíma. Þarna fattaði ég einhvernvegin svona alveg að ég sat ekki við sama borð og samferðamenn mínir. (Tjaldið fellur, e.d.).

## 4 Rannsóknaraðferð

### 4.1 Innihaldsgreining

Innihaldsgreining (e. *content analysis*) er rannsóknaraðferð þar sem flokkun og talning á texta gerir rannsakendum mögulegt að fara í gegnum mikinn texta á kerfisbundinn hátt og túlka í styttra máli. Það gerir þeim síðan kleift að greina ákveðin þemu úr gögnunum (Bauer og Gaskell, 2000). Bæði er hægt að framkvæma magnbundna innihaldsgreiningu (e. *quantitative content analysis*) og eigindlega innihaldsgreiningu (e. *qualitative content analysis*) (Kondracki, Wellman og Amundson, 2002). Sú fyrrnefnda var talin henta betur fyrir okkar viðfangsefni þar sem hægt var að flokka frásagnir kerfisbundið eftir þeim viðmiðum sem ákveðin voru fyrir kynferðislega áreitni. Þá var hægt að skoða hversu oft tiltekin birtingarmynd kynferðislegrar áreitni kom fram í frásögnum kvennanna og sömuleiðis var hægt að athuga hvaða aðili stóð að baki kynferðislegu áreitnarinnar. Að greiningu lokinni er hægt að skoða gögnin bæði á meginlegan og eigindlegan hátt (Krippendorff, 2004). Gögnin úr innihaldsgreiningunni sjálfri voru skoðuð á meginlegan hátt og þannig mátti sjá hvort að hlutfallslegur munur lægi á milli hópanna eða hvort þeir ættu eitthvað sameiginlegt. Sú aðferð gefur hins vegar takmarkaðar upplýsingar t.d. um aðstæður og því voru gögnin einnig skoðuð á eigindlegan hátt. Þannig mátti átta sig betur á því hvernig kynferðisleg áreitni birtist á milli hópanna og við hvaða aðstæður sem gefur skýrari niðurstöður.

### 4.2 Val á hópum

Til þess að skoða hvernig kynferðisleg áreitni birtist innan ákveðinna íslenskra starfsstétta var leitast við að skoða hópa sem voru sem mest ólíkir. Við val á hópum var lagt upp með að skoða hópa sem endurspegluðu fjölbreytileika á milli starfstétta þegar tekið er mið af karllægum og kvenlægum störfum. Með þessu móti vildum við skoða hvort, og þá hvernig, munur væri á birtingamynd kynferðislegrar áreitni innan hópanna. Einnig þótti okkur áhugaverður vinkill að athuga hvort það væri breytilegt á milli hópanna hverjir væru gerendur. Þ.e. hvort það voru samstarfsmenn, yfirmenn eða aðrir utanaðkomandi.

Til þess að halda umfangi rannsóknarinnar í skefjum voru fjórir hópar valdir af þeim hópum sem höfðu stigið fram með frásagnir í kjölfar Me too hreyfingarinnar á Íslandi. Það var gert með áður greindum sjónarmiðum að leiðarljósi. Greint verður nánar frá þessum hópum hér að neðan um leið og settur er fram rökstuðningur fyrir vali á hverjum og einum.

## ***Í skugga valdsins – konur í stjórnámálum***

Stjórnámálakonur mynduðu fyrsta hópinn sem steig fram hér á landi undir myllumerkinu #ískuggavaldsins, sem samanstóð af 133 frásögnum (Í skugga valdsins, e.d.). Þegar litið er á sögu stjórnamála á Íslandi má segja að um karllægan starfsvettvang sé að ræða. Alþingi er heimur stjórnamála sem lengi vel var umhverfi þar sem aðeins karlar áttu innangengt. Ingibjörg H. Bjarnason var fyrst kvenna til að ryðja sér rúms á Alþingi Íslendinga árið 1922, tæpri öld eftir stofnun þess (Alþingi, e.d.). Karlar á þingi voru ósáttir við veru Ingibjargar þar (Björg Einarsdóttir, 1986). Samkvæmt heimasíðu Alþingis, eru konur einungis 38% af kjörnum þingmönnum eða 24 af 63 (Alþingi, e.d.). Konur eru því enn í miklum minnihluta og þurfa oft en ekki að hafa meira fyrir því að ná velgengi á þessu sviði (Þorgerður Einarsdóttir og Guðbjörg Lilja Hjartardóttir, 2009). Bourdieu (1998/2000) bendir á að það sé samfélagslega viðurkennt að karlar séu yfirskipaðir konum og því geti fylgt táknrænt ofbeldi sem birtist m.a. í því að konur njóti ekki sömu tækifæra og/eða réttinda og karlar. Táknrænt ofbeldi getur verið til þess að konum finnist erfitt að koma inn á svið karla, sem t.d. stjórnámál eru. Það geti valdið þeim kvíða og sektarkennd, og jafnvel reiði vegna vanmáttar (Bourdieu, 1998/2000).

Feðraveldið spilar stóran þátt í samfélaginu og eru þar hugmyndir um kvenleika og karlmennsku ríkjandi. Með því er átti við að allt sem telst vera karllægt er meira metið en það sem telst vera kvenlægt (sjá nánar í köflunum *Feðraveldi* og *Kynjakerfi*). Þessum hugmyndum er viðhaldið m.a. með fjölmiðlaumfjöllun þar sem fjölmiðlar fjalla á ólíkan hátt um konur og karla. Þannig fá stjórnámálakonur öðruvísi umfjöllun heldur en stjórnámálakarlar. Rannsóknir hafa sýnt fram á að konur fá að jafnaði mikið minni fréttaumfjöllun en karlar og sömuleiðis fá kynin ólíkar umfjallanir (Valgerður Jóhannsdóttir og Þorgerður Einarsdóttir, 2015).

## ***Konur í heilbrigðisþjónustu***

Alls eru 32 löggildar stéttir innan heilbrigðiskerfisins sem flestar krefjast persónulegra samskipta. Þ.á.m. eru læknar, hjúkrunarfræðingar, sálfræðingar og fóttaaðgerðarfræðingar (Lög um heilbrigðisstarfsmenn nr. 34/2012). Alls voru 627 konur sem skrifuðu undir #metoo yfirlýsingu kvenna í heilbrigðiskerfinu þar af voru 300 hjúkrunarfræðingar og 36 hjúkrunarfræðinemar. Birtar voru 53 frásagnir á Kjarnanum frá þeim hópi (Yfirlýsing kvenna í heilbrigðiskerfinu, e.d.). Þar sem starfssvið hjúkrunarfræðinga er frekar kvenlægur vettvangur þótti okkur áhugavert að skoða það til að fá andstæðan vinkil á konur í stjórnámálum. Kynferðisleg áreitni gagnvart starfsfólki í heilbrigðisþjónustu er ekki óþekkt hér á landi en í könnun frá árinu 1996 sögðust 27% hjúkrunarfræðinga hafa orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi á vinnustað (Guðlaug J. Sturludóttir og Steinunn Gestsdóttir, 1996).



Heilbrigðisstéttinn samanstendur þó ekki einungis af kvenlægum starfsvettvöngum þó að hjúkrunarstörf hafi haldist nokkuð innan þess sviðs frá upphafi. Starfsvettvangur lækna var til dæmis mjög karllægur þó það sé vissulega breytt í dag. Konur höfðu upphaflega ekki heimild til þess að leggja stund á læknisfræði og var Elisabeth Blackwell fyrst kvenna til þess að hljóta formlega læknisgráðu árið 1849 (Grace, 1991). Nokkrar konur höfðu stundað læknisvísindi fyrir þann tíma en engin formlega. Árið 1845 leitaði vinkona Elisabeth til hennar þar sem hún var að deyja úr „dularfullum“ kvenkynssjúkdómi sem lagðist á legið. Hún hafði ekki leitað sér læknisaðstoðar áður þar sem henni þótti neyðarlegt að ræða þessi mál við karlkyns lækni. Eftir að vinkona hennar lést af sjúkdómi sínum sá Elisabeth að þörf væri á kvenkyns læknum og ákvað því sjálf að taka af skarið. Hún skrifaði nokkrum mikils metnum læknum bréf og tjáði þeim frá hugmyndum sínum. Svörin voru hins vegar öll á þá leið að vissulega væri þörf á kvenkyns læknum en sú hugmynd væri ómöguleg í framkvæmd þar sem konur gæti ekki orðið læknar. Hún fékk þó að lokum inngöngu í skóla (Grace, 1991). Okkur þótti áhugavert að skoða frásagnir kvenna í heilbrigðisþjónustu einmitt vegna þess að upphaflega var skipting innan vettvangsins svipuð og innan heimilinna, þ.e. konur voru í umönnunar hlutverki á meðan karlar sinntu ábyrgðarhlutverkum.

### ***Lending – konur í flugi***

Alls voru 27 frásagnir sem flugfreyjur birtu á Kjarnanum (Lending, e.d.). Það vakti athygli okkar að í rannsókn á íslenskum flugfreyjum frá árinu 2003 sögðust tæp 40% svarenda hafa orðið fyrir kynferðislegri áreitni á vinnustað. Rúmlega 30% sögðust hafa orðið fyrir áreitni tvisvar sinnum eða oftar (Herdís Sveinsdóttir, Hólmfríður K. Gunnarsdóttir og Hildur Friðriksdóttir, 2003). Okkur þótti þetta nokkuð hátt hlutfall og vildum skoða það betur. Líkt og með heilbrigðisstéttina er starfsvettvangur flugfreyja kvenlægur og þótti okkur áhugavert að upphaflega þurftu flugfreyjur að vera þjálfaðar í hjúkrun og voru í klæðnaði sem svipaði til klæðnaði hjúkrunarfræðinga (Berry, 2007). Þær báru fram mat og drykk til farþega og gáfu lyf ef þurfti (Douglas, 1940). Í seinni heimstyrjöldinni reyndist erfitt að manna flugvélar með hjúkrunarfræðingum og varð sú krafa látin niður falla (Kolm, 2003). Síðar, með tilkomu nýrri og betri véla, var ekki sama þörf til staðar fyrir hjúkrunarfræðinga um borð (Lyth, 2009). Við það breyttist starf flugfreyja úr nokkurs konar umönnunarstarfi í þjónustustarf eins og við þekkjum það í dag.

Hochschild (1983) talaði um tilfinningalega vinnu (e. *emotional labor*) flugfreyja. Með því átti hún við að flugfreyjur eigi að bæla niður eigin líðan og tilfinningar svo þær geti veitt betri þjónustu. Þar með eru þær orðnar að söluvöru fyrirtækisins (Hochschild, 1983).

Spiess og Waring (2005) voru ekki sammála Hochschild og töldu hugtakið „fagurfræðileg vinna“ (e. *aesthetic labor*) betri skilgreiningu. Með því eiga þeir við vinnu sem leggur áherslu á útlit einstaklingsins og er ímynd vörumerkis færð yfir á einstaklinginn (Spiess og Waring, 2005). Enn í dag eru dæmi um strangar útlitsreglur flugfreyja og hafa þær jafnvel átt það á hættu að missa starfið ef þær uppfylli ekki skilyrðin er snúa að útliti. Sem dæmi má nefna að árið 2015 var um 600 flugfreyjum hjá Air India gefinn sex mánaða frestur til þess að grenna sig, annars gætu þær misst starfið sitt (Kim, 2016). Miðað við þetta á hugtakið „*hin kynferðislega aðgengilega kona*“ vel við hér, sem vísar til þess að konur eigi að vera kynferðislega aðgengilegar.

### ***Tjaldið fellur – konur í sviðslistum og kvikmyndagerð***

Eins og fram hefur komið hófst notkun á myllumerkinu #metoo hjá leikkonunni Alyssa Milano. Það varð síðan til þess að konur um allan heim tóku að deila sögum sínum undir sama merki. Íslenskar leikkonur birtu 62 frásagnir á Kjarnanum í kjölfar Me too hreyfingarinnar (Tjaldið fellur, e.d.). Við ákváðum að innihaldsgreina þessar frásagnir vegna þess að starfsstétt leikara og leikkvenna er hlutlaust á þann hátt að það er hvorki karlægt né kvenlægt. Sú hefur reyndin þó ekki alltaf verið. Það var ekki fyrr en á 16. öld sem konur fóru fyrst að stíga á svið í leiklistum. Fyrir þann tíma þótti leiklist ekki sæma kvenfólki því það var tengt við vændis- og gleðikonur. Í leikritum Shakespeare voru það til dæmis drengir klæddir kvenmansfötum sem fóru með hlutverk kvenna (Neziroski, 2003). Það var árið 1629 sem leikkonur sáust fyrst á sviði í Englandi þegar leikflokkur frá Frakklandi sem skipaður var bæði körlum og konum komu til landsins. Frönsku leikkonurnar fengu slæmar móttökur frá áhofendum og hrökkludust af sviðinu. Nokkrum vikum seinna gerði leikflokkurinn aðra tilraun en við sömu dræmu undirtektir (Adams, 1904).

Þrátt fyrir að tímarnir hafi breyst og kvenhlutverk séu að öllu jafna leikin af konum nú til dags virðist vera mikill kynjahalli þegar kemur að kvikmyndaheiminum. Ef litið er t.d. til starfs leikstjóra sjáum við að af 250 söluhæstu kvikmyndunum í Bandaríkjunum árið 2018 voru aðeins 8% þeirra leikstýrt af konum. Sömu sögu er að segja af kvenkyns handritshöfundum sama ár, sem voru 16% og framleiðendum sem voru 26% (Lauzen, 2019). Okkur þótti þessar upplýsingar mjög áhugaverðar í ljósi þess hve hátt hlutfall karla eru þá í valdastöðum yfir leikkonum í kvikmyndabransanum og sömuleiðis þótti okkur athyglisvert að skoða frásagnir íslenskra leikkvenna með tilliti til hverjir voru yfirleitt gerendur í þeirra tilvikum.

### 4.3 Viðmið

Til þess að flokka frásagnirnar kerfisbundið ákváðum við að styðjast við hugtök sem fram koma í 2. grein laga um jafnan rétt og jafna stöðu kynjanna (2008/10). Þar segir að kynferðisleg áreitni geti verið orðbundin, líkamleg eða táknræn. Til þess að skilgreina þessi hugtök betur var stuðst við netbækling gefinn út af ASÍ, BHM, BSRB, KÍ, Jafnréttisráði og Jafnréttisstofu (2018b). Í bæklingnum er kynferðisleg- og kynbundin áreitni og ofbeldi skilgreind auk þess sem nefnd eru dæmi um hvernig áreitni af því tagi birtist. Þá er kynbundin- og kynferðisleg áreitni og ofbeldi skilgreind (líkt og í lögnum) á þrjá vegu: *orðbundið, táknrænt og líkamlegt*.

Með orðbundnu áreitni er átt við nærgöngular spurningar er snúa að kynlífi og einkalífi, kynferðislegar spurningar, -athugasemdir eða -grín og þegar þrýst er á um kynferðislega greiða, svo fátt eitt sé nefnt. Þegar talað er um líkamlega kynferðislega áreitni er t.d. átt við nauðgun eða tilraun til nauðgunar. Allar óvelkomnar snertingar, hvort um er að ræða faðmlög, kossa, stókur, að slá eða rasskella, falla einnig undir líkamlega kynferðislega áreitni. Sömuleiðis þegar farið er inn á persónulegt rými einstaklinga með því að halla sér yfir þá eða króa þá af, þótt ekki sé um eiginlega snertingu að ræða enda sé hegðunin óvelkomin. Táknræn kynferðisleg áreitni getur t.d. verið þegar hengt er upp kynferðislegt myndefni eða annað kynferðislegt efni til þess að niðurlægja einstakling. Einnig hegðun sem gefur eitthvað kynferðislegt til kynna t.d. augngotur og senda eða sýna viðkomandi kynferðislegt efni í gegn um tölvupóst eða síma (ASÍ o.fl., 2018b).

Fljótlega varð ljóst að þessir þrír flokkar náðu ekki utan um allar þær ólíku birtingarmyndir kynferðislegrar áreitni og ofbeldis sem lýst er í frásögnunum og margar sem féllu því utan flokka. Við sáum mikla hlutgervingu eiga sér stað en einnig valdamisræmi og þöggun. Við ákváðum því að bæta við þessum þremur flokkum, til þess að gera frásögnunum betur skil. Þær frásagnir sem féllu utan flokka voru settar í óskilgreindan flokk sem kallaður var „annað“. Flokkarnir urðu því að lokum sjö talsins og unnið var eftir neðan greindum viðmiðum við innihaldsgreininguna:

#### ***Kynferðisleg hlutgerving (e. sexual objectification)***

Þegar hlutgerving er nefnd er átt við að komið sé fram við einstakling sem hlut, en ekki hugsandi einstakling með tilfinningar (Heflick, Goldenberg, Cooper og Puvia, 2011). Fredrickson og Roberts (1997) settu fram kenningu um hlutgervingu. Í henni felst að allar konur eru láttnar falla undir ákveðnar menningarlegar hefðir (t.d. hvernig kvenlíkaminn er sýndur í fjölmiðlum, kynferðislegt ofbeldi og að konur séu álitnar sýningargripir) sem hefur

þær afleiðingar í för með sér að kvenlíkaminn er kynferðislega hlutgerður. Einnig er einungis komið fram við kvenlíkamann sem hlut sem sé aðeins til í þessum heimi til notkunar fyrir aðra. Konum og körlum er kennt frá unga aldri að kvenlíkaminn sé stór hluti af sjálfsmýnd kvenna á meðan það er ekki lögð sama áhersla á það hjá körlum. Með því er átt við að hlutgervingin byrjar snemma og nær til beggja kynja, þó á mismunandi hátt (Szymanski og Henning, 2007). Hugmyndir Fredrikson og Roberts um hlutgervingu svipa mjög til valdakenningarinnar sem Susan Bordo setti fram og fjallað er um hér að ofan. Með þetta að leiðarljósi féllu þær frásagnir inn í þennan flokk þar sem konur voru hlutgerðar kynferðislega, einnig á kynbundinn máta. Með því er t.d. átt við ef gefið er í skyn að kona hafi ekkert fram að færa nema fagurt andlit og lítið er fram hjá hæfni hennar til að sinna ákveðnu starfi.

### ***Þöggun (e. silencing)***

Í þennan flokk féllu þær frásagnir sem greindu frá beitingu þöggunar til þess að sporna við því að konur segðu frá ofbeldi eða öðru misrétti sem þær voru beittar. Jafnvel til þess að þagga niður skoðanir þeirra sem féllu ekki í kramið. Rætt hefur verið um þöggunarkenninguna hér fyrr í ritgerðinni þar sem konur og annað fólk í minnihlutahópum er þaggað niður af þeim sem valdameiri eru. Þótt einstaklingar sem eru í minnihlutahópum eða sem tengjast minnihlutahópum hafi eitthvað til málanna að leggja, þá hafa þeir lítið vald til að tjá sig og lenda oft í vandræðum fyrir vikið (Kramarae, 2005). Þannig gæti kona sem segir frá kynferðislegri áreitni á vinnustað átt von á því að lenda í erfiðleikum í kjölfarið. Einnig gæti kona sem hefur andstæðar skoðanir á við karl orðið fyrir persónuárásum eins og sést í mörgum frásögnum kvennanna. Einstaklingar í valdastöðum virða skoðanir þeirra valdaminni að vettugi og gera lítið úr þeim. Þekking einstaklinga í valdaminni stöðum er ekki talin nægileg þegar kemur að ákvarðanatöku sem snertir almenning eða stefnumótum í samfélaginu. Þannig er reynsla fólks oft hunsuð og túlkuð fyrir þeirra hönd (Kramarae, 2005).

### ***Valdamisræmi (e. gendered power discrepancy)***

Valdamisræmi getur haft margvíslegar birtingamyndir. Ein af þeim er hið útbreidda kerfi feðraveldi (e. *Patriarchy*) sem fjallað er um hér að ofan. Hugtakið feðraveldi vísar til karlaveldis þar sem karlar eru ráðandi yfir konum. Einnig er það skilgreint sem lýsing á „því félagslega yfirráðakerfi þar sem karlar njóta góðs af kerfisbundinni undirskipun kvenna“ (Jafnréttisstofa, e.d.).

Oft þegar kynferðisleg áreitni á sér stað eru gerendur að sýna þolendum að þeir hafi vald yfir þeim. Það er ákveðin leið til þess að niðurlægja einstaklinginn. Misjafnt er hvort það sé meðvitað eða ómeðvitað. Algengt er að áreitni eigi sér stað þegar konur ögra kynhlutverkum

sínum og stíga inn í heim þar sem karlmenn hafa alltaf ráðið ríkjum (Steinunn, 2015).

Mismunandi breytur geta spilað inn í sem setur einstakling í valdastöðu gagnvart öðrum. Það getur m.a. verið út frá aldri, kyni og hærri stöðu í starfi. Starfsaldur getur einnig skapað valdamisræmi á milli einstaklinga þar sem reynslumeiri einstaklingur leyfir sér að fara yfir mörk reynsluminni starfsmanns (Steinunn, 2015). Valdamisræmi vegna aldurs er algengt ef marka má niðurstöður rannsóknar frá Háskóla Íslands og Starfsgreinasambandi Íslands sem fram komu hér á undan. Þar sýnir að tæplega 70% svarenda upplifðu alvarlega kynferðislega áreitni í starfi fyrir 24 ára aldur (Steinunn, 2015). Þetta rennir stoðum undir þá kenningu að kynferðisleg áreitni sé afleiðing valda ójafnvægis því ungir einstaklingar eru oft valdaminni heldur en þeir sem eldri eru og hafa meiri reynslu (Steinunn, 2015).

### *Annað*

Í þennan flokk féllu allar þær frásagnir af kynferðislegri eða kynbundinni áreitni sem pössuðu ekki undir viðmið annarra flokka. Við framkvæmd innihaldsgreiningarinnar vögnuðu einnig spurningar um hverjir væru gerendur og hvort munur væri á birtingamynd kynferðislegrar áreitni eftir stöðu þess sem henni beitir. Með því er átt við hvort birtingamyndin sé mismunandi á milli yfirmanna, samstarfsmanna eða annara utanaðkomandi aðila. Við tókum því einnig saman hverjir voru gerendur í frásögnum kvennanna og skiptum þeim í fjóra flokka. Flokkarnir voru: yfirmaður, samstarfsmaður eða utanaðkomandi aðili, þ.e. skjólstæðingur, viðskiptavinur, kjósandi o.s.frv. Að lokum féllu þær frásagnir í óskilgreindan flokk þar sem ekki var tekið fram hver gerandinn var.

## **4.4 Framkvæmd**

Fyrir rannsóknina var sett upp kóðunarkerfi sem innihélt þá þætti sem átti að skoða (sjá töflu 1). Magnbundin innihaldsgreining var notuð til þess að greina þær 275 frásagnir kvenna, frá fjórum ólíkum starfsstéttum, sem birtar voru á vefsíðu Kjarnans (Bára H. Beck, 2017). Gögnin voru lesin yfir, flokkuð og skráð inn í kóðunarkerfið. Í fyrstu yfirferð unnum við að innihaldsgreiningu frásagna hver í sínu lagi en framkvæmdum innihaldsgreiningu í sameiningu í seinni yfirferðinni. Fyrri og seinni yfirferðirnar voru að lokum bornar saman og voru þær samsvarandi, sem eykur bæði réttmæti og áreiðanleika rannsóknarinnar. Ein okkar vann að lokum innihaldsgreininguna sem sneri að gerendum þar sem engin tvímæli voru um hvað féll undir hvaða flokk.

Tafla 1. Flokkar yfir birtingamyndir kynferðislegrar áreitni fyrir #metoo frásagnir

---

<i>K1 kynferðisleg- og kynbundin áreitni (flokkunarkvarði)</i>
1 = orðbundið
2 = táknænt
3 = líkamlegt
4 = hlutgerving
5 = þöggun
6 = valdamisræmi
7 = annað
<i>K2 Gerendur (flokkunarkvarði)</i>
1 = yfirmaður
2 = samstarfsmaður
3 = utanaðkomandi
4 = ótilgreint

---

Með því að framkvæma innihaldsgreiningu var leitast eftir að varpa ljósi á þær birtingamyndir kynferðislegrar áreitnar sem greint var frá í frásögnum kvennanna. Einnig til að skoða tengingu á milli stöðu gerenda með tilliti til valda kenninga. Vert er að taka fram að eftirfarandi niðurstöður hafa takmarkað alhæfingargildi vegna þess hve fáar frásagnir voru í hverjum flokki fyrir sig. Þrátt fyrir það að ættu niðurstöðurnar að gefa okkur einhverja mynd af því hvernig kynferðislegt áreitni birtist innan og á milli þessara tilteknu starfstétta.


## 5 Niðurstöður

### 5.2. Niðurstöður innihaldsgreiningar

Í þessum kafla verður rýnt í niðurstöður úr innihaldsgreiningunni sem framkvæmd var. Byrjað verður á því að skoða hvernig kynferðisleg áreitni birtist innan starfstéttanna (stjórn mála, flugi, heilbrigðiskerfinu, sviðslistum og kvikmyndagerð). Vitnað verður í frásagnir, málinu til stuðnings. Í kjölfarið verður farið yfir það hver beitti kynferðislegri áreitni og skoðað hvað er sérstak við hverja stétt fyrir sig. Við yfirferð verða femínísk hugtök og hugmyndafræði, sem stiklað var á stóru um hér fyrir ofan, höfð til hliðsjónar ásamt valda kenningum.

#### Orðbundið

Eins og mynd 1 sýnir, var orðbundin áreitni algengust á meðal allra þeirra fjögurra starfstétta sem skoðaðar voru. Kom í ljós að flugfreyjur virtust skera sig úr, bæði þegar kemur að orðbundinni- og líkamlegri kynferðislegri áreitni. Orðbundin kynferðisleg áreitni kom fram í frásögnum kvenna í flugi í 74% tilvika, sem eru 21 af 28 frásögnum. Líkamleg áreitni kom fram í 48% tilvika sem eru 14 frásagnir af 28 (sjá mynd 1).



Mynd 1. Samanburður á birtingarmynd kynferðislegrar áreitni

Ef skoðuð eru dæmi um orðbundna áreitni innan flugstéttar er ekki óalgengt að henni fylgi einnig líkamleg áreitni, t.a.m. hljóðar ein frásögn svona:

Það fór síðan þannig í þessari ferð að mikill tími minn fór í að flýja undan ágangi þessa manns. Fyrsta kvöldið fór ég með honum, ásamt fleirum úr áhöfninni, út að borða og hann var stöðugt með óviðeigandi athugasemdir um útlit mitt og reynandi að snerta mig. Hann hékk svo á hótelherbergishurðinni minni, bankandi og kallandi og viðbrögð mín og samstarfskonu minnar voru þau að reyna að láta sem minnst fyrir okkur fara svo hann héldi að við værum úti. (Lending, e.d.)

Þessar niðurstöður koma heim og saman við fyrri rannsóknir sem gerðar hafa verið á kynferðislegri áreitni gagnvart flugfreyjum og nefndar voru í kaflanum hér að ofan. Eins og áður hefur fram komið, hafa flugfélög markaðsett flugfreyjur sem kynferðislega aðgengilegar, sem vísar til hinnar kynferðislega aðgengilegu konu. Kynferðisleg áreitni virðist því loða við starfið. Svo virðist vera að körlum þyki það beinlínis eðlileg hegðun að beita konur, sem starfa innan þessarar starfsstéttar, kynferðislegri áreitni.

Niðurstöður úr innihaldsgreiningu *Í skugga valdsins* leiddu í ljós að stjórnmalakonur upplifðu orðbundna áreitni í 52% tilvika, sem eru 70 frásagnir af alls 133 (sjá mynd 1). Hlutgerving fylgdi fast á eftir, eða í um 48% tilvika þ.e. 65 frásagnir. Þá virðist sem orðbundin áreitni og hlutgerving haldist í hendur hjá stjórnmalakönnum. Þar sögðu margar konur frá því að gefið væri í skyn að þær hefðu lítið til málanna að leggja. Ein stjórnmalakona nefndi dæmi um það „*Þegar ónefndur karl í flokknum mínum sagði að það væri frábært að ég ætlaði að taka sæti á lista hjá flokknum, því það væri svo gott að hafa svona „sæta og ljóshærða stelpu á lista“* (Í skugga valdsins, e.d.). Þá var önnur kona sem sagði frá því þegar hún var í vinnustaðaheimsókn með oddvita framboðsins, að honum hefði verið hrósað fyrir „*að hafa eina svona fallega*“ (Í skugga valdsins, e.d.). Með þessari framkomu í garð kvenna í stjórnmalum má sjá hvernig áhrif birtingarmynd á undirskipun kvenna getur haft, ef lítið er til opinbera sviðs kynjakerfisins sem m.a. Walby hefur gert skil.

Líkt og í fyrrnefndum starfstéttum, þá var orðbundin áreitni algengust hjá konum í heilbrigðiskerfinu. Um 35 frásagnir af 53 innihéldu orðbundna áreitni, sem eru 66% frásagnanna (sjá mynd 1). Líkt og með konur í stjórnmalum þá var algengt að orðbundin áreitni og hlutgerving héldust í hendur, þar sem hin orðbundna áreitni sneri oft að því hvernig þær konur sem starfa innan heilbrigðisstéttarinnar líta út. Einnig eru þær ýmist beðnar um að koma upp í rúm af skjólstæðingum eða beðnar um neðan þvott, bæði af aðstandendum skjólstæðinga



og af skjólstæðingunum sjálfum. Aðallega voru það eldri karlmenn sem vildu að yngra, kvenkyns starfsfólk myndi sinna þeim verkum. Ein kvennanna segir frá: „*Faðir hans stóð hjá og segir við mig hvort ég ætli ekki svo að gefa syni sínum góðan og langan neðanþvott í leiðinni, með glott á svip*” (Yfirlýsing kvenna í heilbrigðiskerfinu, e.d.). Önnur frásögn er af fullorðnum manni sem segir við hjúkrunarfræðing þegar hún er að taka blóðprufu hjá honum: „*ég ætti að læsa herberginu, henda þér upp á bekkinn og ríða þér*” (Yfirlýsing kvenna í heilbrigðiskerfinu, e.d.). Kemur þetta heim og saman við þær kenningar sem bæði snúa að hlutgervingu og að hinni kynferðislega aðgengilegu konu. Með því að það sé samfélagslega viðurkennt að konur eigi að vera kynferðislega aðgengilegar þá virðast margir karlmenn ná að réttlæta það fyrir sjálfum sér að áreita þær.

Sjá má hina kynferðislega aðgengilega konu þegar litið er til birtingarmyndar orðbundinnar áreitni hjá konum í sviðslistum- og kvikmyndagerð. Í mörgum tilfellum er líka um líkamlega áreitni að ræða, líkt og hjá flugfreyjum. Dæmi um frásögn þar sem hægt er að sjá bæði orðbundna- og líkamlega áreitni er: „*Á einni æfingunni þegar búningurinn var fullunninn og ég gat æft mig í honum, gekk hann framhjá mér, kleip í rassinn á mér og sagði : Mig hefur aldrei langað eins mikið í þig eins og núna*” (Tjaldið fellur, e.d.). Þarna kemur einnig hin kynferðislega aðgengilega kona vel í ljós þar sem honum þótti þetta ekki mikið tiltökumál og segir hún sjálf: „*Ég geri mér grein fyrir að þetta var bara grín af hans hálfu en ég varð svo óörugg eftir á og fannst ég niðurlægð*” (Tjaldið fellur, e.d.). Þessi frásögn ber einnig vott um styðjandi kvenleika, þar sem hún gerir litið úr þeirri áreitni sem hún varð fyrir, sem styrkir hina ráðandi karlmennsku. Eins og áður kemur fram eru það algeng viðbrögð kvenna til að m.a. halda friðinn og vilja ekki gera mál úr hlutunum.

### **Þöggun**

Ef við lítum yfir þær sögur af áreitni þar sem þöggun af einhverju tagi á sér stað eru tilfjallin ekki mörg (sjá mynd 1). Með frásögnum sem innihalda þöggun er hægt að hafa samhliða frásagnir þar sem konurnar eru meðvitaðar um einstakling sem áreitir og grípa til aðgerða til að reyna losna undan þeirri áreitni eða vara aðrar við. Slíkar frásagnir var að finna í öllum 4 stéttunum sem skoðaðar voru.

Innan heilbrigðisstéttarinnar voru sögur þar sem konurnar voru bæði varaðar við skjólstæðingum og samstarfsmönnum sem sýndu af sér óviðeigandi hegðun. Þá er ítrekað nefnt að sá sem áreitir sé einstaklingur sem margar kannist við. Þær hafi verið varaðar við viðkomandi eða þá spurðar: „*Ertu eitthvað búin að lenda í honum XX?*“ (Yfirlýsing kvenna í

heilbrigðiskerfinu, e.d.). Í sögum frá stjórnmalakonum má greina svipað andrúmsloft en þar greinir ein frá:

Ég byrjaði að vinna hjá opinberri stofnun á vegum borgarinnar í tímabundinni samráðningu á svipuðum tíma og ég var í framboði fyrir nærri 20 árum. Ég var vöruð við einum eldri karlmanni sem starfaði þarna. Samstarfskonur sögðu, passaðu þig á því að vera aldrei ein með honum á skrifstofu, ekki segja já ef hann biður þig að vinna með sér verkefni fram eftir og aldrei þiggja far með honum heim. (Í skugga valdsins, e.d.)

Þarna er heldur ekkert verið að aðhafast. Sama má segja um frásagnir innan sviðslista- og kvikmyndagerðar. Þar lagði reyndari starfsmaður sig fram við að reyna að vernda þær nýju og óreyndu þar sem hún lagði þeim línurnar um hverja þær skyldu forðast (Tjaldið fellur, e.d.) Í frásögnum flugfreyja fengu þær nýbyrjuðu að heyra sögusagnir um hvaða karlmanns samstarfsmenn þær skyldu varast:

Ég var að aðstoða frammí og á leið til USA. Var búin að fljúga áður með captaininum og reyndar heyra sögur af honum áður. Fannst hann gefa mér óþægilegt “vibe” og meðvitað forðaðist ég það að gefa mig nokkuð að honum. (Lending, e.d.)

Í frásögnum sem þessari má sjá birtingarmynd af hinu margumtalaða feðraveldi. Innan feðraveldisins má sjá undirokun kvenna eins og áður hefur verið bent á, ásamt styðjandi kvenleika, sem sést í þessari frásögn og öðrum sambærilegum. Þeirra leið til að þrífast í umhverfi sem þessu er að standa saman í hljóði eða láta kyrrt liggja. Þær láta ekki í ljós óánægju sína af ótta við viðbrögð og þá hvort frásagnir þeirra fái áheyrn eður ei. Það er sambærilegt því sem áður hefur komið fram. Í sumum frásögnum kom fram að búið væri að fara lengra með málið en það þaggað niður, m.a. með aðgerðarleysi í kjölfar tilkynningar. Þær konur sem sögðu frá voru beðnar um að harka af sér og reyna að venjast þessum aðstæðum, þar sem þær væru algengar. Það tengist beint inn á þöggunarkenninguna þar sem þeir valdameiri virða að vettugi þá valdaminni og það sem þeir hafa að segja. Ein kona bendir á að þöggun í kringum þá sem áreita kynferðislega sé mikil þar sem þeir geti fengið tækifæri til að brjóta af sér aftur: „*Á mínum*

*vinnustað hafa konur margoft kvartað undan einum starfsmanni. Ekkert er gert. Hann heldur áfram og tekur nýja kvenkyns starfsmenn fyrir” (Yfirlýsing kvenna í heilbrigðiskerfinu, e.d.).*

Einnig var til staðar þöggun í formi andlegs ofbeldis, þar sem m.a. var um hótanir að ræða og reynt að grafa undan faglegu starfi kvennanna. Sumar segja frá því að í kjölfar þess að hafa verið beittar kynferðislegri áreitni hafi þær reynt að grafa þessar upplifanir niður en í kjölfar Me too hreyfingarinnar séu þær að koma upp á yfirborðið aftur. Þær höfðu talið sér trú um að ekkert slæmt hafi komið fyrir þær í starfi og farnar að líta á kynferðislegu áreitnina sem hluta af starfi sínu (Yfirlýsing kvenna í heilbrigðiskerfinu, e.d.). Með tíð og tíma virðist kynferðisleg áreitni ná að verða ómeðvitaður hluti af starfi kvennanna. Eins og ein nefnir varðandi þá áreitni sem hún og samstarfskonur hennar urðu fyrir, þá: „*sé það hér um bil samþykkt að láta kynferðislegar athugasemdir sem vind um eyru þjóta, láta eins og strokur og káf eigi sér ekki stað. Eða láta í það minnsta nægja að hrista höfuðið yfir því inni á vaktherbergi“* (Yfirlýsing kvenna í heilbrigðiskerfinu, e.d.). Margar frásagnirnar hafa það sameiginlegt að það er ekki hlustað á konurnar þegar þær segja frá kynferðislegri áreitni eða að viðbrögðin sem það vekur eru á þá leið að þær álíta það einfaldara að aðhafast ekki frekar.

Líkt og greint er frá í þöggunarkenningunni hér fyrr í ritgerðinni þá hafa konur ekki sama svigrúm og karlar þegar kemur að því að tjá sig. Kynferðisleg áreitni er sakhæft athæfi en þrátt fyrir það verða konur yfirleitt fyrir frekari óþægindum þegar þær aðhafast í kjölfar áreitninnar. Þetta á ekki aðeins við þegar konur segja frá kynferðislegri áreitni heldur einnig þegar konur hafa andstæðar skoðanir við þá valda meiri. Það sést greinilega í frásögnunum frá konum í stjórnámálum. Þar er m.a. gert lítið úr þeirra persónu fyrir það að lýsa andstæðri skoðun: „*Ég gæti talið upp ótal atvik, þar sem lítið var gert úr mér, mér ýtt til hliðar og sagt hreinlega að ég hefði ekki vit á ýmsu, sem ég vissi fullvel að ég var betur inn í en sá sem talaði [...]*” (Í skugga valdsins, e.d.). Jafnvel var lagst svo lágt að beita konurnar persónuárásam og haft í hótunum við þær:

Eftir umræðu í borgarstjórn þar sem ég talaði fyrir því að borgarstjórn álykta gegn klámráðstefnu sem var fyrirhuguð á vegum erlendra aðila. Þverpólitísk samstaða náðist en þegar ég kom heim biðu mín grófar nauðgunarhótanir sem lögreglan m.a. rak í tölvu starfsmanna á líkamsræstastöð, engin leið var að finna út hver bæri ábyrgð á þessu. Næstu mánuði var ég extra vör um mig enda bjó ég á jarðhæð og var oft ein heima með lítið barn. Ég lét eins og þetta hefði ekki haft áhrif á mig út á við en mér stóð ekki á sama og hugsaði mig tvisvar um áður

en ég fór í umdeild mál. Ég hélt samt áfram að berjast í sömu málum og lét þetta ekki stoppa mig en ég vissi nú að fórnarkostnaðurinn gæti verið öryggi mitt. (Í skugga valdsins, e.d.)

Gera má ráð fyrir því að ástæðan fyrir hótunum gagnvart konunni hafi verið til að þagga niður í henni. Það er ekki óalgengt, ef marka má frásagnir kvennanna, þegar konur hafa eitthvað til málanna að leggja sem fellur ekki í kramið hjá öðrum. Hér er hægt að benda á hvað konurnar fara fram á í yfirlýsingum sínum með frásögnunum eins og búið er að fjalla um áður. Þar kalla þær eftir hnitmiðaðri viðbragðsáætlun í kjölfarið á áreitni sem þessum. Ef slík áætlun er til þarf að fylgja henni eftir og ef árangur næst þar innan vinnustaða má gera ráð fyrir að tilfelli sem þessum fari fækkandi (Vísindasamfélagið, e.d.). Innan feðraveldisins hefur reynst erfitt fyrir konur að stíga fram með frásagnir er varða kynferðislega áreitni þar sem þær hafa ekki alltaf orkuna til þess að sannfæra aðra um sannleiksgildi þeirra. Þær halda því frekar þögn sinni sem birtist í styðjandi kvenleika við ráðandi karlmennsku. Innan frásagna kvenna í heilbrigðiskerfinu (e.d.) steig ein fram og nefndi að hún hafi reynt að skrifa grein um þá kynferðislegu áreitni sem konur verða fyrir innan heilbrigðisstéttarinnar og fékk hún í kjölfarið slæm viðbrögð frá fólki:

Það var til dæmis skrifuð grein um hvað ég væri fáránleg og í hundradavís af kommentum var ýmist sagt að útlits míns vegna gæti ég ekki ætlast til að annars en slíkrar áreitni eða að ég þyrfti augljóslega bara að láta ríða mér. Innan spítalans heyrði ég fleiri en eina og fleiri en tvær sögur af því að það væri talað um á kaffistofunum hvað ég væri athyglissjúk, ég kynni ekki að þegja og að ég væri óþolandi. Karlkyns læknum, samstarfsfólki mínu á hverjum degi, fannst voða fyndið að segja ekki þora að segja neitt við mig af ótta við að ég færi með það í fréttirnar. (Yfirlýsing kvenna í heilbrigðiskerfinu, e.d.).

Eftir að Me too hreyfingin hófst hefur verið tekið mark á frásögn þessari, hún sýnir svart á hvítu að konur hafa stigið fram áður en verið þaggaðar niður. Það virðist svo vera að samfélagið hafi ekki verið í stakk búið til að takast á við frásagnir af þessu tagi fyrr.

## **Táknrænt**

Ekki var mikið um frásagnir sem innihéldu einungis táknræna áreitni (sjá mynd 1). Dæmi um frásagnir sem innihalda táknræna áreitni frá konum innan heilbrigðisstéttarinnar má nefna frásögn þar sem kemur fram að sjúklingur hafi tekið um kynfæri sín og sagt henni að fara úr buxunum (Yfirlýsing kvenna í heilbrigðiskerfinu, e.d.). Ein sagði frá því að í starfi hennar við umönnun ungabarns inn á heimili hafi faðir barnsins beðið hana að kíkja aðeins á tölvuskjáinn sinn: „Ég kíkti og var hann þá að horfa á klámmynd. Bað mig um að horfa með sér og spurði hvort ég myndi ekki verða æst yfir þessu” (Yfirlýsing kvenna í heilbrigðiskerfinu, e.d.). Helst var hægt að sjá táknræna áreitni í gegnum skilaboð eða tölvupósta: „Þegar ég fer út í bíl eftir að tókurnar eru búnar sé ég að hann er búin að senda mér sms. Með mynd af typpinu á sér” (Tjaldið fellur, e.d.) Í allveganna einni frásögninni mátti einnig sjá hlutgervingu þar sem væri hægt að vísa til hinnar kynferðislega aðgengilegu konu. Þar var kona áreitt orðbundið og táknrænt í gegnum tölvupóst af lækni:

Eitt kvöld ákvað þessi maður að skrifa mér tölvupóst með nákvæmum lýsingum um hvað hann óskaði að gera við mig og með mér á mjög kynferðislegan hátt. Bréfið sendi hann mér tvisvar sinnum því í fyrra skiptið gleymdi hann að festa viðhengið með, myndir af kynfærum hans annars vegar í slökun og hins vegar í fullri reisn. Honum fannst hann sjálfur "svo vel vaxinn að neðan" að eigin sögn í tölvupóstinum. (Yfirlýsing kvenna í heilbrigðiskerfinu, e.d.)

## **Kynferðisleg hlutgerving**

Ef litið er á birtingarmynd hlutgervingar má sjá að töluvert var um hlutgervingu innan allra fjögurra stéttanna (sjá mynd 1). Mest var hún hjá konum í stjórnámálum. Að jafnaði virðist vera sem svo að við upphaf stjórn málaferils kvenna sé litið á þær á hátt sem vísar til hinnar kynferðislega aðgengilegu konu, eða sem skraut. Það á við hvort sem konurnar séu á lista, í nefndum eða í einhverju öðru tengdu stjórnámálum. Ein kvennanna dregur ekki úr skoðun sinni á þessu viðhorfi: „Eitt sem hefur farið mikið í taugarnar á mér og ég tel hindra eðlilega framgöngu kvenna í stjórnámálum er þessi áhersla á “ungu flottu” konuna” (Í skugga valdsins, e.d.), hún telur þennan titil afar takmarkaðan: „Ég þoli ekki þennan dulda draum fólks um ungu flottu valdakonuna - með aldri kemur viska og gamla vitra konan er síst verri. Held að við brennum frekar út ef okkur en endalaust ýtt fram áður en við rennum út“ (Í skugga valdsins, e.d.). Mikið af frásögnunum innihalda því viðhorf sem má rekja til feðraveldisins.

Hvað varðar þá hlutgervingu sem konurnar sögðu frá, þá kom ítrekað til sögu að verið væri að gera lítið úr getu þeirra með að líkja þeim við litlar stelpur. Frásagnirnar innihéldu einnig lítillækkanir frá karlkyns samstarfsmönnum. Í eitt skipti þegar hjúkrunarfræðingar reyndu að sinna störfum sínum töluðu lækna um að þær væru að leika læknisleik (Yfirlýsing kvenna í heilbrigðiskerfinu, e.d.). Í einni frásögninni segir: „*Það þýðir nú ekkert að senda svona sæta stelpu til að mæla blóðþrýstinginn hjá manni. Hann ríkur bara uppúr öllu valdi*“ (Yfirlýsing kvenna í heilbrigðiskerfinu, e.d.). Önnur segir frá sérfræðilækni sem gerði lítið úr henni fyrir framan sjúkling: „*Dú ert heppinn að hafa svona sæta stelpu að stjarna við þig*“ og *leyfði mér ekki að komast að til að ræða meðferð sjúklingsins*“ (Yfirlýsing kvenna í heilbrigðiskerfinu, e.d.). Þetta er skýrt dæmi um hlutgervingu og kynbundin mismunun þar sem lækna lítur hvorki á hana sem aðila sem er starfi sínu hæf né sem jafningja.

Ef lítið er til kvikmyndagerðar- og sviðslista eru þar einnig dæmi um kynbundna mismunun þar sem lítið er gert úr hæfni kvenna. Ein segir að hún hafi fengið hlutverk vegna þess að sá sem réði hana „*langaði að komast í nærbuxurnar hennar*“ (Tjaldið fellur, e.d.). Ef marka má Farley (1978) þá geta athugasemdir á borð við þessa haft hamlandi áhrif á frama kvenna, þar sem einungis er lítið á þær sem kyntákn. Í frásögnum Tjaldið fellur (e.d.) er einnig að finna dæmi um senur og áheyrnarprufur þar sem farið er út fyrir handrit sem leiðir út í kynferðislega áreitni. Dæmi var um karla sem fóru út fyrir handritið fengu jafnvel hrós á meðan mótleikkonan upplifði að á sér hafi verið brotið. Þarna kemur í ljós önnur birtingarmynd af hlutgervingu þar sem mörk leikkvenna voru ekki virt vegna tillitsleysis mótleikaranna. Í þessum aðstæðum eiga karlar það til að bera það fyrir sig að þeir hafi verið svo mikið í karakter (Tjaldið fellur, e.d.). Langsótt er að ætla að afsaka svona háttsemi með þeim orðum, eins og ein bendir réttilega á: „*Ég spurði hann til baka hvort hann myndi einhvern tímann drepa samleikara sína ef hann þyrfti að leika morðingja. Eða hvort hann myndi í alvöru ræna banka ef hann væri að leika bankaræningja. Fannst þetta alveg jafn ruglað*“ (Tjaldið fellur, e.d.). Að vaða ítrekað yfir mörk leikkvenna, og fá í kjölfarið hrós fyrir, gæti fallið undir þá kenningu um að konur séu að jafnaði kynferðislega aðgengilegar. Það er ein birtingarmynd af feðraveldinu, þar sem konum og körlum er kennt að haga sér á öðruvísi hátt frá unga aldri. Hegðun karlanna er þá tengd við karlmennsku en hegðun kvenna við kvenleika.

Innan frásagna í fluginu má sjá mikla hlutgervingu, bæði frá farþegum og samstarfsmönnum. Ein segir frá farþega sem hlutgerir flugfreyju þegar hún var að fara yfir öryggisreglur við tvo menn sem sátu við neyðarvæng. Þeir virtust ekki áhugasamir og voru að ræða sín á milli útlit hennar og heyrir hún: „*Mjög sexí, heppnir þeir*“ (Lending, e.d.). Annað dæmi er af farþega sem kallar: „*Hey, sæta! Komdu hérna!*“ (Lending, e.d.). Sami farþegi segir

síðan upphátt stuttu síðar: „*Djöfull langar mig að ríða þér*“ (Lending, e.d.). Þessar óviðeigandi athugasemdir til flugfreyja getur verið afleiðing markaðsetningu á starfi þeirra.

### **Líkamleg áreitni**

Hjá konum í heilbrigðisþjónustu var líkamleg áreitni næst algengasta formið af áreitni, eða 34% frásagnanna sem eru 18 frásagnir af 53 (sjá mynd 1). Þá var aðallega verið að fara inn á persónulegt rými og snerta þær á óviðeigandi hátt. Ein nefndi að samstarfsmaður hennar væri umtalaður fyrir slæma hegðun í glasi en hann hafi m.a. dansað utan í ungri samstarfskonu sinni og slefað ofan í hálsmálið á henni (Yfirlýsing kvenna í heilbrigðiskerfinu, e.d.). Önnur segir frá þegar hún var að aðstoða skjólstæðing: „*Þegar ég beygi mig að honum grípur hann þéttingsfast í annað brjóstið mitt og byrjar aftur að fróa sér*“ (Yfirlýsing kvenna í heilbrigðiskerfinu, e.d.). Fleiri sögur er hægt að finna þar sem gripið er um brjóst kvenna:

Ég stóð inn á miðjum Saga class, snéri í raun baki í gangveginn þegar honum fannst við hæfi að koma aftan að mér í annars góðu rými troða höndunum undir hendurnar á mér og klípa mig í bæði brjóstin, mér varð svo illa við að ég snéri mér við og gaf honum á kjaftinn með flötum lófa. (Lending, e.d.)

Þessi líkamlega áreitni gefur skýrt til kynna hina kynferðislega aðgengilegu konu, með komu hennar fylgdi mikil klámvæðing og kemur hún áberandi fram í sögum kvennanna. Stór hluti frásagnanna falla í fleiri en einn flokk eins og kemur fram hér að ofan. Þar má nefna eina frásögn sem inniheldur bæði orðbundna og líkamlega áreitni frá sjúklingi á biðstofu. Sjúklingurinn byrjar að nudda kynfærin sín og stynja. Sú sem sagði frá lét sem hún tæki ekki eftir þessu (Yfirlýsing kvenna í heilbrigðiskerfinu, e.d.). Hann kom þá að henni og sagði „*ah, you like... you and your tight pussy*“ greip í klofið á sér og glotti (Yfirlýsing kvenna í heilbrigðiskerfinu, e.d.).

Líkamleg áreitni á borð við nauðgun eru á meðal frásagnanna. Í einni sögu frá stjórnmalakonu segir frá því að karlmaður hafi nauðgað ungri konu í gleðskap á vegum flokksins: „*Honum var gert að fara úr öllum trúnaðarstörfum á vegum flokksins en af því að hann er “svo duglegur” var hann fljótlega mættur á alla pósta/fundi/viðburði*“ (Í skugga valdsins, e.d.). Þarna sjáum við feðraveldið í bland við reynsluheim kvenna. Innan feðraveldisins er meginreglan sú að karlar séu með yfirráðið sama hvað og að reynsluheimur kvenna lúti í lægra haldi fyrir reynsluheimi karla (Þorgerður, 2004). Með sjónarmiðsfemínisma

væri hægt að kafa dýpra í það af hverju karlinn fái að halda áfram sínum störfum þrátt fyrir að hafa framið alvarlegt brot gagnvart annarri manneskju. Þarna kemur í ljós hið félagslega misrétti sem þrífst innan feðraveldisins og að hagsmunum karla sé frekar gætt, þá á kostnað hagsmuna kvenna (Smith, 1996). Ein kona segir: „Ég er svo svekkt hvað ég var mikill aumingi. Hann biður mig að leggjast í rúmið og ég geri það sem er fáránlegt af mér.“ (Yfirlýsing kvenna í heilbrigðiskerfinu, e.d.), en ekki er óalgennt að konur kenni sjálfum sér um þegar þær verða fyrir kynferðislegri áreitni. Áfram heldur hún: „Strax fór ég að verða reið við mig fyrir að hafa beygt mig niður og að ég hefði ekki átt að vera í þessum kjól sem ég var í.“ (Yfirlýsing kvenna í heilbrigðiskerfinu, e.d.), en rennir frásögn þessi stoð undir það að konur taki oft ábyrgð á þeirri kynferðislegu áreitni sem þær verða fyrir. Hægt er að tengja þetta við klámvæðingu, sem hefur gert ofbeldi gegn konum að einhverju sem telst vera eðlileg hegðun. Það gæti ýtt undir að konur reyni að gera ekki of mikið mál úr þeirri áreitni sem þær verða fyrir. Ein segir frá:

Aftur verð ég hrædda auma stelpa sem þori ekkert að segja né gera. Þarna reynir hann virkilega mikið að ná vilja sínum fram, ég ligg þarna hreyfingarlaus, ég man að ég hugsaði að þetta yrði bara að taka fljótt af, það væri best upp á samstarfið að ég mundi bara láta mig bara hafa þetta. Ég segi ekkert, geri ekkert og upplifi mig eins og ég standi og horfi á mig stjarfa í rúminu. (Yfirlýsing kvenna í heilbrigðiskerfinu, e.d.).

Frásögn þessi á mikið skylt við hugtakið hlýðni, þegar konur gera allt sem þær geta til þess að halda friðinn. Þær eiga það til að gera jafnvel lítið úr upplifun sinni er varðar áreitnina.

### ***Valdamisræmi***

Valdamisræmi var áberandi í frásögnum kvenna í Lendingu og Tjaldið fellur (sjá mynd 1). Ein birtingarmynd valdamisræmis er launamisrétti. Ein segir frá því þegar samstarfsmaður til margra ára brotnaði saman í teiti og opnaði sig um að karlkynsstjórnendur og að leikarar hefðu allir fengið mun hærri laun en konurnar: „Hann sá svo hræðilega mikið eftir því að hafa logið að mér! Hann táraðist og sagðist hafa tekið þátt í leiknum strákanna að borga stelpunum helmingi lægri laun en þeim sjálfum!!! Mér krossbrá og varð illt“ (Tjaldið fellur, e.d.). Þetta rennir stoðum undir að það sem talið er kvenlegt sé minna virði í samfélaginu. Einnig kemur valdamisræmi fram í kynbundinni mismunun þar sem karlkyns samnemandi fékk að aðstoða við aðgerðir á meðan enginn kvenkyns nemandi fékk það:



Ítrekað varð ég vör við að karlkyns samnemanda mínum var boðið að fylgja sjúklingum í aðgerðir og fylgjast með. Hann fékk að taka þátt í ýmsum öðrum verkefnum sem féllu ekki undir okkar starfslýsingu af því að "hann væri svo áhugasamur" og "hann hefði svo gott af því". Það þarf ekki að taka það fram að enginn okkar stelpnanna fékk nokkur tímann að gera neitt af því sem honum bauðst þetta sumarið. (Yfirlýsing kvenna í heilbrigðiskerfinu, e.d.)

Þetta kemur heim og saman við feðraveldið, þar sem konur eiga að sinna ákveðnum störfum sem álitin eru kvenlæg á meðan karlarnir sinna störfum sem talin eru karllæg. Einnig voru frásagnir þess eðlis að karlkyns yfirmaður hafi nýtt sér stöðu sína gagnvart konum, þá sérstaklega ungum og óreyndum. Í einni frásögn kom fram að konur væru druslusmánaðar (e. *slut shamed*) fyrir að sofa hjá giftum manni sem dreifði um þær sögum á meðan engar afleiðingar voru fyrir hann þrátt fyrir framhjáaldið: „*Meðal annars mun hann hafa dreift sögum og hugsanlega einhverju fleiru til kolleganna sem svo deifðu skítinum samvisskusamlega um alla stofnun*” (Yfirlýsing kvenna í heilbrigðiskerfinu, e.d.). Þannig voru þær beittar andlegu ofbeldi vegna valdamisræmis, þar sem hann dreifði um þær sögum sem hafði áhrif á orðspor þeirra en vegna sinnar stöðu varð hann ekki fyrir neinu hnjaski (Yfirlýsing kvenna í heilbrigðiskerfinu, e.d.).

Þegar kemur að birtingarmynd valdamisræmis spilar starfsstaða og aldur stóran þátt í því. Ef einstaklingur er hærra settur en annar einstaklingur, hvort sem það er vegna stöðu sinnar, reynslu eða aldurs, þá hefur hann augljóst vald yfir honum. Sú birtingarmynd var skýr innan flugstéttar, sem og í frásögninni hér fyrir ofan. Innan flugstéttarinnar eru þó nokkrar sögur þar sem flugmenn/stjóri misnota vald sitt. Eða að einstaklingar þori ekki að svara eða veita mótspyrnu vegna valdastöðu þeirra fyrirnefndu:

Maður sem er 30 árum eldri en ég og í yfirmannsstöðu nýtir sér stöðu sína og segir að ég megi taka vinkonu mína með ef hún sefur hjá honum, sjá hvort hún stökkvi ekki bara til. Ég svaraði honum bara að ég myndi bóka miðann en þorði ekki að segja honum hvað mér þætti þetta óviðeigandi þar sem ég vildi ekki skemma möguleikann á því að taka vinkonu mína með í þessa ferð. (Lending, e.d.)

Nánar verður fjallað um valdamisræmi milli flugstjóra og flugfreyja hér á eftir.


### ***Annað***

Athugavert var að innan flokksins „ótilgreint“ voru m.a. tvær konur sem greindu frá því að hafa orðið fyrir eltihrelli. Ein þeirra segir: „*Hann byrjaði að senda mér sms í tíma og ótíma. Elti mig um gangana. Elti mig heim og sendi mér svo bréf heim til mín. Beið eftir mér eftir vaktir því eitthvern veginn komst hann að því hvenær eg var að vinna*“ (Yfirlýsing kvenna í heilbrigðiskerfinu, e.d.). Þrátt fyrir allt sem konur innan heilbrigðisþjónustunnar verða fyrir þá gera þær sér fyllilega grein fyrir því að skjólstæðingar þeirra eru oft á tíðum viðkvæmur hópur. Þær eru því faglegar hvað varðar aðgát og virðingu (Yfirlýsing kvenna í heilbrigðiskerfinu, e.d.). Það réttlætir þó ekki að eins algengt og það virðist vera að í staðinn fyrir að ræða við skjólstæðinga sem áreita eða sýna af sér óviðeigandi hegðun, þá er litið framhjá því vegna stöðu þeirra. Algengt svar þegar konur greina frá kynferðislegri áreitni innan heilbrigðisþjónustu er: „*þú átt eftir að venjast þessu*“ (Yfirlýsing kvenna í heilbrigðiskerfinu, e.d.).

Annað sem sást í flokknum „ótilgreint“ var almenn umræða um áreitni eða þakklætis- og hvatningarorð til þeirra kvenna sem stigið höfðu fram með sínar sögur: „*Takk elsku ungu hugrökku stelpur fyrir að hafa haft hátt og hjálpað mér þannig að leyfa kjarna mínum að tala*“ (Tjaldið fellur, e.d.), „*Finnst gott að það er vakning í þessum málum, takk fyrir þetta framtak, svona framkoma á ekki að lýðast*“ (Í skugga valdsins, e.d.).

### ***Tjaldið fellur***

Þegar sögur kvenna í kvikmyndagerð og sviðslistum eru skoðaðar, kom í ljós að konur í þessari starfstétt verða í miklu mæli fyrir áreitni af hálfu yfir- eða samstarfsmanna (sjá mynd 2). Áreitni yfirmanna var áberandi innan skólakerfisins þar sem kennarar misnota vald sitt gagnvart nemendum. Einnig eiga leikstjórar það til virða ekki mörk leikara sinna til að ná sínu fram. Áreitni samstarfsmanna á sér stað á vinnumarkaði þ.e. í leikhúsum landsins og við tækur á kvikmyndum eða sjónvarpsþáttum.



Mynd 2. Hver er gerandinn innan frásagna í #Tjaldiðfellur

Ef rýnt er nánar í kynferðislega áreitni innan leiklistarnáms, má sjá að þó nokkuð var um frásagnir sem fjölluðu um áreitni innan leiklistarskólanna. Kvikmyndaskólinn og Listaháskóli Íslands komu við sögu í 11 af 62 frásögnum. Þar kom fram að mörk kvenkynsnemenda væru ekki virt og viðhorf væru á margan hátt brengluð þegar kemur að kynlífi og ofbeldi: „*Allan tímann sem á náminu stóð fannst mér ég hins vegar einskis virði*” (Tjaldið fellur, e.d.). Kennarar virðast sumir hverjir vera með brenglaðar hugmyndir er varðar kyn og kynhlutverk: „*Ég ræð aldrei stelpur. Þær fara alltaf að grenja*“ sagði fyrrverandi kennari minn úr Kvikmyndaskólanum við mig þegar ég var 25 ára, nýútskrifuð að sækja um vinnu“ (Tjaldið fellur, e.d.). Einnig kemur fram að kennarar misnoti vald sitt á kynferðislegan máta sem misbjóði nemendum. Sagt er frá því þegar kennari/leikstjóri tók sér það leyfi að afklæða sig og fara inn í senu og upp í rúm þar sem stúlkur voru hálfnaktar (Tjaldið fellur, e.d.). Þar sem kennarar eru valdameiri en nemendur þá misnotar þessi maður vald sitt, enginn treysti sér til þess að segja neitt og eins og ein bendir á: „*Vegna þess að fólk hafði áhyggjur af því að það gæti hugsanlega skemmt fyrir þeim ferilinn því bransinn væri svo lítill*“ (Tjaldið fellur, e.d.). Þessar frásagnir bera vott um feðraveldið, þar sem karlar hafa valdið yfir konunum og kúga þær. Þarna finnst konunum auðveldara að þegja hvað varðar áreitnina, frekar en að standa upp. Það gæti tengst inn á hugtökin hlýðni og styðjandi kvenleika.

Hlutgerving kvenna kemur sömuleiðis skýrt fram þar sem kennarar og leikstjórar leggja áherslu á að stúlkurnar læri að taka því sem hrósi að þær séu alltaf að gefa af sér kynorku: „*Þar sem þær lærðu að taka hlutgervingu sem hrósi og eigin mörkum sem hindrunum og heigulskap*“ (Tjaldið fellur, e.d.). Konum er tilkynnt að ef þær ætla að lifa af í þessum heimi þurfi þær að læra að verða samdauna þeirri menningu sem þrífst innan leiklistarheimsins (Tjaldið fellur,

e.d.). Birtingarmynd kvenna í auglýsingum, kvikmyndum o.fl. er oftast en ekki undirgefni og þær sýndar sem kynverur (Baker, 2005). Í einni frásögn segir stelpa frá því hvernig hún lagði sig alla fram við að sanna sig sem leikkonu og að hún hefði meira fram á að færa en einungis eitthvað af kynferðislegum toga: „*Svo útskrifast maður inn í heim typecasting þar sem einu hlutverkin fyrir ungar konur eru sæta stelpa, krúttlega stelpa og kynbomban, og ef maður vill leika og hafa umboðsmann verður maður að fylgja reglunum*“ (Tjaldid fellur, e.d.).

Kynbundið misrétti á sér einnig stað í frásögnunum. Þar segir frá að framkoma leikstjóra og yfirmanna sé oft óréttlát. Þeir segja hluti við konur sem að öllu jöfnu er ekki sagt við karla, t.d. að þær séu almannagjá, druslur og hórur (Tjaldid fellur, e.d.). Á meðan fá samleikarar hrós á borð við „*það er svo geggjað að hafa fengið þig inn í þáttinn, þú ert svo sjúklega fyndinn*“ (Tjaldid fellur, e.d.).


Eins og sögurnar hér að ofan gefa til kynna er valdamisræmi og hlutgerving vel sjáanleg, þessi viðhorf virðast einnig yfirferast yfir á vinnumarkað og má sjá á mörgum ólíkum vinnustöðum sem konur í sviðslistum og kvikmyndagerð starfa við. Ein birtingarmynd þess er launamisrétti. Frásögn konu þar sem hún talar um að í mörg ár hafi hún fengið lægri laun heldur en karlkynssamstarfsmenn hennar: „*Ég var það ómeðvituð gagnvart hættum kynjahrokans að mér datt ekki annað í hug en að ég fengi þau laun sem mér bar samkvæmt venju. En nei sú var ekki raunin þegar strákarirnir fengu að leika sér fyrir utan settan rammann*“ (Tjaldid fellur, e.d.). Önnur fullyrðir: „*Ég hef fengið 30-40% lægri laun en karlmaður fyrir sömu stöðu*“ (Tjaldid fellur, e.d.). Hlutgerving á vinnumarkaði er ekki öllu ólík því sem gerist innan skólakerfisins: „*Einu sinni þegar ég var leikkona í sýningu greip einn sviðsmaðurinn í pikuna á mér þegar ég var rétt að stíga á svið í stórt atriði þar sem ég var aðal*“ (Tjaldid fellur, e.d.), „*Tækni maðurinn sem kemur aftan að mér seinnipart dags á skrifstofugangi, gripur um bæði brjóst mín og klípur fast*“ (Tjaldid fellur, e.d.). Frásagnirnar hér að ofan gefa til kynna mikla undirskipun kvenna innan sviðslista og kvikmyndagerðar og að mörk kvenna séu óljós:

Þegar ég hugsa til baka um öll þau skipti sem ég hef fengið orðið fyrir einhverju óviðeigandi, verð ég að viðurkenna að ég veit ekki alltaf hvar mörkin liggja. Hvenær "flört" er orðið áreiti og hvað sé innan "leyfilegra" marka og hvað ekki. Ég held að það sé ansi margt innan okkar geira sem jaðrar við línuna og spurning um að leikhúsin sem og aðrir vinnustaðir upplýsi allt sitt starfsfólk um skýra stefnu í þessum málum sem og handhægar upplýsingar um hvaða úrræði starfsmenn

hafi lendi þeir í, eða verða vitni að, einhverskonar áreiti á vinnustað.  
(Tjaldið fellur, e.d.)

### **Lending**

Í 70% tilvika voru yfirmenn gerendur í frásögnum kvenanna (sjá mynd 3) og í mörgum tilfellum var um gifta menn að ræða en það vekur upp þá spurningu hvort að þeir telji þessa hegðun eðlilega fyrir utan starfið.



Mynd 3. Hver er gerandinn innan frásagna í #Lending

Í mörgum tilfellum misnotuðu þeir valdastöðu sína yfir flugfreyjunum og kölluðu þær inn í stjórnklefann til þess eins að áreita þær. Það gat verið orðbundin áreitni í formi persónulegra spurninga um einkalíf þeirra og kynlíf (Lending, e.d.). Flugfreyjur sem höfðu nýlega tekið til starfa virtust verða oftast fyrir áreitni af höndum yfirmanna heldur en þær reynslumeiri. Ein flugfreyjan segir frá því þegar hún var ný byrjuð að fljúga, þá kallaði flugstjórinn hana inn í flugstjórnarklefan. Þegar þangað var komið byrjar flugstjórinn að yfirheyra hana með spurningum á borð við hvort hún sé einhleyp (Lending, e.d.). Þegar hann kemst að því að sú sé raunin þá heldur hann áfram og spyr: „Hvað ég geri þá í sambandi við kynlíf? Allir þurfi nú að fá það annað slagið. Hvort ég mæti stundum með titrara í stopp? Ég reyndi bara að snúa útúr og hlæja, en mér leið virkilega illa eftir þessa yfirheyrslu” (Lending, e.d.). Hún sagði þetta jafnframt ekki vera í fyrsta skipti sem hún hafi þurft að sitja undir sambærilegum yfirheyrslum inni í flugstjórnarklefanum (Lending, e.d.). Önnur flugfreyja hefur

svipaða sögu að segja um fyrsta sumarið hennar í flugi. Þá var hún kölluð inn í flugstjórnarklefan. Þegar þangað er komið gengur flugstjórinn, sem hún hafði aldrei hitt áður, rakleiðis að henni og sleikir á henni eyrað: „*Á meðan á þessu stóð sat flugmaðurinn og horfði á glottandi á í sætinu sínu. Svo hlógu þeir bara*” (Lending, e.d.). Viðbrögð flugmannsins gæti gefið til kynna að honum hafi ekki þótt hegðunin óæskileg. Jafnframt rennir þetta stoðum undir það valdamisræmi sem ríkir á milli flugmanna og flugfreyja. Þrátt fyrir að hluti af konunum hafi þótt slík framkoma óþægileg og beinlínis óvelkomin brugðust þær við með því að hlægja eða segja ekki neitt. Slík hegðun gefur til kynna hlýðni og styðjandi kvenleika þegar kemur að sambandi flugfreyja við karlkyns yfirmenn sína. Áreitni af hálfu karlkyns samstarfsfélaga þeirra virðist vera lævísari en hjá yfirmönnum. Áreitni flugþjónanna fólst frekar í því að nudda „óvart“ kynfærum sínum upp að flugfreyjunum þegar þau mættust á ganginum: „*auk þess sem hann gerði í því að nýta hvert tækfæri til að snerta mig eða strjúka á mér bakið*“ (Lending, e.d.). Samstarfsmenn voru einnig gerendur í mun færri tilfellum en yfirmenn.


Frásagnir kvennanna skýra ekki einungis frá áreitni sem á sér stað um borð í flugvélunum heldur greina sumar þeirra frá því að hafa orðið fyrir áreitni þegar áhöfnin er í hvíldar stoppi erlendis. Svo virðist vera sem að hluti af samstarfsmönnum kvennanna gangi að því vísu að kynlíf standi til boða þegar á hótelið er komið:

Flugstjórinn var þekktur fyrir að fá sér vel neðan í því og var engin undantekning á því í þessu stoppi. Það fór síðan þannig í þessari ferð að mikill tími minn fór í að flýja undan ágangi þessa manns. Fyrsta kvöldið fór ég með honum, ásamt fleirum úr áhöfninni, út að borða og hann var stöðugt með óviðeigandi athugasemdir um útlit mitt og reynandi að snerta mig. Hann hékk svo á hótélherbergishurðinni minni, bankandi og kallandi og viðbrögð mín og samstarfskonu minnar voru þau að reyna að láta sem minnst fyrir okkur fara svo hann héldi að við værum úti. (Lending, e.d.)

Hegðun sem þessi felur í sér hlutgervingu og rennir enn frekar stoðum undir þá hugmynd að flugfreyjur sem starfstétt eigi að vera kynferðislega aðgengileg.

### **Konur í heilbrigðisþjónustu**

Hjá konum í heilbrigðiskerfinu voru þeir sem beittu kynferðislegri áreitni yfirleitt utanaðkomandi aðilar, þ.e. skjólstaðingar eða aðstandendur (sjá mynd 4) sem er frábrugðið hinum 3 stéttunum.



Mynd 4. Hver er gerandinn innan frásagna kvenna í heilbrigðisþjónustu

Svo virðist sem að karlkyns sjúklingar eigi það til að hlutgera kvenkyns heilbrigðisstarfsmenn ef marka má *Me too* frásagnir kvenna innan heilbrigðisstéttarinnar. Eftirfarandi sýnir dæmi um slíkt:

Þvílíkur skutur á þessari, mætti kalla hana skuttogara! Hann átti sem sagt við rassinn á henni. Ég fór að hlæja og aðstandendur fóru að hlæja. Ég vissi ekki betur, ég vissi ekki að ég var þarna hluti af einhverri ógeðslegri menningu þar sem má hlutgera konur. Ég hreinlega vissi ekki að það væri hægt að gera eitthvað annað en að hlæja og spila með. (Yfirlýsing kvenna í heilbrigðiskerfinu, e.d.)

Þessi hlutgerving virðist hafa viðgengist í áraraðir og virðist vera tillölulega viðurkenndur hluti af starfinu: „Þegar við vorum í sloppunum (fyrir síðbuxnatímann) urðum við alltaf að passa að karlkyns sjúklingar næðu ekki að lauma hendi upp undir sloppfaldinn” (Yfirlýsing kvenna í heilbrigðiskerfinu, e.d.). Einnig var dæmi um frásagnir þar sem konurnar höfðu tilkynnt áreitni til yfirmanna en fengu dræm viðbrögð: „Ég fór því til yfirmanns á deildinni og bað um að þurfa ekki að sinna honum. Svarið sem ég fékk frá henni var að hann

væri svona vegna lyfja sem hann væri á og að við ungu hjúkrunarfræðingarnir þyldum ekki neitt” (Yfirlýsing kvenna í heilbrigðiskerfinu, e.d.). Ein segir frá því þegar aðstandandi skjólstæðings verður reiður yfir því að þurfa að yfirgefa deildina yfir nóttina: „*Ofbeldismaður. Hann eltir mig um deildina með hótanir og formælingar*“ (Konur í heilbrigðiskerfinu, e.d.).

Þótt flestar frásagnir greindu frá skjólstæðingum eða aðstandendum sem gerendum einskorðaðist það þó ekki við þann flokk. Einnig voru frásagnir af yfirmönnum eða starfsmönnum sem voru hærra settir í starfi áberandi gerendur í frásögnum (sjá mynd 4). Eins og nefnt var varðandi valdamisræmi hér fyrr og í frásögnum kvenna í Lending, að þá voru ungar konur í sérstökum áhættuhópi að lenda í áreitni: „*Hann er giftur fjölskyldumaður og hefur í síðustu tveimur vinnupartýum valið eina unga samstarfskonu til þess að elta, dansa utan í og slefa ofan í háls málið á þannig að allir nærstaddir hafa tekið eftir*” (Yfirlýsing kvenna í heilbrigðiskerfinu, e.d.). Hátt settir starfsmenn innan heilbrigðiskerfisins gerast líka sekir um kynbundna áreitni þar sem þeir gera lítið úr því sem talið er kvenlegt:


Þá segir vakthafandi sèrfræðilæknirinn, karl, að hjúkrun hafi fyrst og fremst verid hugsjónarstarf og að Florence Nightingale hafi sagt að konur sem ynnu við hjúkrun ættu ekki að þiggja laun, því ættum við hjúkrunarfræðingar bara vera þakklátar með að fá amk eitthvad borgað fyrir vinnuna okkar. (Yfirlýsing kvenna í heilbrigðiskerfinu, e.d.)

Ummæli sem þessi sína hvernig kynjakerfi opinbera sviðsins birtist. Því er viðhaldið með að leggja áherslu á að það sem er kvenlægt sé minna metið en það sem telst karllægt í samfélaginu (Walby, 1991). Litlu máli virðist skipta innan hvaða starfsvettvangs konur í heilbrigðiskerfinu starfa eða hvaða stöðum þær gegna, áreitnin virðist þrífast allstaðar og margar konur sögðust hafa lent oft í áreitni.

### ***Í skugga valdsins***

Þegar farið var yfir hver það var sem beitti konur í stjórnámálum kynferðislegri áreitni voru það yfirleitt samstarfsmenn, eða í 52% tilvika (sjá mynd 5). Einnig eru samflokksmenn og nefndar- og fundarmenn áberandi.





Mynd 5. Hver er gerandinn innan frásagna í #Ískuggavaldsins

Mikil áhersla er lögð á útlit og kynþokka fram yfir vitsmunalega getu kvenna í stjórnámálum. Þar sést aftur birtingarmynd hinnar kynferðislega aðgengilegu konu. Með þessu viðhorfi til kvenna er undirskipun þeirra í stjórnámálum viðhaldið, sem passar við það sem áður hefur verið fjallað um í tengslum við feðraveldið. Undirskipun sem þessi hefur margvíslegar birtingarmyndir eins og sjá má í frásögnum kvennanna. Þar kemur fram að þegar kona er með orðið í ræðustól finni karlmenn sig knúna til að tilkynna þeim að þær séu „rosalega sexy“ (Í skugga valdsins, e.d.), eftir að þær hafa lokið ræðu sinni. Athugasemdir á borð við „Þú ert alltaf svo falleg að ég bara heyri ekkert sem þú segir því ég fer alltaf að hugsa um það“ (Í skugga valdsins, e.d.) „Mikið var gaman að horfa á þig en ég veit ekkert hvað þú sagðir, það er aukaatriði“ (Í skugga valdsins, e.d.) og „Það verður munur þegar þú kemst inn á þing, þá verður eitthvað falleg að horfa á í ræðustól Alþingis“ (Í skugga valdsins, e.d.), eru einnig áberandi innan þessarar starfstéttar. Svo virðist vera sem að samstarfsmenn láti það ekki duga að tala beint við konurnar, ef marka má frásögn einnar konu:

Auk þessa voru það einkaskilaboð á Facebook frá mönnum. Skilaboð sem innihéldu athugasemdir um útlit mitt og framkomu. Þessi skilaboð bárust undantekningalaust um miðjar næstur, oftast um helgar. Símtöl þar sem maður klæddi sig ekki við hæfi. Var ekki í nógu þröngum fötum, hárið ekki í lagi og framkoman auðvitað ... það var varla hægt að tala um það, svo hrikaleg var hún. Þetta voru alltaf símtöl frá karlmönnum. (Í skugga valdsins, e.d.)

Þetta hafði stjórnmalakona að segja þegar hún var að rifja upp upphaf stjórnmaláferils síns:

Þegar ég var í framboði til Alþingis 2009 var ég klipin fast í rassinn af einhverjum fávita sem mætti á opið hús. Ég upplifði það eins og honum fyndist hann mega þetta þar sem ég væri í (fram)boði og ætti að þóknast áhugasömum kjósendum. (Í skugga valdsins, e.d.)

Frásögn sem þessi fellur vel undir skilgreiningu Foucault (1990) um lífvald, þar sem ekkert við kvenlíkamann eða útlit er látið ósnortið. Þetta viðhorf nær ekki einungis til samstarfsmanna, heldur kemur þetta einnig sterkt fram hjá kjósendum. Fleiri dæmi eru að finna í frásögnunum þar sem konum mislíkar framkoma kjósenda. Ef kona er í framboði virðist sú hugmynd að hún sé kynferðislega aðgengileg magnast upp í augum kjósenda:

Í hlutverki pólitíkus og þá sérstaklega í hlutverki frambjóðanda hef ég oft reynt að rétta bara út hendina til að heilsa og sleppa þannig við ofurþétta faðmlögin, þuklið, káfið og kossana. Það er bara ekki í boði. Og alls ekki er í boði að brosa ekki bara og taka þátt í þessu hlutverki sem ég kaus jú sjálf að setja mig í með öllu því sem tilheyrir. (Í skugga valdsins, e.d.)

Konur í stjórnmalum sem eiga fjölskyldu, sér í lagi börn, fá ítrekað athugasemdir á borð við „*hver er eiginlega að hugsa um barnið*” (Í skugga valdsins, e.d.) eða „*hvernig ósköpunum hefurðu tíma fyrir að vera á Alþingi þú átt 4 börn*“ (Í skugga valdsins, e.d.). Einnig fá þær athugasemdir um að þetta starf sé ekki móður sæmandi. „*Aldrei myndi ég leyfa konunni minni þetta*“ (Í skugga valdsins, e.d.) fékk eiginmaður að heyra þegar konan hans var að gefa barni þeirra brjóst á milli funda (Í skugga valdsins, e.d.). Þessar athugasemdir endurspeglast vel í hugmyndinni um kynhlutverk, þar sem umönnun barna er aðallega í höndum móðurinnar. Þær hugmyndir koma frá eðlishyggju, þar sem því er haldið fram að karlkyn og kvenkyn séu ólík af náttúrunnar hendi (Soylo Yalcinkaya, Estrada-Villalta og Adams, 2017), og að konan sé betur hæf í umönnun barna en karlinn. Með aukinni þátttöku kvenna í stjórnmalum hefur samfélagið náð að draga úr hugmyndum um eðlishyggjuna þar sem talið er að konur eigi að sinna heimilinu og börnunum á meðan karlarnir eru úti á vinnumarkaði. Engu að síður sjáum við það t.d. á hlutfalli sitjandi kvenna á Alþingi sem eru ekki nema tæp 40%, að ennþá er töluvert er í land að jafnrétti náist í heim stjórnála (Alþingi, e.d.).

Aftur sjáum við að ungar konur eiga í mestri hættu á að verða fyrir kynferðislegri áreitni og voru ungar stjórnmalakonur sem voru að stíga sín fyrstu skref í pólitíkinni sem höfðu orð á því. Ein segir frá því þegar stjórnmalamaður króar hana af inni í lyftu, káfar á henni og rekur tunguna upp í hana: „*Lyftan stoppar og hann biður mig að koma með inn á hæðina því hann þurfi bara að fá að ríða mér - ég sé búin að stríða honum nógu og lengi*“ (Í skugga valdsins, e.d.). Í annarri frásögn segir kona frá upplifun sinni af ungmennaþingi:

Það er því miður þannig að flestar af ungu konunum sem taka þátt í þessum þingum hafa lent í perraköllum og sumar hafa bara mjög grófar og ógæðslegar sögur. Margar hafa fengið beina hótun um að pólitískur ferill þeirra yrði bara ekki að neinu ef þær væru ekki til í að borga fyrir það einhvernvegin. (Í skugga valdsins, e.d.)

Frásagnir sem þessar renna enn og aftur stoðum undir hugmyndina um hina kynferðislega aðgengilegu konu. Ef þær ætla að viðhalda ferlinum, verða þær að venjast óviðeigandi athugasemdum er snúa að útliti þeirra og kynferðislegum athugasemdum (Í skugga valdsins, e.d.).

## **Samantekt**

Við yfirlestur Me too frásagna þeirra fjögurra starfstétta sem urðu fyrir valinu má sjá að birtingarmyndir kynferðislegs áreitis getur verið mismunandi eftir starfstéttum. Að því sögðu má sjá ákveðinn rauðan þráð út í gegn hjá þeim öllum. Áberandi var að ungar konur sem nýlega höfðu tekið til starfa voru í miklum áhættuhópi að verða fyrir kynferðislegri áreitni. Í þeim tilvikum var algengast að karlmaður misnotaði yfirburða stöðu sína gagnvart konunum, t.d. vegna hærri stöðu í starfi, aldurs eða starfsreynslu. Einnig kemur það skýrt fram að kynbundin mismun á sér stað – það sem er karllægt er talið æðra en það sem er talið kvenlegt. Það sem fellur í verkahring kvenna samkvæmt fyrirfram ákveðnum kynhlutverkum, líkt og móðurhlutverkið, er talið sem ókostur hjá karlkynssamstarfsmönnum þeirra og utanaðkomandi einstaklingum. Annað sem er áberandi innan allra starfstéttanna eru erfiðleikar við það að tilkynna áreitni til yfirmanna. Það sem verra er, að þegar konurnar tilkynntu kynferðislega áreitni mættu þær oft á tíðum algjöru aðgerðarleysi eða þá að áreitnin var gjaldfelld og gert lítið úr upplifun kvennanna. Sumar sögðu frá því að þær hafi grafið sögurnar um kynferðislega áreitni svo djúpt að þær áttu í erfiðleikum með að muna þær. Eins og komið hefur verið inn á,

þá var það þeirra leið til þess að vinna úr þessari reynslu (Yfirlýsing kvenna úr heilbrigðiskerfinu, e.d.).

## 6 Umræður

Markmið þessarar rannsóknar var að athuga hvernig kynferðisleg áreitni birtist innan ákveðinna starfstétta sem stigu fram í kjölfar Me too hreyfingarinnar á Íslandi og sömuleiðis þótti okkur áhugavert að rýna nánar í hvaða tengsl gerendur höfðu við konurnar, þ.e. hvort það væru yfirmenn, samstarfsfélagar eða aðrir. Þar sem einungis fjórar starfstéttir voru skoðaðar í rannsókn þessari er erfitt að alhæfa um þær niðurstöður sem fengust. Einnig er mismunandi hve margar frásagnir hver starfstétt hafði að geyma. Munur á frásagnarstíl á meðal frásagna, þar sem konur ýmist stikluðu á stóru eða fóru vel yfir smáatrið, gæti einnig haft áhrif á

alhæfingargildi rannsóknarinnar. Niðurstöður innihaldsgreiningar benda þó til þess að kynferðisleg áreitni þrífist innan allra starfstéttanna sem skoðaðar voru og þá mest í orðbundu formi.

Upphaflega var ákveðið að hafa þrjá flokka við framkvæmd innihaldsgreiningar, þ.e. orðbundna áreitni, líkamlega áreitni og táknræna áreitni en eins og við höfum nefnt áður kom fljótlega í ljós að það myndi ekki duga. Því var bætt við þremur flokkum til viðbótar sem þóttu áberandi í frásögnum kvennanna, en það voru valdamisræmi, þöggun og hlutgerving. Í frásögnum kvennanna var áberandi að yfirmenn misnotuðu valdastöðu sína þar sem þeir beittu kvenkyns undirmenn sína kynferðislegri áreitni, en það flokkast undir valdamisræmi. Einnig birtist valdamisræmi í aldri, þar sem reyndari og eldri karlkynssamstarfsmenn voru í yfirburðarstöðu gagnvart ungum kvenkynssamstarfsmönnum, sem höfðu nýlega hafið störf. Hvað varðar hlutgervingu, þá virtist sumum gerendum mislíka að starfa við hliðina á konum. Sú birtingarmynd var algengast í frásögnunum frá stjórnsmála konunum. Eins og fram kom í niðurstöðunum voru stjórnsmála konur oft hlutgerðar á þann hátt að gert var lítið úr vitsmunum þeirra. Þeim var einnig óspart hælt fyrir útlit sitt, líkamsvöxt eða klæðnað sem gefur til kynna að karlkyns samstarfsfélagar þeirra hafi frekar lítið á þær sem skrautdúkkur, sem litu vel út á bækling eða lista, heldur en að sjá þær sem greindar konur sem höfðu eitthvað til málanna að leggja.

Innihaldsgreiningin á því hverjir voru gerendur í frásögnum kvennanna leiddu í ljós að í flestum tilvikum var um yfirmenn að ræða, að heilbrigðisstéttinni undanskilinni. Það kom okkur ekki á óvart þar sem valdamisræmi var áberandi í frásögnunum. Það var áberandi hversu hátt hlutfall yfirmanna úr frásögnum úr hópnum #Lending voru gerendur. Það gefur til kynna hversu mikið valdamisræmi ríkir á milli flugfreyja og þeirra sem gegna hærri stöðum. Þá má velta fyrir sér þeirri spurningu hvort að kynferðisleg áreitni sé bein afleiðing valdamisræmis og sömuleiðis kviknar spurningin „*hvers vegna fá konur hljómgrunn núna, en ekki áður?*“. Ef lítið er til þess hversu lengi kynferðisleg áreitni hefur fengið að þrífast óáreitt í samfélaginu, mætti velta því upp hvort það sé vegna þess að feðraveldið og og hin ríkjandi karlmennska hafi alltaf verið til staðar. Í samfélagi þar sem konur eru undirskipaðar körlum að miklu leyti er því ekki skrítið að áreitni hafi fengið að viðgangast í allan þennan tíma. Ef lítið er til sérstaks reynsluheims kvenna (e. *a woman's perspective*) þá snýr það hugtak að því að reynsluheimur kvenna geti verið annar en karla. Þessi kvennamening er ósýnileg og þöggud niður í samfélaginu sem er gegnsýrt af reglum, gildismati og tungumáli karla (Þorgerður, 2004). Þetta gæti einnig tengst inn á það hversu lengi kynferðisleg áreitni hefur fengið að þrífast í samfélaginu á grundvelli þeirrar hugmyndar að reynsluheimur karla endurspegli reynsluheim

alls samfélags. Mögulega hefur það ekki hvarflað að konum verið væri að beita þær kynferðislegri áreitni eða að þær gætu mótmælt slíkri framkomu. Konur gætu allt eins hafa speglað sína reynslu út frá reynslu karla.

Lengi hefur sú hugmyndafræði um að kynin séu í eðli sínu ólík, fengið mikinn hljómgrunn og að svona gangi því hlutirnir fyrir sig. Þær hugmyndir má rekja til eðlishyggiu sem hefur meitlað kynhlutverk í stein í samfélaginu. Annað sem gæti útkýrt að konur séu kynferðislega áreittar er að búist er við því af hinni nútímakonu að vera kynferðislega aðgengileg. Að konur séu kynferðislega aðgengilegar tengist inn á klámvæðingu. Eins og áður hefur komið fram þá er klámvæðing ein birtingarmynd af kynferðislegri áreitni þar sem hún ýtir undir það að konur séu kynferðislega áreittar.

Það að alþjóðleg hreyfing sem þessi hafi fengið eins góðan hljómgrunn í hinu íslenska samfélagi og raun ber vitni mætti mögulega rekja til ungra íslenskra kvenna. Þær hafa ítrekað, undanfarin ár, hafið byltingar þegar þeim finnst illa vegið að sér. Þeim hefur fundist samfélagið illa í stakk búið að takast á við ýmis konar ofbeldismál. Til að bylta rótgrónum hugmyndum af stalli þarf róttækar aðferðir. Það voru því ungar stúlkur í íslensku samfélagi sem höfðu rutt veginn með róttækum byltingum á borð við #freethenipple, sem ögraði feðraveldinu með því að bera brjóst sín á samfélagsmiðlum til að skila skömminni og mótmæla stafrænu ofbeldi. Aðrar byltingar eins og #höfumhátt, #þöggun og #konurtala komu seinna, þar sem stelpur og konur á öllum aldri opnuðu sig inni á lokuðum hópi á Facebook sem kallast *Beauty tips*. Þetta var árið 2015 og svipar þessi bylting mikið til Me too hreyfingarinnar. Í kjölfarið fjölluðu fjölmiðlar um málið sem varð svo umfangsmikið að Reykjavíkurborg stofnaði í kjölfarið ofbeldisvarnarnefnd (Velferðarráðuneytið, 2018).

Þetta sýnir að margt spilar saman sem gæti útskýrt hvers vegna barátta sem þessi hefur ekki fengið betri hljómgrunn fyrr. Innan feðraveldis hefur reynst erfitt fyrir konur að stíga fram með frásagnir er varða kynferðislega áreitni. Þær hafa ekki alltaf haft orkuna til þess að sannfæra aðra um sannleiksgildi þeirra og halda því frekar þögn sinni sem birtist í styðjandi kvenleika við ráðandi karlmennsku. Hingað til hefur ekki verið nóg að konur séu hugrakkar og segi frá kynferðis ofbeldi og erfitt hefur reynst fyrir þær að fara með málin lengra í lagakerfinu. Niðurstöður okkar sýndu mörg dæmi um það að konur höfðu áður greint frá kynferðislegri áreitni en í staðinn fyrir að brotin gagnvart þeim hafi verið viðurkennd mættu þær hörðum viðbrögðum t.d. í formi smánunnar og hótana. Hins vegar hefur Me too hreyfingin gefið konum rödd í krafti fjöldans, en það virðist vera að samfélagið hafi ekki verið í stakk búið að takast á við frásagnir af þessu tagi fyrr. Það virðist því vera ágætis leið að beita róttækum aðgerðum til þess vinna gegn og vekja máls á undirskipun kvenna sem lýsir sér í kynferðislegri áreitni og

ofbeldi.

Nokkur tími er nú liðinn frá upphafi Me too og eru afleiðingar hreyfingarinnar eru enn að koma fram. Ráðist hefur verið í aðgerðir hér á landi, t.a.m. efndu allir flokkar Alþingis til Me too ráðstefnu með yfirskriftinni *#metoo og stjórnmálin*. Þar voru niðurstöður úr evrópski rannsókn á ofbeldi, áreitni og kynjamismunun á þingum víðsvegar í Evrópu til umræðu. Efna á einnig til alþjóðlegrar ráðstefnu í Hörpu þar sem að Me too baráttan verður til umræðu. Þar verða þrjú punktar hafðir að leiðarljósi, Norðurlöndin, af hverju núna? og hvað næst? (*#Metoo moving forward, e.d.*). Það má því segja að mikil vitundarvakning hefur orðið í þjóðfélaginu í kjölfar Me too hreyfingarinnar og mikilvægt er að vinna gegn rótgrónum hugmyndum feðraveldisins með aukinni fræðslu og áframhaldandi umræðu, en það virðist vera að skila árangri ef marka má umræðuna í samfélaginu. Það er áberandi hversu mikil vitundarvakning hefur orðið í kjölfar Me too baráttunnar í þjóðfélaginu hvað varðar kynferðislega og kynbundna áreitni. Samfélagið virðist ekki hafa verið tilbúið að opna augun og viðurkenna vandann fyrr. Með tilkomu Me too varð til vettvangur fyrir sögur af þessum toga. Konur geta nú sagt frá sínum upplifunum úr starfi á sínum eigin forsendum og það er hlustað á þær og tekið mark á þeim. Til að viðhalda þessu er mikilvægt að halda umræðunni á lofti og endurskoða verkferla reglulega. Með aukinni vitundarvakningu og umræðu meðal almennings hafa stórir áfangar náðst, sérstaklega með tilkomu samfélagsmiðla.

Það er von okkar að rannsókn þessi og niðurstöður hennar varpi betra ljósi á hver birtingarmynd kynferðislegrar áreitni gagnvart hluta kvenna sem birtu frásagnir sínar á Kjarnanum sé. Líkt og kom fram áður tók rannsóknin aðeins mið af fjórum starfsstéttum. Áhugavert væri að athuga enn frekar hvernig kynferðisleg áreitni birtist innan vinnustaða kvenna og í hvaða formi til þess að fá nákvæmari mynd af því hversu algengt sé að konur séu áreittar á sínum vinnu stað. Þá vonumst við einnig til þess að niðurstöðurnar er varða valdamisræmi og gerendur verði gagnlegur vinkill í umræðuna í samfélaginu.

## 7 Heimildaskrá

Adams, J. (2005). *The Rule of the Father: Patriarchy and Patrimonialism in Early Modern Europe*.

Í Camic, C., Gorski, P. S. og Trubek, D. M. (ritstjórar), *Max Weber's Economy and Society: A Critical Companion* (bls. 237-266). Stanford, CA: Stanford University Press.

Adams, W. D. (1904) *A dictionary of drama*. London: Chatto and Windus

Alþingi. (e.d.). Konur á Alþingi. Sótt af

<https://www.althingi.is/thingmenn/althingismannatal/konur-a-althingi/kjornar-konur/>

Andersen, M. L. (2006). *Thinking about Women. Sociological perspectives on sex and gender*.

Lasser, J. (ritstjóri). Bandaríkin: Pearson.

Anderson, E. (2011). *Feminist epistemology and philosophy of science*. Sótt af

<http://plato.stanford.edu/entries/feminism-epistemology/>

Andrea Hjálmsdóttir og Arndís Bergsdóttir. (2011). „Þetta var bara svona“ Konur í iðnaði á

Akureyri. Í Ása Guðný Ásgeirsdóttir, Helga Björnsdóttir og Helga Ólafs (ritstjórar),

*Rannsóknir í félagsvísindum XII Félags- og mannvísindadeild* (bls. 30-38). Sótt af

<https://www.researchgate.net/publication/317598311>

Anna Sigurðardóttir. (1985). *Vinna kvenna á Íslandi í 1100 ár*. Reykjavík: Kvennasögusafn

Íslands.

Ardener, S. (1975). *Perceiving Women*. London: Malaby Press.

ASÍ, BHM, BSRB, KÍ, Jafnréttisráð og Jafnréttisstofa. (2018b). *Kynbundin og kynferðisleg áreitni og ofbeldi á vinnustað*. [bæklingur] Sótt af

[https://www.bsrb.is/static/files/Utgefid\\_efni/kynbundin-og-kynferdisleg-areitni-og-ofbeldi-a-vinnustodum-baeklingur.pdf](https://www.bsrb.is/static/files/Utgefid_efni/kynbundin-og-kynferdisleg-areitni-og-ofbeldi-a-vinnustodum-baeklingur.pdf)



ASÍ, BHM, BSRB, KÍ og KRFÍ. (2018a). Samtal við #metoo konur-Hvað getum við gert?. Sótt af [https://www.bhm.is/media/utgafa/samtal-vid-\\_metoo-konur-hvad-getum-vid-gert.pdf](https://www.bhm.is/media/utgafa/samtal-vid-_metoo-konur-hvad-getum-vid-gert.pdf)

Ásta Jóhannsdóttir, Bryndís E. Jóhannsdóttir, Gyða Margrét Pétursdóttir og Kristín Anna Hjálmarsdóttir. (2011). Öðlingurinn 2011: Bergmál kynjakerfis eða persónulegur ávinningur jafnréttis? Í Silja Bára Ómarsdóttir (ritstjóri), *Rannsóknir í félagsvísindum XII, Stjórnmalafraeðideild* (bls. 16-24). Sótt af [https://skemman.is/bitstream/1946/10251/3/Rannsoknir%20%C3%AD%20felagsvisindum%20XII\\_Stjornmalafra%20%C3%A6dideild.pdf](https://skemman.is/bitstream/1946/10251/3/Rannsoknir%20%C3%AD%20felagsvisindum%20XII_Stjornmalafra%20%C3%A6dideild.pdf)

Ásta Jóhannsdóttir og Kristín Anna Hjálmarsdóttir. (2011). *Skaðleg karlmennska? Greining á bókinni Mannasiðir Gillz. Netla – Veftímarit um uppeldi og menntun*. Sótt af <http://netla.hi.is/greinar/2011/alm/005/005.pdf>

Baker, C. N. (2005). Images of women's sexuality in advertisements: A content analysis of Black- and White-oriented women's and men's magazines. *Sex Roles*, 52, 13–27.

Bandalag Háskólamanna. (2018, 9. mars). Launamunur milli kynja dregst saman. Sótt af <https://www.bhm.is/frettir/oskyrdur-launamunur-milli-kynja-dregst-saman-her-a-landi>

Bar On, B. (1993). Marginality and Epistemic Privilege. Í Alcoff, L. og Potter, E. (ritstjórar), *Feminist Epistemologies* (bls. 83-100). Routledge

Bartky, S. L. (1998). Foucault, femininity, and the modernization of patriarchal power. Í Weitz, R. (ritstjóri), *The politics of women's bodies: Sexuality, appearance and behavior* (bls. 25-45) New York og Oxford: Oxford University Press.

Bauer, M. W. og Gaskell, G. (2000). *Qualitative Researching with Text, Image and Sound*. London: SAGE Publications.

- Bára Huld Beck. (2017, 15. Desember). Tími þagnarinnar liðinn - sögurnar allar. Kjarninn. Sótt af <https://kjarninn.is/skyring/2017-12-11-konur-islandi-segja-fra-kynferdisofbeldi-areitni-og-kynbundinni-mismunun-sogurnar-allar/>
- Beauvoir, S. (1989). *The second sex*. (Fyrst gefin út 1949). New York: Vintage Books.
- Beechey, V. (1979). On Patriarchy. *Feminist Review*, 3, 66-82. doi:10.2307/1394710
- Bem, S. L. (1993). *The Lenses of Gender*. Connecticut: Yale University Press.
- Björg Einarsdóttir. (1986). *Úr ævi og starfi íslenskra kvenna II*. Reykjavík: Bóktún.
- Bordo, S. (1993). Feminism, Foucault and the politics of the Body. Í Ramazanoglu, C. (ritstjóri), *Up against Foucault: Explorations of some tensions between foucault and feminism* (bls. 179-202) London: Routledge.
- Bourdieu, P. (2000). *Masculine domination*. (Nice, R. þýddi). Cambridge: Polity Press. (Upphaflega gefið út árið 1998.)
- Butler, J. (1986). Sex and Gender in Simone de Beauvoir's Second Sex. *Yale French Studies*, 72, 35-49.
- Butler, J. (1990). *Gender Trouble: Feminism and the Subversion of Identity*. New York og London: Routledge.
- Călin, A. (2012). Gender Roles and Cooperative Behaviour. *Challenges of the Knowledge Society*, 2, 1894-1899.
- Charles, D. (2002). *Aristotle on Meaning and Essence*. England: Oxford University Press.
- Chiwengo, N. (2003). Otherness and Female Identities: Simone de Beauvoir's The Second Sex. *Journal of French and Francophone Philosophy*, 13(1), 167-176. doi:10.5195/jffp.2003.445

- Cobb, S. og Horeck, T. (2018). Post Weinstein: gendered power and harassment in the media industries. *Feminist media studies*, 18(3), 489-508. doi:10.1080/14680777.2018.1456155
- Connell, R. W. (1987). *Gender and power: Society, the person and sexual politics*. Stanford, California: Stanford University Press
- Connell, R. W. (2005). *Masculinities* (2. útgáfa). Cambridge: Polity Press.
- Douglas, D. G. (1940) *American Women and Flight since 1940* (Lexington KY, 2004), 30–6.
- Dunne, G. A. (1999). A Passion for ‘Sameness’? Sexuality and Gender Accountability. Í Silva, E. B. og Smart, C. (ritstjórar), *The New Family?* London: Sage.
- Eccels, J. S. (1987). Gender Roles and Women’s Achievement-Related Decisions. *Psychology of Women Quarterly*, 11, 135-172.
- Einhorn, B. (1993). *Cinderella Goes to Market: Citizenship, Gender and Womens Movements in East Central Europe*. London og New York: Verso.
- Elín Pálsdóttir Flygenring. (1985). Lög og aðrar réttarheimildir er varða konur. Í Jónína Margrét Guðnadóttir (ritstjóri). *Konur hvað nú? Staða íslenskra kvenna í kjölfar kvennaárs og kvennaáratugar Sameinuðu þjóðanna 1975-1985* (bls. 29-48). Reykjavík: ‘85-nefndin, samstarfsnefnd í lok kvennaáratugar S.Þ. og Jafnréttisráð.
- Engels, F. (1942). *The origin of the Family, Private Property, and the State* (West, A. þýddi). New York: International Publishers. (frumútgáfa 1884).
- Farley, L. (1978). *Sexual shakedown: The sexual harassment of women on the job*. New York: McGraw Hill.
- Foucault, M. (1995). *Discipline and Punish: The Birth of the Prison* (Alan Sheridan þýddi). New York: Vintage Books. (Upphaflega gefið út 1977).

- Foucault, M. (1998). *The History of Sexuality: The Will to Knowledge*. London: Penguin.
- Foucault, M. (1990) *The History of Sexuality, Vol. 1: An Introduction*. New York: Vintage
- Fredrickson, B. L. og Roberts, T. (1997). Objectification theory: Toward understanding women's lived experiences and mental health risks. *Psychology of women quarterly*, 21(2), 173-206. doi:10.1111/j.1471-6402.1997.tb00108
- Gaunt, R. (2006). Biological Essentialism, Gender Ideologies, and Role Attitudes: What Determines Parents' Involvement in Child Care. *Sex Roles*, 55, 523-533. doi:10.1007/s11199-006-9105-0
- Gelman, S. A. (2003). *The Essential Child*. England: Oxford University Press.
- Gerður Róbertsdóttir. (2017). *Nútímavæðing kvenleikans? Viðhorf kvenna til jafnréttismála 1960-1969* (Ritgerð til M.A. prófs í sögukennslu). Háskóli Íslands, Reykjavík.
- Giddens, A. og Sutton, P.W. (2013). *Sociology* (7. útgáfa). United Kingdom: Polity Press.
- Guðlaug J. Sturludóttir og Steinunn Gestsdóttir (1996). *Könnun á ofbeldi gagnvart starfsfólki innan heilbrigðis- og félagslega kerfisins*. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands. [Skýrsla].
- Guðný Gústafsdóttir. (2012, 11. október). Er femínismi það sama og kvenfrelsi? Vísindavefur Háskóla Íslands. Sótt af <http://www.visindavefur.is/svar.php?id=60798>
- Guðný Gústafsdóttir. (2009). *Vaðmál og netsokkar: Kyngervi kvenna í hnattvæddum heimi* (M.A. ritgerð). Háskóli Íslands, Reykjavík.
- Guðrún Guðmundsdóttir. (1985). Atvinna og laun kvenna. Í Jónína Margrét Guðnadóttir (ritstjóri). *Konur hvað nú? Staða íslenskra kvenna í kjölfar kvennaárs og kvennaáratugar Sameinuðu*

*Þjóðanna 1975-1985* (bls. 77-116). Reykjavík: '85-nefndin, samstarfsnefnd í lok kvennaáratugar S.Þ. og Jafnréttisráð.

Guðrún Helga Sigurðardóttir (1999, 20. maí). Reglur eru nauðsynlegar. *Dagur*, bls. 19.

Gunnar Karlsson. (2004). *Um kvenréttindavilja íslenskra sveitakarla á 19.öld.* Í Irma Erlingsdóttir (ritstjóri), *Fléttur II Kynjafræði - Kortlagningar* (bls. 127-147). Reykjavík: Rannsóknarstofa í kvenna og kynjafræðum.

Gyða Margrét Pétursdóttir. (2012). Styðjandi og mengandi kvenleiki innan áru kynjajafnréttis. *Íslenska Þjóðfélagið*, 3, 5-15. Sótt af <http://www.thjodfelagid.is/index.php/Th/article/view/35/pdf>

Grace, P. (1991) First among women. *The BJM*, 303, 1582-1583. doi:10.1136/bmj.303.6817.1582

Hagstofa Íslands. (2019, 8.mars). Meðalatvinnutekjur karla hærri en tekjur kvenna með sömu menntun. Sótt af <https://hagstofa.is/utgafur/frettasafn/felagsmal/konur-og-karlar-a-islandi-2019/>

Hakim, C. (2006). Women, careers and work-life preferences. *British journal of guidance and counselling*, 34(3), 279-294. doi:10.1080/03069880600769118

Harding, S. (1996). Rethinking standpoint epistemology: What is strong objectivity? Í Keller, E. F. og Longino, H. E. (ritstjórar), *Feminism and Science* (bls. 235-247). Oxford: Oxford University Press.

Hartmann, H. (1976). Capitalism, Patriarchy, and Job Segregation by Sex. *Signs: Journal of Women in Culture and Society*, 1(3), 137-169. doi:10.1086/493283

- Heflick, N.A., Goldenberg, J.L., Cooper, D.P. og Puvia, E. (2011). From women to objects: Appearance focus, target gender, and perceptions of warmth, morality and competence. *Journal of experimental social psychology*, 47(3), 572-581. doi:10.1016/j.jesp.2010.12.020
- Herdís Helgadóttir. (2001). *Úr fjötrum: Íslenskar konur og erlendir her*. Reykjavík: Mál og menning.
- Herdís Sveinsdóttir, Hólmfríður K. Gunnarsdóttir og Hildur Friðriksdóttir. (2003). *Heilsufar, liðan og vinnuumhverfi flugfreyja*. (Ritröð í hjúkrunarfræði 2 (3)). Reykjavík: Rannsóknarstofnun í hjúkrunarfræði Háskóla Íslands.
- Hochschild, A. R. (1983). *The Managed Heart: Commercialization of Human Feeling*. Berkeley: University of California Press.
- Ingibjörg Dögg Kjartansdóttir. (2019, 29. Janúar). Hvernig þaggað var niður í þolendum. *Stundin*. Sótt af <https://stundin.is/grein/8305/>
- Ingólfur V. Gíslason. (1994). *Bjarmi nýrrar tíðar. Saga Iðju, félags verksmiðjufólks, í 60 ár*. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.
- Í skugga valdsins. (e.d.). Sögur frá konum í stjórnámálum. Sótt af <https://kjarninn.overcastcdn.com/documents/Sogur.pdf>
- Just be inc. (2013). Metoo: the movement. Sótt af <https://justbeinc.wixsite.com/justbeinc/the-metoo-movement-c7cf>
- Jones, A. (ritstjóri). (2003). *The Feminism and Visual Culture Reader*. London og New York: Routledge.
- Jones, C. P. (2018). #Metoo against racism. *Journal of human lactation*, 34(2), 232-232. doi:10.1177/0890334418759963

- Katrín Björg Ríkarðsdóttir og Ingólfur Ásgeir Jóhannesson. (2012). Er hægt að bjóða kynjakerfinu birginn? Reynsla átta kvenna af smíðum og tölvunarfræði. *Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun*. Sótt af <http://netla.hi.is/greinar/2012/ryn/010.pdf>
- Kantor, J. og Twohey, M. (2017, 5. október). Harvey Weinstein paid of sexual harassment accusers for decades. Sótt af <https://www.nytimes.com/2017/10/05/us/harvey-weinstein-harassment-allegations.html>
- Keltner, D. (2016). *The Power Paradox: How We Gain and Lose Influence*. Bandaríkin og Bretland: Penguin Press.
- Keltner, D. (2007). The Power Paradox. *Greater Good Magazine*. Sótt af: [https://greatergood.berkeley.edu/article/item/power\\_paradox](https://greatergood.berkeley.edu/article/item/power_paradox)
- Kim, S. (2016, 31. mars). Unusual flight attendant requirements: the good, the bad and the beautiful. *The Telegraph*. Sótt af <https://www.telegraph.co.uk/travel/news/unusual-flight-attendant-requirements-the-good-the-bad-the-beautiful/>
- Kolbeinn H. Stefánsson. (2008). Kynhlutverk. Viðhorf til kynbundinnar verkaskiptingar. Sótt af [http://thjodmalastofnun.hi.is/sites/thjodmalastofnun.hi.is/files/skrar/kynjavidhorf\\_-\\_workingpaper.pdf](http://thjodmalastofnun.hi.is/sites/thjodmalastofnun.hi.is/files/skrar/kynjavidhorf_-_workingpaper.pdf)
- Kolm, S. (2003) „Who Says It's a Man's World?“ The Airplane in American Culture. By Dominick Pisano. Ann Arbor: University of Michigan, 150-51.
- Kondracki, N.L., Wellman, N.S. og Amundson, D.R. (2002). Content Analysis: Review of Methods and Their Applications in Nutrition Education. *Journal of Nutrition Education and Behavior*, 34(4), 224-230. doi:10.1016/S1499-4046(06)60097-3

- Kramarae, C. (2005). Muted group Theory and communication: *Asking dangerous questions*.  
*Urbana: Organization for the Study of Communication Language and Gender*, 28(2), bls. 58.
- Krippendorff, K. (2004). *Content analysis: An introduction to its methodology* (2. útgáfa).  
California: Sage Publications.
- Kynferðisleg áreitni snertir ekki bara konur. (1999, 23. maí). *Morgunblaðið*, bls. 24.
- Könnun um kynferðislega áreitni á vinnustöðum: viðmið þolandans ræður. (1996, 8. mars).  
*Alþýðublaðið*, bls. 5.
- Lauzen, M. M. (2019). The celluloid ceiling: Behind-the-scenes employment of women on the top  
100, 250, and 500 films of 2018. Sótt af: [https://womenintvfilm.sdsu.edu/wp-content/uploads/2018/01/2017\\_Celluloid\\_Ceiling\\_Report.pdf](https://womenintvfilm.sdsu.edu/wp-content/uploads/2018/01/2017_Celluloid_Ceiling_Report.pdf)
- Lending. (e.d.). #metoo. Sótt af [https://kjarninn.overcastcdn.com/documents/Sogur\\_ur\\_flugi.pdf](https://kjarninn.overcastcdn.com/documents/Sogur_ur_flugi.pdf)
- Levy, A. (2006). *Female Chauvinist Pigs, Women and the Rise of Raunch Culture*. Berkshire, Great  
Birtain: Cox & Wyman Ltd, Reading. (Upphaflega gefin út 2005).
- Lindsey, L. L. (1994). *Gender Roles*. Bandaríkin: Prentice-Hall Inc.
- Lindsey, L. L. (2016). *Gender Roles: A Socioloical Perspective*. (6. Útgáfa). London og New York:  
Routledge.
- Lyth, P. (2009). „Think of her as your mother“: Airline advertising and the stewardess in America,  
1930-1980. *Journal of Transport History* 30 (1), 1-21. doi:10.7227/TJTH.30.1.3.
- Lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum nr. 46/1980
- Lög um heilbrigðisstarfsmenn nr. 34/2012
- Lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 96/2000



Lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008

Mackay, F. (2015). Radical Feminism. *Theory, Culture & Society*, 32(7-8), 332-336.

doi:10.1177/0263276415616682

Margrét Guðmundsdóttir. (2000). Landnám kvennasögunnar á Íslandi. *Saga Tímarit Sögufélags*, XXXVIII, 229-247.

Market and media research. (2018, 13. ágúst). Jákvæðni í garð #Metoo umræðunnar. Sótt af <https://mmr.is/frettir/birtar-nieurstoeur/698-jakvaedhni-i-gardh-metoo-umraedhunnar>

Martinoska, A. (2012). Blame it on the patriarchy! (Gender as identity in Macedonian culture).

*Култура/Culture*, 3, 101-119.

Mathison, M. og Striney, M. (1997). The complicity of essentializing difference. Complicity as epistemology: reinscribing the historical categories of „woman“ through standpoint feminism.

*Communication theory*, 7(2), 149-161, 178-185.

McLaughlin, H., Uggen, C. og Blackstone, A. (2012). Sexual Harassment, Workplace Authority, and the Paradox of Power. *American Sociological Review*, 77(4), 625-647.

doi:10.1177/0003122412451728

Mearhoff, S. (2018, 21. febrúar). #Metoo: Fight against workplace sexual harrassment began at Cornell in 1975. *Ithaca journal*. Sótt af

<https://eu.ithacajournal.com/story/news/local/2018/02/21/metoo-fight-against-workplace-sexual-harrassment-began-cornell-1975/347388002/>

Mendes, K., Ringrose, J. og Keller, J. (2018). #Metoo and the promise and pitfalls of challenging rape culture through digital feminist activism. *European journal of women's studies*, 25(2),

236-246. doi:10.1177/1350506818765318

- Mennta- og menningarmálaráðuneytið (2010). *Kynungabók*. Reykjavík: Höfundur. Sótt af [https://www.menntamalaraduneyti.is/media/MRN-pdf-namskrar/Kynungabok\\_2010.pdf](https://www.menntamalaraduneyti.is/media/MRN-pdf-namskrar/Kynungabok_2010.pdf)
- #Metoo moving forward. (e.d.). Ráðstefnulýsing. Sótt af <https://metoo.is/radstefnulysing>
- Mill, J. S. (1997/1869). *Kúgun kvenna*. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.
- Moi, Toril. (2006). „I Am Not a Feminist, But ...“: How Feminism Became the F-Word. *PMLA*, 121(5), 1735-1741. Doi:10.1632/pmla.2006.121.5.1735
- Newman, C. J., Fogarty, L., Makoe, L. N. og Reavely, E. (2011). Occupational segregation, gender essentialism and male primacy as major barriers to equity in HIV/AIDS caregiving: Findings from Lesotho. *International Journal for Equity in Health*, 10(24). doi:10.1186/1475-9276-10-24.
- Neziroski, L. (2003). *Theories of media*. Sótt af <http://csmt.uchicago.edu/glossary2004/narrativelyricdrama.htm>
- Noer, F. (2016). The Effects of Patriarchy System on Women Condition in the Novel of the Tenant of Wildfell Hall. *Lingua Scientia*, 8(2), 225-250.
- Nussbaum, M. C. (1992). Human functioning and social justice: In defence of Aristotelian essentialism. *Political Theory*, 20(2), bls. 202-237.
- Pateman, C. (1989). *The Disorder of Women*. Marston Oxfordshire UK: Lindsay Ross International Ltd.
- Pease, B. (2017). *Men as Allies in Preventing Violence: Principles and Practices for Promoting Accountability*. New York: Center for the Study of Men and Masculinity – Brook University.
- Peña-Guzmán, D. M. (2016). Beauvoir's Reading of Biology in The Second Sex. *Journal of French and Francophone Philosophy*, XXIV(2), 259-285.

Pew research center. (2018, 11. október). The #Metoo hastag has been used roughly 19 million times on Twitter in the past year, and usage often surges around news events. Sótt af [https://www.pewresearch.org/fact-tank/2018/10/11/how-social-media-users-have-discussed-sexual-harassment-since-metoo-went-viral/ft\\_1810-11\\_metooanniversary\\_hashtag-used-19m\\_times/](https://www.pewresearch.org/fact-tank/2018/10/11/how-social-media-users-have-discussed-sexual-harassment-since-metoo-went-viral/ft_1810-11_metooanniversary_hashtag-used-19m_times/)

Rannveig Jónsdóttir. (2011). Takmarkið var jafnrétti í reynd. Í Olga Guðrún Árnadóttir (ritstjóri), *Á rauðum sokkum: baráttukonur segja frá*. Reykjavík: Háskólaútgáfa Rannsóknastofa í kvenna- og kynjafræðum.

Reglugerð um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi á vinnustöðum, nr.1009/2015

Reynir Traustason. (2016, 2. Mars). Gamla fréttin: málið kostaði tvö biskupa embættin. *Stundin*. Sótt af <https://stundin.is/frett/gamla-frettin-malid-kostadi-tvo-biskupa-embattin/>

Rhode, D. L. (1995). Media images, feminist issues. *Signs*, 20(3), bls. 685-710. Chicago: University of Chicago Press.

Ridgeway, C. L. og Corell, S. J. (2004). Unpacking the gender system: A Theoretical Perspective on Gender Beliefs and Social Relations. *Gender and Society*, 18, 510--531.

Riley, S. (2001). Maintaining Power: Male Constructions of „Feminist“ and „Feminist Values“. *Feminist & Psychology*, 11(1), 55-78.

Rubin, G. (1975). The traffic in women: notes on the „eolitical economy“ of sex. Í Riter, R. R. (ritstjóri), *Toward an Antropology of Women* (bls. 157-210). New York og London: Monthly Review Press.

- Schippers, M. (2007). Recovering the feminine other: Masculinity, femininity, and gender hegemony. *Theory, Culture & Society*, 36, 85-102.
- Scott, J. W. (1999). *Gender and the Politics of History*. Í Heilbrun, C. G. og Miller, N. K. (ritstjórar). New York: Columbia University Press. (Upphaflega gefin út 1988).
- Shugerman, E. (2017, 17. október). Me Too: Why are women sharing stories of sexual assault and how did it start?. Sótt af <https://www.independent.co.uk/news/world/americas/me-too-facebook-hashtag-why-when-meaning-sexual-harassment-rape-stories-explained-a8005936.html>
- Siegel, R. B. (2003). A Short History of Sexual Harassment. Í MacKinnon, C. A. og Siegel, R. B. (ritstjórar), *Directions in Sexual Harassment Law* (bls. 1-39). New Haven: Yale University Press.
- Sigríður K. Þorgrímsdóttir. (2002). Hinn þröngi hringur: Umræðan um hlutverk og eðli kynjanna um aldamótin 1900. Í Erla Hulda Halldórsdóttir (ritstjóri). 2. *íslenska sögubíngið. Ráðstefnurit I* (bls. 54-63). Ráðstefnurit 1. Reykjavík: Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands, Sagnfræðingafélag Íslands, Sögufélag.
- Sigríður Þorgeirsdóttir. (2001). *Kvenna megin: Ritgerðir um femíníska heimspeki*. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.
- Smidt, T. B. (2012). Klámvæðing er kynferðisleg áreitni (Hildur Lilliendahl þýddi) [bæklingur]. Reykjavík: Mannréttindaskrifstofa Reykjavíkurborgar og MARK – Miðstöð margbreytileika og kynjarannsóknna við Háskóla Íslands.
- Smith, D. (1996). Women's Perspective as a Radical Critique of Sociology. *Sociological Inquiry*, 44(1), 7-13.

- Soylo Yalcinkaya, N., Estrada-Villalta, S. og Adams, G. (2017). The (Biological or Cultural) Essence of Essentialism: Implications for Policy Support among Dominant and Subordinated Groups. *Frontiers in Psychology*, 8(900). doi:10.3389/fpsyg.2017.00900
- Spiess, L. og Waring, P. (2005). *Aesthetic labour, cost minimisation and the labour process in the Asia Pacific airline industry*. *Employee Relations*, 27(2), 193-207. doi:10.1108/01425450510572702
- Steinunn Rögnvaldsdóttir. (2015). Kynferðisleg áreitni gagnvart starfsfólki í þjónustustörfum. Rannsókn á upplifun starfsfólks á kynferðislegri áreitni á vinnustað. Sótt af [http://www.sgs.is/wp-content/uploads/2017/11/Skýrsla\\_03062015\\_loka.pdf](http://www.sgs.is/wp-content/uploads/2017/11/Skýrsla_03062015_loka.pdf)
- Stjórnarráð Íslands. (e.d.). Aðgerðarhópur í því skyni að vinna gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi á vinnustöðum. Sótt af <https://www.stjornarradid.is/default.aspx?pageid=d562b285-9ab2-11e6-9409-005056bc4d74&itemid=319a156e-aacc-11e8-942a-005056bc4d74>
- Sultana, A. (2012). Patriarchy and Women's Subordination: A Theoretical Analysis. *Arts Faculty Journal*, 4, 1-18. doi:10.3329/afj.v4i0.12929
- Szymanski, D.M og Henning, S.L. (2007). The role of self-objectification in women's depression: a test of objectification theory. *Sex roles*, 56(1-2), 45-53. doi:10.1007/s11199-006-9147-3.
- Sørensen, A. D. (2003). Pornography and Gender in Mass Culture. Nordic Gender Institute. Sótt af <http://www.nikk.no/Pornography+and+Gender+in+Mass+Culture.9UFRvW2P.ips>
- Tjaldrið fellur. (e.d.). Um kynbundna áreitni, ofbeldi og mismunun í íslenskum sviðslistum og kvikmyndagerð. Sótt af [https://kjarninn.overcastcdn.com/documents/Frasagnir\\_kvenna\\_i\\_kvikmyndager%C3%B0\\_og\\_svi%C3%B0slistum.docx.pdf](https://kjarninn.overcastcdn.com/documents/Frasagnir_kvenna_i_kvikmyndager%C3%B0_og_svi%C3%B0slistum.docx.pdf)

Til forystu samtaka launafólks. (e.d.). Konur í verkalýðshreyfingunni. Sótt af [https://kjarninn.overcastcdn.com/documents/Til\\_forystu\\_samtaka\\_launafolks.pdf](https://kjarninn.overcastcdn.com/documents/Til_forystu_samtaka_launafolks.pdf)

Twenge, J. M. og Zucker, A. N. (1999). What is a feminist? *Psychology of Women Quarterly*, 23(3), bls. 591-605). Bandaríkin: Cambridge University Press.

UNESCO. (2000). *Gender Sensitivity*. Sótt af <https://unesdoc.unesco.org/ark:/48223/pf0000130428>

UN Women. (2010). Stefnumót við stjórnmalaflokka – Launamisrétti kynjanna. Sótt af <https://unwomen.is/stefnumot-vid-stjornmalaflokka-launamisretti-kynjanna/?fbclid=IwAR0Ikkjt8vPN1pYLGCo4xWZmQJBy628EN30wYqll3iZ36iuvGE93OUQjmeE>

Urður Gunnarsdóttir. (1991, 3. nóvember). Rétturinn til að segja NEI. *Morgunblaðið*, bls. 10-13.

Valgerður Jóhannsdóttir og Þorgerður Einarsdóttir. (2015). Gender Bias in the Media: The Case of Iceland. *Stjórnmal og stjórnsýsla*, 2(11), 207-230. doi:10.13177/irpa.a.2015.11.2.5

Velferðarráðaneytið. (2018). *Skýrsla félags- og jafnréttismálaráðherra um stöðu og þróun jafnréttismála 2015–2017*. Sótt <https://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=33cbc9c1-217e-11e8-9429-005056bc530c> <https://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=33cbc9c1-217e-11e8-9429-005056bc530c>

Vísindasamfélagið. (e.d.). Konur í vísindum. Sótt af [https://kjarninn.overcastcdn.com/documents/Konur\\_i\\_visindum\\_yfirlýsing.pdf](https://kjarninn.overcastcdn.com/documents/Konur_i_visindum_yfirlýsing.pdf)

Yfirlýsing kvenna í heilbrigðiskerfinu. (e.d.). #Metoo sögur kvenna í heilbrigðiskerfinu. Sótt af [https://kjarninn.overcastcdn.com/documents/Yfirlýsing\\_sogur\\_og\\_undirskriftir\\_fra\\_konum\\_i\\_heilbrig%C3%B0iskerfinu.pdf](https://kjarninn.overcastcdn.com/documents/Yfirlýsing_sogur_og_undirskriftir_fra_konum_i_heilbrig%C3%B0iskerfinu.pdf)

Þingskjal nr. 629/2017-2018. Tillaga til þingsályktun um breytingu á þingsályktun nr. 23/145, um siðareglur fyrir alþingismenn.

Þingskjal nr. 1100/2017-2018. Þingsályktun um breytingu á þingsályktun nr. 23/145, um siðareglur fyrir alþingismenn.

Þjóðviljinn. (1940). Brezkir hermenn áreita íslenzkar stúlkur. *Þjóðviljinn*, V(119), 2.

Þorbjörn Broddason. (2011). Hver var Max Weber og hvert var framlag hans til félagsvísinda? Sótt af: <http://visindavefur.is/svar.php?id=7598>.

Þorgerður Einarsdóttir (2004). Hið vísindalega er pólitískt. Femínismi sem fræðikenning andófs og baráttu. Í Þóroddur Bjarnason og Helgi Gunnlaugsson (ritstjórar), *Íslensk félagsfræði. Landnám alþjóðlegrar fræðigreinar* (bls. 200-225). Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Þorgerður Einarsdóttir. (2006). Kynjakerfið: Úrelding í auglýsingu eða viðarvarandi kynjahalli. Í Úlfar Hauksson (ritstjóri), *Rannsóknir í félagsvísindum VII* (bls. 445-456). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.

Þorgerður Einarsdóttir og Guðbjörg Lilja Hjartardóttir. (2009). Kynjaskekkja í stjórnámálum: Breytingar og áhrifaþættir. *Stjórnámál og stjórnsýsla*, 1(5), 5-25.

Þóra Kristín Ásgeirsdóttir. (1996, 21. mars). Hátt í 40 prósent kvenna hafa orðið fyrir kynferðislegri áreitni. *Helgarpósturinn*, bls. 6-7.

- Zarkov, D. og Davis, K. (2018). Ambiguities and dilemmas around #Metoo: #ForHow Long and #WhereTo?. *European journal of women's studies*. 25(1). 3-9.  
doi:10.1177/1350506817749436
- Zippel, K. S. (2006). *The Politics of Sexual Harassment. A Comparative Study of the United States, the European Union, and Germany*. Bretland: Cambridge.
- Walby, S. (1990). *Theorizing Patriarchy*. Oxford: Blackwell.
- Welch, P. (2001). *Strands of Feminist Theory*. UK :Women's Studies, University of Wolverhampton.
- Wolf, N. (2002). *The Beauty Myth – How Images of Beauty Are Used Against Women*, New York: Harper Perennial. (Upphaflega gefin út 1991).
- World Economic Forum. (2017). *The Global Gender Gap Report*. Sviss: höfundur.